NÁM Í RAFMAGNSVERKFRÆÐI

*Ekki bara fyrir nörda*

Nám Ferðir Bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



HILMAR BJÖRNSSON

*Sýn með nýjan raunveruleikaþátt*

Leita að fimmtán íslenskum nördum

FÓLK 39








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. mars 2006 — 87. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Ást á gömlum skoðunum

„Hvers vegna skyldu menn dekra svona mikið við eigin skoðanir á Íslandi?" spyr Jón Ormur Halldórsson. „Þetta er auðvitað ekki séríslenskt fyrirbæri en ást manna hér á landi á gömlum skoðunum sínum virðist dálítið ofsafengin."



Í DAG 20

### Leitar að ungri kvenhetju

Áheyrnarprufur fyrir kvikmyndina Astrópía fara fram í leikjaverslun-inni Nexus næstkomandi sunnudag milli tíu og fimm. Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir myndinni en Ottó Geir Borg og Ævar Grímsson skrifa handritið.



FÓLK 20

### Villur í kennsluefni um íslam

Jón Ormur Halldórsson segir kaflana sem notaðir eru til kennslu um íslam í framhaldsskólum vera ónothæfa. Á átta blaðsíðum um íslam hafa 34 staðreyndavillur verið staðfestar.

TILVERAN 16

### Áfall fyrir Val

Kvennalið Vals í fótbolta varð fyrir miklu áfalli í gær þegar í ljós kom að markvörður þeirra, Guðbjörg Gunnarsdóttir, er með slitin krossbönd og getur því ekki spilað með liðinu í sumar.



ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður norðaustan stormur á landinu suðaustanverðu, annars staðar verður allhvasst eða hvasst. Snjókoma eða él á Vestfjörðum og fyrir norðan og austan en skýjað syðra og úrkomulítið. Hiti 0-4 stig að deginum.

VEÐUR 4


### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG







**ALLT FAST** Þegar mikið snjóar vill brenna við að bílarnir sitji fastir þegar minnst varir. Þessar ungu skólastúlkur urðu að taka hraustlega á við að ýta bílnum sínum úr stæði við Menntaskólann á Akureyri í gær, til þess að geta komist leiðar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**KOSNINGASKRIFSTOFAN FLUTT** Verður ekki miðsvæðis eins og vinstri grænir höfðu vonast til.

Kosningaskrifstofa VG:

## Flutt brott í skjóli nætur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fyrirhuguð kosningaskrifstofa vinstri grænna í Mosfellsbæ var fjarlægð í fyrrakvöld og stendur nú á lóð björgunarsveitarinnar Kyndils í iðnaðarhverfi þar í bæ. Kyndilsmenn höfðu leigt flokknum smáhýsið, sem var miðsvæðis í bænum, fram yfir sveitarstjórnarkosningar.

„Við höfðum samband við byggingafulltrúa og hann sá engan meinbug á því að smáhýsið yrði þarna enda hafði það verið þar frá því fyrir áramót," segir Bjarki Bjarnason, formaður vinstri grænna í Mosfellsbæ. „Það er hins vegar ekki fyrr en við förum að renna hýru auga til þess að það liggur allt í einu verulega á því að fjarlægja það." Flokksmenn höfðu sent bæjarráði beiðni um stöðuleyfi og taka átti hana til umræðu á morgun og undrar Bjarki sig á því af hverju málið fær ekki formlega afgreiðslu.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri og fyrsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins, segir málið ekki snúast um pólitík. „Leyfið rann út 15. janúar og björgunarsveitin hafði enga heimild til að leigja hann þarna og það hefur verið þrýst á þá að fjarlægja skúrinn."

„Ég treysti mínu fólki til að finna sér annan stað," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna. - jse

# Vonbrigði fyrir Kadima

**Kadima-flokkur Ehud Olmerts, starfandi forsætisráðherra Ísraels, fékk minna fylgi en hann hafði vænst í kosningunum í gær. Sem stærsti flokkurinn á þingi fékk hann samt umboð til stjórnarforystu.**

**ÍSRAEL, AP** Samkvæmt útgönguspám sem sjónvarpsstöðvar í Ísrael birtu eftir að kjörstöðum var lokað í gærkvöldi fékk Kadima-flokkur Ehud Olmerts, starfandi forsætisráðherra, flest atkvæði af þeim rúmlega þrjátíu flokkum sem í framboði voru. En flokknum var þó aðeins spáð á bilinu 29-32 þingsæti. 120 fulltrúar eiga sæti á Ísraelsþingi, Knesset, svo að þetta þýðir að Olmert getur ekki myndað starfhæfan stjórnarmeirihluta nema í margra flokka samsteypustjórn.



**EHUD OLMERT** Á kjörstað í Jerúsalem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkamannaflokkurinn, sem fyrir kosningar var talinn líklegur til stjórnarsamstarfs við Kadima, fær 20-22 þingsæti ef marka má útgönguspárnar. Hinum hægrisinnaða Likud-flokki var spáð 11-12 sætum.

Á óvart kom að Israel Beitenu-flokkurinn, sem fyrst og fremst höfðar til gyðinga sem upprunnir eru í Rússlandi, verður væntanlega þriðji stærsti flokkurinn á þingi að þessu sinni, með 12-14 fulltrúa. Hann var aðeins með tvo fulltrúa áður. Að sögn stjórnmálaskýrenda virðist persónufylgi sem Ariel Sharon naut í röðum rússneskættaðra Ísraela ekki hafa skilað sér til Kadima-flokksins heldur að mestu til þessa jaðarflokks á hægri vængnum.

Einnig kom á óvart að Flokkur ellilífeyrisþega, sem ekki átti neinn fulltrúa á þingi, fékk nú 6-8 menn kjörna, samkvæmt útgönguspánum. Líklegt þykir að Olmert leiti einnig til þeirra um þátttöku í nýrri ríkisstjórn.

Með því að leggja mikla áherslu í kosningabaráttunni á áform um að ákveða einhliða landamæri Ísraels fyrir árið 2010 og rýma einangraðar landtökubyggðir á Vesturbakkanum reyndi Olmert að gera þingkosningarnar að eins konar þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa áætlun sína. Með því að kjörsókn var dræm og útkoma flokks hans var ekki betri en þetta mistókst Olmert greinilega að fá slíkt umboð kjósenda til að fylgja þessari stefnu eftir. Að sögn stjórnmálaskýrenda mun hann nú þurfa að ná málamiðlun um þessa stefnu sína við væntanlega stjórnarsamstarfsflokka og leggja síðan þá áætlun sem út úr stjórnarmyndunarviðræðunum kemur aftur í dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu, til að hann hafi ótvírætt umboð til að hrinda henni í framkvæmd. - aa

Álag á skuldabréf bankanna:

## Álagið lækkar við nýtt mat

**VIÐSKIPTI** Álag á skuldabréf bankanna á eftirmarkaði lækkaði í gær eftir að Glitnir fékk lánshæfismat hjá Standard & Poor's fyrstur íslenskra banka.

Bankinn fékk einkunnina A-fyrir langtímaskuldbindingar, en greiningardeild Merrill Lynch og fleiri fjármálafyrirtækja töldu að íslenskur banki myndi fá einkunnina BBB ef mat fengist hjá S&P.

„Þetta hefur góð áhrif á skuldabréf íslensku bankanna og sérstaklega Glitnis," segir Venky Vishwanathan, framkvæmdastjóri skuldabréfaútgáfu Deutsche Bank í London. Hann segir S&P hafa tilhneigingu til að horfa meira á efnahagsástand landa en hin matsfyrirtækin. „Sú staðreynd að Glitnir fær þetta mat er góðar fréttir og til þess fallin að efla traustið á íslensku bönkunum."

Álag á skuldabréf bankanna lækkaði um tíu punkta í kjölfar matsins og hefur þá lækkað um hátt í 20 punkta það sem af er vikunni. Glitnir hefur sem fyrr minnst álag á sín skuldabréf.

- hh sjá Markaðinn



Tónlistarhús við Austurhöfn:

## Flestir telja það styrkja borgina

**KÖNNUN** Mikill meirihluti Reykvíkinga er þeirrar skoðunar að nýtt tónlistar- og ráðstefnuhús, sem reisa á við Austurhöfn muni efla miðborg Reykjavíkur.

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins eru áttatíu og þrír af hundraði þeirra sem afstöðu tóku á því að tónlistarhúsið styrki miðborgina en einungis sautján prósent eru á öndverðri skoðun.

- ssal / sjá síðu 6






## SPURNING DAGSINS

*Hannes, er ekki Laxness milljónavirði?*

Jú, hann er það en ég hef ekki valdið neinum skaða sem þarf að borga fyrir. Frekar gert gagn.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson ævisagnaritari er krafinn um milljónabætur fyrir að nota texta Halldórs Laxness í leyfisleysi. Lögmaður Hannesar krefst þess að kröfunni verði vísað frá.

Neikvæð umræða um Ísland í Danmörku:

# Íslendingar svara gagnrýni



**SIGURÐUR EINARSSON** Múhameðsteikningarnar KB banka erfiðari en lækkun krónunnar.

**DANMÖRK** Samkeppnisstaða KB banka hefur versnað vegna rangra og neikvæðra matsskýrslna síðustu vikur. Orsökin er að bankinn þarf að greiða hærri þóknanir af fjármögnun verkefna í framtíðinni.

Þetta er meðal þess sem kom fram í opnuviðtali við stjórnarformann bankans, Sigurð Einarsson, í Berlingske tidende í gær. Hann segir hins vegar ekkert í bókhaldi bankans sem gefi til kynna að það sé áhættusamara að lána honum í dag en það var fyrir nokkrum misserum. Einnig kemur fram að Danmörk er stærsti markaður KB-banka sé litið til útlána og fullyrðir Sigurður að bankinn sé viðkvæmari fyrir ástandinu vegna Múhameðsteikninganna en lækkun íslensku krónunnar.

Í viðskiptablaðinu Børsen í gær er einnig að finna aðsenda grein frá Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði. Þar taka þessir aðilar meðal annars undir gagnrýni sendiherra Íslands á skrif blaðsins um íslenskt viðskiptalíf. Einnig eru rangfærslur um starfshætti Kauphallarinnar leiðréttar. **- ks**

Danska stjórnin:

# Hyggst banna reykingar

**DANMÖRK, AP** Danska stjórnin sagðist í gær ætla að banna reykingar á opinberum stöðum. Bannið mun meðal annars ná til skóla, íþróttahúsa, strætisvagna og lestarvagna, en það mun þó ekki fela í sér algert bann við reykingum á knæpum og veitingastöðum.

Knæpur sem eru minni en 100 fermetrar verða undanþegnar banninu, en það mun ná til veitingastaða sem eru stærri en 100 fermetrar, en þó verður eigendum þeirra heimilt að hafa lokuð rými fyrir reykingafólk.

Hljóti þetta bann náð fyrir augum danska þingsins tekur það gildi 1. apríl árið 2007. **-gb**

Lögreglan leitar ræningja:

# Ræninginn enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík leitar enn mannsins sem rændi höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands í síðasta mánuði.

Maðurinn komst undan með 95 þúsund krónur í peningum, eftir að hafa ógnað starfsfólki með skotvopni. Hann flúði af vettvangi á hlaupum og losaði sig við samfesting, sem hann klæddist, í bakgarði í Grjótaþorpinu.

Lögreglan náði lífsýnum úr manninum á vettvangi en að sögn rannsóknardeildar lögreglunnar koma þau að litlu gagni ef upplýsingar um ræningjann eru ekki til.

Allir sem geta veitt upplýsingar um málið eru beðnir um að snúa sér til lögreglunnar í Reykjavík. **- mh**

Þráinn Karlsson:

# Fimmtíu ára leikafmæli

**LEIKLIST** Þráinn Karlsson hélt upp á það í gær að þá voru 50 ár síðan hann steig fyrst á leiksvið í Samkomuhúsinu á Akureyri. Af því tilefni var í gærkvöld hátíðarsýning á Litlu hryllingsbúðinni en á meðal sýningargesta voru margir sem hann hefur tengst hafa Leikfélagi Akureyrar í gegnum tíðina.



**ÞRÁINN KARLSSON**

Þráinn var fastráðinn hjá Leikfélagi Akureyrar árið 1971, tveimur árum áður en leikfélagið varð að atvinnuleikhúsi, og starfaði þá við leikmyndagerð ásamt því að leika.

Hlutverkin sem Þráinn hefur leikið á löngum ferli eru komin á annað hundrað en að auki hefur hann leikstýrt á annan tug sýninga. **- kk**

# Greinilega hægt að skilgreina grunnnet

**Kaupi Orkuveitan grunnnetið af Símanum kemur salan til kasta Samkeppniseftirlitsins. Forsvarsmenn stjórnarandstöðuflokka segja greinilega ekkert hæft í orðum meirihlutans um að ekki væri hægt að skilja netið frá Símanum.**



**VIÐ UNDIRRITUN SÖLU SÍMANS** Síminn var seldur Skiptum ehf. sem er í eigu Bakkavararbræðra, KB-banka og lífeyrissjóða, fyrir tæpa 66,7 milljarða króna í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**VIÐSKIPTI** Kaupi Orkuveitan grunnnetið af Símanum kemur salan til athugunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins, segir að samkvæmt samkeppnislögum beri að tilkynna því um samruna og það taki síðan samruna sem þennan til athugunar: „Ég get ekki tjáð mig um þetta mál en ef af sölunni verður mun það koma til kasta Samkeppniseftirlitsins."

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir flokkinn hafa krafist þess að grunnnetið yrði ekki selt með í einkavæðingu Símans en verið sagt að ekki væri hægt að skilgreina það.

„Núna blasir við áhugi á að selja grunnnetið og því ljóst að orðin áttu ekki við rök að styðjast. Miklu skynsamlegra hefði verið að hafa netið í ríkisrekstri," segir Ágúst og líkir því við þjóðvegi landsins: „Grunnnetið er þjóðvegur framtíðarinnar." Hann segir að Samfylkingin hafi talið hættu á að við sölu grunnnetsins yrði erfiðara fyrir ný fyrirtæki að fóta sig á markaðinum. „Það er alveg ljóst að við verðum að tryggja aðgang nýrra fyrirtækja að grunnnetinu, sama hver á það, því það hefur verið byggt upp á löngum tíma fyrir skattpeninga," segir Ágúst.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Varaformaður Samfylkingar.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Formaður vinstri grænna.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segir sölu grunnnetsins hafa verið rugl, illa undirbúna og vanhugsaða: „Helst hefði ég kosið að grunnnetið kæmist aftur í opinbera eigu, til dæmis í eigu sveitarfélaganna," segir Steingrímur. Fróðlegt væri að sjá hverjar verðhugmyndirnar um netið væri og hvort þjóðin hafi fengið sanngjarna greiðslu fyrir fyrirtækið. „Menn sem töldu lífsnauðsynlegt að grunnnetið færi með í einkavæðingu Símans verða nú í svolítið aulalegu ljósi þegar hinn nýi eigandi, nokkrum mánuðum síðar, ákveður að selja það. Þetta er spaugilegt og má orða það þannig að hinir nýju eigendur séu að gefa ríkisstjórninni og málflutningi hennar langt nef."

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra eða Arnbjörgu Sveinsdóttur, þingflokksformann sjálfstæðismanna. **gag@frettabladid.is**



**FYRRVERANDI EINRÆÐISHERRA** Myndin var tekin árið 2003 þegar Taylor yfirgaf Líberíu. FRÉTTABLAÐIÐ

Charles Taylor:

# Hvarf í Nígeríu

**NÍGERÍA, AP** Charles Taylor, fyrrverandi einræðisherra í Líberíu, er horfinn. Hann hafði fengið hæli í Nígeríu og bjó þar í vellystingum, en virðist hafa forðað sér á síðustu stundu áður en framselja átti hann til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna.

Nígería bauð Taylor hæli í tengslum við samkomulag sem batt enda á borgarastríðið í Líberíu árið 2003.

Taylor er sakaður um að hafa komið af stað borgarastyrjöldum bæði í Líberíu og í nágrannaríkinu Síerra Leóne. Einnig er hann sakaður um að hafa veitt hryðjuverkamönnum hæli. **- gb**

Leit lögreglu að manni:

# Fannst látinn í bíl sínum

**MANNSLÁT** Maður sem lögregla og björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu leituðu að, fannst látinn í gær. Mannsins hafði verið saknað frá því á mánudag en eftir umfangsmikla leit fannst hann látinn í bifreið sinni í sumarbústaðahverfi í grennd við Flúðir.

Lögreglan í Kópavogi segir í tilkynningu að ekki leiki grunur á því að lát mannsins hafi borið að með saknæmum hætti. Hann var tuttugu og tveggja ára gamall og búsettur í Kópavogi. **-mh**


**BÍLL DAGSINS**

**Opel Vectra Elegance 2.2DTi**

Nýskr. 07.05. - Sjálfskiptur - Ekinn 19 þús km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


365 prentmiðlar sýknaðir af skaðabótakröfu Bubba Morthens:

# Ritstjórinn greiði 1,2 milljónir



**Í RÉTTARSAL** Bubbi með lögfræðingi sínum, Sigríði Rut Júlíusdóttur, við aðalmeðferð málsins. Hann fær ekki tuttugu milljónir dæmdar í skaðabætur, en orðin Bubbi fallinn dæmd dauð og ómerk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DÓMSMÁL** Ummæli tímaritsins Hér og nú um Bubba Morthens, þar sem sagt var að hann væri fallinn, hafa verið dæmd dauð og ómerk þar sem ekki sé unnt að skilja fyrirsögnina öðruvísi en svo að fullyrt sé að Bubbi sé byrjaður að neyta vímuefna. Inni í blaðinu var sagt frá því að hann hafi fallið á reykbindindi.

365-prentmiðlar voru sýknaðir af tuttugu milljóna króna skaðabótakröfu Bubba Morthens. Fyrrverandi ritstjóra tímaritsins, Garðari Erni Úlfarssyni, er gert að greiða Bubba 700.000 krónur með dráttarvöxtum og 500.000 krónur í málskostnað.

Garðar Örn, segir að dómnum verði áfrýjað. „Það gengur ekki upp að blaðamenn á Íslandi þurfi að sætta sig við að geta ekki notað íslensku í starfi sínu," segir Garðar. Hann bendir á að í íslenskri orðabók frá árinu 2002 sé aðeins eitt dæmi um notkunina á orðinu fallinn þegar átt sé við að neyslubindindi ljúki, það snúist um að hætta að reykja.

Dómarinn taldi að umfjöllun um það hvort Bubbi reyki sígarettur væri ekki óheimil. Með því væri ekki fjallað um einkamálefni Bubba svo ólögmætt gæti talist. Myndataka af honum í umferðinni og birting myndanna hafi hins vegar verið óheimil og bjóti gegn friðhelgi einkalífs hans.

Ekki náðist í Bubba. **- gag**

Iceland Express

*Aðra leið með sköttum.

Tilboðið gildir aðeins í 3 daga!

# 600 sæti á 6.000 kr.*

## með e-korti og Iceland Express til eða frá London eða Kaupmannahöfn

e-kortið tekur flugið með Iceland Express til London og Kaupmannahafnar á einungis 6.000 kr. með sköttum, aðra leiðina. 600 flugsæti bjóðast e-korthöfum á þessu verði og gildir tilboðið fyrir ferðir sem bókaðar eru 29. til 31. mars og greiddar með e-kortinu. Tímabil ferðanna sjálfra er frá 21. apríl til og með 21. maí næstkomandi.

e-korthafar fá 2,5% af viðskiptum við Iceland Express endurgreidd, auk fastrar 0,5% endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum!

Til þess að tryggja þér flugfar á þessu frábæra verði skaltu bóka strax á vefslóðinni www.ekort.is/icelandexpress. Góða ferð!



Þú getur sótt um e-kortið á ekort.is

e kort

www.ekort.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,73 | 72,07 |
| Sterlingspund | 125,4 | 126,0 |
| Evra | 86,51 | 86,99 |
| Dönsk króna | 11,592 | 11,66 |
| Norsk króna | 10,897 | 10,961 |
| Sænsk króna | 9,23 | 9,284 |
| Japanskt jen | 0,6141 | 0,6177 |
| SDR | 103,38 | 104,00 |

*Gengisvísitala krónunnar*

121,1571

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mótmæli í Frakklandi vegna fyrirhugaðrar vinnulöggjafar:

# Hundruð þúsunda í verkfalli

**FRAKKLAND, AP** Allt að þrjár milljónir Frakka lögðu niður störf og söfnuðust saman á götum úti í gær í eins dags verkfalli sem verkalýðsfélögin boðuðu til vegna fyrirhugaðra breytinga á vinnulöggjöf. Af ótta við óeirðir juku frönsk yfirvöld löggæslu í flestum borgum, og lá umferð strætisvagna, lesta og flugvéla víða niðri. Mótmælin fóru yfirleitt friðsamlega fram en lögregla handtók nokkra tugi manna, aðallega í París.

Breytingunum er ætlað að minnka atvinnuleysi meðal ungs fólks, sem er að jafnaði um 22 prósent í Frakklandi en nær allt að fimmtíu prósentum í fátækari hverfum stórborga. En ungt fólk óttast að þær muni þvert á móti valda frekara atvinnuleysi, því nýja löggjöfin heimilar atvinnurekendum að segja fólki undir 26 ára aldri upp starfi án ástæðu fyrstu tvö ár þeirra í starfi.

Dominique de Villepin forsætisráðherra telur breytingarnar auka líkurnar á því að atvinnurekendur ráði ungt fólk og hefur neitað að draga þær til baka, en æ fleiri þingmenn hafa sívaxandi áhyggjur af hinum víðtæku mótmælum. Talsmenn fimm stærstu verkalýðshreyfinga landsins neituðu að halda fund með Villepin í dag. **- smk**



**FJÖLMENN MÓTMÆLI** Gríðarmargir Frakkar mótmæltu fyrirhugaðri breytingu á vinnulöggjöf í gær og lögðu niður vinnu í einn dag. Myndin er tekin í Marseille. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppstokkun í Hvíta húsinu:

## Bush skiptir um ráðgjafa

**BANDARÍKIN AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær um starfsmannastjóraskipti í Hvíta húsinu og tekur Joshua Bolten við af Andy Card.

Stjórnmálaskýrendur setja þessar mannabreytingar í innsta ráðgjafahring forsetans í beint samhengi við að vinsældir forsetans hafa dvínað verulega í síðustu skoðanakönnunum.

Þá hafa áhrifamenn í þingliði repúblikanaflokksins þrýst á um slíkar mannabreytingar að undanförnu, enda eru menn þar á bæ farnir að ókyrrast þar sem kosið verður til þings síðar á þessu ári. **- aa**

Dæmdur njósnari:

## Arne Treholt alvarlega veikur

**NOREGUR, AP** Norðmaðurinn Arne Treholt, sem best er þekktur fyrir að hafa hlotið dóm fyrir njósnir í kalda stríðinu, kom heim til Noregs með sjúkraflugi í gær, en hann hefur legið alvarlega veikur í öndunarvél á Kýpur í tvær vikur. Hann var þegar í stað lagður inn á sjúkrahús í Ósló, en talið er að hann hafi fengið blóðeitrun.



ARNE TREHOLT

Treholt, sem nú er 63 ára gamall, var embættismaður á framabraut í norsku utanríkisþjónustunni þegar hann var handtekinn árið 1984 og sakaður um njósnir fyrir Sovétríkin og Írak. Hann neitaði sök, en var þó ári síðar dæmdur í 20 ára fangelsi. Hann hefur búið á Kýpur síðan árið 1994. **- smk**

Sá sem lést í vinnuslysi:

## Hét Eilífur Hammond

**BANASLYS** Maðurinn sem lést í vinnuslysi við Desjarárstíflu við Kárahnjúka í fyrradag, hét Eilífur Hammond og var hann fæddur 23. desember 1979.



EILÍFUR HAMMOND

Eilífur var tuttugu og sex ára að aldri, til heimilis að Egilsgötu 30 í Reykjavík.

Eilífur lætur eftir sig unnustu. **-mh**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Ófærð og útafkeyrsla** Bíll lenti út af veginum í Langadal í fyrrakvöld. Engin slys urðu á fólki og bíllinn skemmdist lítið en talsverð ófærð og hálka var á veginum þegar óhappið átti sér stað.

# Tónlistarhús mun efla miðborgina

**Mikill meirihluti Reykvíkinga virðist vera á þeirri skoðun að nýtt tónlistar - og ráðstefnuhús, sem fyrirhugað er að rísi við Austurhöfn, muni efla miðborgina. Áætlað er að húsið muni verða tilbúið árið 2009.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 83 prósent þeirra Reykvíkinga sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins telja að nýtt tónlistarhús við Austurhöfn muni efla miðborg Reykjavíkur. Einungis 17 prósent telja að tónlistarhúsið muni ekki efla miðborgina.

Það er fyrirtækið Portus Group sem reisir tónlistarhúsið við Austurbakkann og hljóðaði tilboð þess upp á tólf milljarða. Hönnunarstjórn hússins er í höndum Batterísins, HLT og verkfræðistofunnar Rambøll Danmark A/S, en útlit hússins er að miklu leyti verk listamannsins Ólafs Elíassonar. Þá hefur Vladimir Ashkenazy verið ráðinn sérlegur listrænn ráðgjafi Portus Group varðandi dagskrá fyrstu árin.

Byggingin kemur til með að rúma 1.800 sæta tónleikasal, ráðstefnusal með 750 sætum ásamt sýningaraðstöðu, kammermúsíksal fyrir 450 áheyrendur og minni sal sem tekur um 200 manns. Þar verða jafnframt fundarherbergi, forsalir og veitingaaðstaða. Samtengt hótel verður 250 herbergja. Húsið á að verða tilbúið árið 2009.

Innan skamms munu framkvæmdir hefjast vegna byggingar tónlistarhússins. Geirsgata verður um tímabundið flutt og hluti brúarinnar á Tollstöðvarhúsinu verður brotin niður, auk þess sem gamla Ziemsen húsið verður fært.

Lítill munur er á afstöðu kynjanna á því hvort tónlistarhúsið muni efla miðborgina. Heldur fleiri konur en karlar telja þó að tónlistarhúsið muni gefa miðborginni aukið líf. Rúm 85 prósent kvenna segjast samþykk þeirri fullyrðingu að tónlistarhúsið efli miðborgina, en tæp 15 prósent eru því ósammála. 81 prósent karla eru fullyrðingunni sammála, en 19 prósent eru henni ósammála.

Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri laugardaginn 25. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni.

Spurt var: Mun tónlistarhús við Austurhöfn efla miðborgina? 92, 2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is



**NÝTT TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS VIÐ AUSTURHÖFN** Svona er áætlað að ímynd Austurhafnar verði þegar tónlistarhúsið hefur verið byggt árið 2009.

**MUN TÓNLISTARHÚS VIÐ AUSTURHÖFN EFLA MIÐBORGINA?**






Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í Reykjavík:

## Ánægjuleg niðurstaða

„Mér finnst þetta ánægjuleg niðurstaða. Hún sýnir að fólkið í borginni er sammála borgaryfirvöldum og öðrum opinberum aðilum í því að fara í þessa uppbyggingu. Þetta staðfestir það sem ég hef sagt lengi að tónlistarhús mun gerbreyta ásýnd og upplifun fólks af miðborginni,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og telur ánægjulegt að finna hvað stuðningurinn er afgerandi. „Það er ekki oft sem skoðanakannanir sýna svona mikla sátt um eina framkvæmd og ég er mjög ánægð með það. Vonandi sýnir þetta að við höfum unnið vel og skynsamlega að undirbúningi þessarar framkvæmdar.“



Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR:

## Glæsilegar niðurstöður

„Mér finnst þetta mjög eðlileg og glæsileg niðurstaða. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að tónlistarhús muni efla miðborgina,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR. „Það verður mikil aukning á starfsmönnum í miðborginni. Þessi starfsemi styður við samgöngur og það verður samnýting á bílastæðum þannig að ég held að þetta séu réttar niðurstöður.“




**Svandís**
**UM ALLA BORG**

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún heldur áfram að hitta borgarbúa á næstu dögum

**Háaleiti**

**29. mars - Miðvikudagur**

**20:15** Hvassaleiti 56-58
Félags- og þjónustumiðstöð

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FER AÐ VERÐA GOTT Í BILI**

Maður er nú farinn að spyrja sig hvort þetta kuldakast með ofankomu og skafrenningi fyrir norðan fari ekki að verða gott í bili. Þetta er nánast lélegt grín hjá veðurguðunum að halda að við höfum gaman af þessu. Nei, nú þarf að snúa þessu við sem allra fyrst. Það lægir reyndar er dregur nær helgi og hlýnar líklega seint í næstu viku.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðaustan 8-13 m/s. Skýjað en úrkomulítið eða úrkomulaust. Hiti 0-3 stig að deginum.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri suðaustantil annars strekkingur.

*» föstudagur*




Víðast 5- 13 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | París | 13°C heiðskírt | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Osló | 2°C skúrir | Berlín | 11°C heiðskírt | Mílano | 14°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 9°C skúrir | New York | 13°C hálfskýjað |
| Helsinki | 1°C heiðskírt | Madríd | 18°C heiðskírt | San Francisco | 15°C skúrir |
| London | 12°C heiðskírt | Barcelona | 17°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 27°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Reykjanesbær

# Land tækifæranna

## Nýtt athafnasvæði í alfaraleið

**Reykjanesbær er öflugt og ört vaxandi bæjarfélag sem stendur á þröskuldi endalausra tækifæra og möguleika til að þróast og dafna. Fyrirsjáanleg stækkun til austurs, ásamt þeirri gríðarlegu samgöngubót sem fylgt hefur tvöföldun Reykjanesbrautar, hefur fært bæinn nær höfuðborginni. Í bænum er öll verslun og þjónusta til fyrirmyndar, skólar, leikskólar, framhaldsskóli og háskóli. Þá eru ótaldir augljósir kostir eins og nálægð við alþjóðaflugvöll og fyrsta flokks hafnaaðstöðu.**

Innan skamms hefst úthlutun á lóðum á nýju athafnasvæði meðfram Reykjanesbraut að norðanverðu, í suðurjaðri fyrirhugaðrar tíu þúsund íbúa byggðar í Tjarnahverfi, Dalshverfi og Stapahverfi.

Með svæðinu opnast einstakir möguleikar fyrir fyrirtæki sem hyggjast byggja upp starfsemi, víkka út eða flytja um set. Staðurinn er til dæmis sá eini á landinu þar sem alþjóðaflugvöllur er í 5 mínútna fjarlægð – og höfuðborgarsvæðið innan seilingar.

Vegna nálægðar við alþjóðaflugvöll og úrvals hafnaaðstöðu í Helguvík, þar sem skapaður hefur verið grunnur að stóru iðnaðar- og þjónustusvæði, hentar svæðið sérstaklega vel fyrir fyrirtæki í hvers kyns inn- og útflutningi, t.d. bifreiðaumboð og bílasölur, svo ekki sé minnst á byggingarfyrirtæki sem hagnast munu á nálægðinni við hina öru uppbyggingu á svæðinu.

Við leitum eftir fyrirtækjum í verslun og þjónustu sem hafa áhuga á að mynda útvörð við Reykjanesbæ.

**Kynntu þér málið á reykjanesbaer.is eða í síma 421 6700 hjá Umhverfis- og skipulagssviði.**

Reykjanesbær • Tjarnargata 12 • Póstfang 230 • Sími 421 6700 • Fax 421 4667
Netfang • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR

*reykjanesbaer.is*

Himinn og haf / SÍA



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu áhyggjur af því að verðbólga aukist á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 84% |
| Nei | 16% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttastu aukið atvinnuleysi á næstunni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Maður á sjötugsaldri var laminn á heimili sínu að því er virðist að tilefnislausu:

# Slapp eftir sjö tíma í skottinu

**MANNRÁN** Lögreglan í Keflavík rannsakar nú hvers vegna ráðist var á Kristin Óskarsson, mann á sjötugsaldri sem búsettur er í Garði, en fjórir menn ruddust inn á heimili hans, lömdu hann og óku á brott með hann í farangursgeymslu bifreiðar. Ráðist var á Kristin á laugardagskvöld.

Eftir sjö tíma akstur slapp Kristinn úr farangursgeymslu bílsins og hljóp að bænum Múla í Biskupstungum þar sem hann leitaði sér aðstoðar.

Ekki er ljóst hvers vegna mennirnir réðust á Kristin en við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Keflavík hefur Kristinn greint frá því að mennirnir hafi spurt hvort Kristinn kallaði sig Kidda. Kristinn svaraði því játandi, og réðust þá mennirnir á Kristin með þeim afleiðingum að hann hlaut töluverða áverka í andliti og á líkama.

Karl Hermannsson, yfirlögregluþjónn í Keflavík, segir málið vera litið alvarlegum augum. „Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir í málinu þá lítur út fyrir að árásin á Kristin hafi verið tilefnislaus. Við munum halda rannsókn áfram og leitum nú þeirra fjögurra sem að árásinni komu.“

Lögreglan rannsakar málið sem mannrán. Ítarlegt viðtal við Kristin verður sýnt í fréttaskýringaþættinum Kompási næstkomandi sunnudagskvöld á Stöð 2 og NFS. -mh



**KRISTINN ÓSKARSSON** Það stórsá á Kristni eftir árásina, en hann þurfti að auki að liggja í farangurgeymslu bifreiðar í meira en sjö klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/NFS

Geir Haarde í Þýskalandi:

# Varnarmálin rædd í Berlín

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra átti fund með þýskum starfsbróður sínum, Frank-Walter Steinmeier í Berlín í gær. Gerði Geir grein fyrir þeirri stöðu sem upp er komin í varnarsamstarfinu við Bandaríkin.

Ráðherrarnir ræddu einnig Evrópumál; stöðu EES og þróun Evrópusambandsins. Einnig var farið yfir tvíhliða samskipti Íslands og Þýskalands og rætt um að efla þau enn frekar.

Þá vígði Geir nýjan sendiherrabústað Íslands í Berlín, en hann mun jafnframt gegna hlutverki menningarmiðstöðvar fyrir íslenska samtímamenningu. - aa




MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Umsóknarfrestur í meistaranámið 2006–2008 rennur út 31. mars.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



FERMINGATILBOÐ




EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF





**LEIGUBÍLAR** Gjaldskrá leigubíla hækkaði um meira en átta prósent þegar hámarkstaxti var afnuminn í Noregi.

# Hámarkstaxti leigubíla verði óbreyttur

**Samgönguráðherra telur óráðlegt að afnema hámarkstaxta leigubíla eins og Samkeppniseftirlitið hefur lagt til. Hugsanlega þarf að breyta samkeppnislögum ef ríkið ætlar áfram að takmarka fjölda og hámarkstaxta leigubíla.**

**SAMGÖNGUR** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra er andvígur afnámi hámarkstaxta leigubifreiða, en Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað að þeir skuli felldir niður eftir nokkrar vikur.

Ögmundur Jónasson þingmaður vinstri grænna tók málið upp á Alþingi í gær og sagði að neytendur hefðu nánast verið leiddir inn í frumskóg þegar hámarkstaxtar voru afnumdir í Svíþjóð á sínum tíma. Þeir hefðu hækkað um rúmlega átta prósent þegar hámarkstaxtar voru afnumdir í Noregi. Þannig geti samkeppni stundum komið neytendum illa. „Bent hefur verið á að leigubílstjóri sem á völ á fjölda viðskiptavina á illviðrisdegi, ég tala nú ekki um að nóttu til í slæmu veðri, gæti freistast til þess að láta bjóða í farið og nokkuð hátt við slíkar aðstæður. Væri slíkt fyrirkomulag heppilegt? Ég held ekki.“ Ögmundur bætti við að engar reglur samfara breytingunum væru farnar að líta dagsins ljós.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, sagði samkeppnismál ekki heyra undir samgönguráðuneytið þótt málefni leigubíla gerðu það. Hann sagði leigubíla mjög mikilvæga. Þeir væru háðir fjölda leyfa á nokkrum svæðum og nýlega hefðu Suðurnes og höfuðborgarsvæðið verið sameinað í eitt. „Það hefur verið afstaða samgönguráðuneytisins að það væri ekki skynsamlegt við þessar aðstæður, þar sem leyfin eru takmörkuð, að afnema þetta hámarksgjald.“ Samgönguráðherra kvaðst hafa talað skýrt í þessu máli og gert Samkeppniseftirlitinu grein fyrir afstöðu ráðuneytisins.

Þingmenn tóku undir þetta utan Jóhann Ársælsson, Samfylkingunni, sem kvaðst mótfallinn því að ríkið skipti sér af fjölda leigubíla. „Það er aftan úr öldum að skipta sér af því að fólk megi ekki gera út leigubíla eins og aðra atvinnustarfsemi í þessu landi.“

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, fagnaði afstöðu samgönguráðherra og sagði að með afnámi hámarkstaxta gætu einhverjir misnotað aðstöðuna og það gæti bitnað á ferðamönnum sem eigi að geta treyst aðilum í leigubílaakstri.

johannh@frettabladid.is

Sjá einnig síðu 15



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA** Sturla hefur gert Samkeppniseftirlitinu grein fyrir að samgönguyfirvöld telji óskynsamlegt að afnema hámarkstaxta leigubifreiða

Varnarliðið með flugþjónustusamning við Essó síðustu 38 ár:

# Borga eldsneyti tvö næstu árin

**VARNARLIÐIÐ** Varnarliðið hefur ekki sagt upp fjögurra ára flugþjónustusamningi við Olíufélagið Esso. Tvö ár eru eftir af samningnum.

Smári Þ. Sigurðsson, viðskiptastjóri Esso, vill ekki gefa upp hvað varnarliðið greiðir fyrir þjónustuna við flugflota hersins vegna trúnaðarákvæða í samningi við Innkaupastofnun bandaríska hersins. Olíufélagið rukki varnarliðið mánaðarlega um fasta upphæð. Verkið sé boðið út á fjögurra ára fresti. Esso hafi haldið samningnum óslitið frá 1968.

„Eftirsjá er að samningnum, en þó að erfitt sé að meta hve mikill missirinn verður álítum við að brotthvarf þotnanna sé alls ekki endir á starfsemi okkar á vellinum,“ segir Smári.

Kolbeinn Finnsson, starfsmannastjóri hjá Esso, hélt fund með þeim rúmlega þrjátíu starfsmönnum sem þjónusta varnarliðið fyrir Esso í fyrradag. Þar skýrði hann þeim frá því að engum yrði sagt upp þrátt fyrir brotthvarfið. „Starfið er mjög sérhæft og kallar á mikla þjálfun. Starfsmennirnir eru því mjög verðmætir í okkar huga og þeim verður ekki sagt upp, þótt við getum á þessum tímapunkti ekki metið hvernig málin þróast.“ - gag



**MEÐ 38 ÁRA ÞJÓNUSTUSAMNING VIÐ HERINN** Kolbeinn Finnsson og Smári Þ. Sigurðsson hjá Esso segja erfitt að meta hvaða áhrif brotthvarf þotna af Keflavíkurflugvelli hafi á störf þeirra. Engum verði sagt upp störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Ford**Focus

*Nýtt tákn um gæði*




## Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

### Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.



Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.***

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i | **1.940.000 kr.** | **2.034.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6i | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stillanlegur hiti í framsætum
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum
- Öryggispúðagardínur
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Frjókornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstilltir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstillanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómtæki
- Aksturstölva og útihitamælir

### Hægt að fá aukalega:

- Bluetooth® fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í lofti og skjár
- Fjöltengi fyrir heyrnartól
- Kæling í hanskahólfi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómtæki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifið ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
  - hljómtæki
  - síma
  - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hiti fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
- Hraðastillir
- Rafdrifin sóllúga

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Berðu saman bíla. Berðu saman Toyota Corolla við Ford Focus.
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.



**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Focus er álfelgur og þokuljós; af Ranger er tvílitur.




Costa del Sol

Frá 39.696 kr.



Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp

frá 39.696 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 18. eða 25. maí. Castle Beach íbúðahótelið.

ENNEMM / SIA / NM20625

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


Bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ hvetur til samninga um hreinsun á Miðnesheiði:

# Viljum ekki neinn draugabæ

**VARNARMÁLIN** Jóhann Geirdal, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, telur að stjórnvöld megi ekki festa sig í umræðum um herþotur heldur verði að ræða viðskilnað varnarliðsins við fólkið, mannvirkin og landið þegar viðræður hefjast við Bandaríkjamenn á föstudag.



JÓHANN GEIRDAL

„Mannvirki eru mörg ónothæf og þau þarf að fjarlægja. Mannvirkin mega ekki daga uppi og vera til vandræða. Við viljum ekki sjá ónothæfan draugabæ þarna upp frá. Það þarf að ganga frá þessum mannvirkjum,“ segir Jóhann. Búast má við að víða á Miðnesheiði séu mengunarpyttir, olía og önnur efni sem hafa farið í jörðu.



**VARNARSTÖÐ** „Við viljum ekki sjá ónothæfan draugabæ þarna upp frá,“ segir Jóhann Geirdal, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þessum pyttum þarf að ganga frá. Einnig er gamalt æfingasvæði á heiðinni þar sem krakkar eru enn að finna sprengjuhylki og skot. „Slíkt má finna víðar á svæðinu,“ segir Jóhann og nefnir sem dæmi leifar af mannvirkjum, palla undan bröggum og slíkt sem þurfi að fjarlægja. Þetta sé nauðsynlegt að semja um.

„Þetta eru kostnaðarsamir þættir. Ef ekki verður samið nú þá verður erfitt að ná samkomulagi síðar. Það má ekki stinga höfðinu í sandinn og sleppa því að taka á þessu því að hér verður iðandi mannlíf áfram og mikil framtíðaruppbygging.“ - ghs

## RÚSSLAND

**Yukos í þrot** Dómstóll í Moskvu skipaði í gær þrotabússtjórum að taka við stjórn Yukos, er í því virtist stefna að þetta fyrrverandi voldugasta olíufyrirtæki Rússlands neyddist til að fara fram á greiðslustöðvun. Erlendir bankar, sem Yukos skuldar milljarð dollara í lán, fóru fram á gjaldþrotaskipti.

## BANDARÍKIN

**Weinberger látinn** Caspar W. Weinberger, sem var ráðherra í ríkisstjórn Bandaríkjanna bæði í forsetatíð Richards Nixon og Ronalds Reagan, lést í gær, 88 ára að aldri. Hann stýrði fjármálaráðuneytinu í stjórn Nixons en varnarmálaráðuneytinu í Reagan-stjórninni. Hann var sem slíkur lykilmaður í svonefndu Íran-Contra-hneyksli.

## AFGANISTAN

**Herbílar sprengdir** Meintir skæruliðar talibana sprengdu sprengjur í vegkanti í Suður-Afganistan í gær, með þeim afleiðingum að sex afganskir stjórnarhermenn, namibískur verkamaður og þrír afganskir öryggisverktakar létu lífið, að sögn yfirvalda. Skæruliðar beina oft spjótum sínum að bandarískum og afgönskum hermönnum á svæðinu.



**NEMENDUR FYLGJAST SPENNTIR MEÐ** Sameiginlegt málþing Stúdentaráðs HÍ og Félags stúdenta við HA tókst vel enda margir nemendur sem hafa áhuga á hver framtíð skólanna verður. Ekki var loku fyrir það skotið að fleiri slíkir yrðu haldnir enda markmiðið að koma af stað upplýstri umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Erum öðrum langt að baki

**Framlag íslenska ríkisins til háskólastigsins er lítið samanborið við nágrannalöndin. Aukist það ekki er hætta á að ríkisreknir háskólar verði annars flokks.**

**MENNTAMÁL** Framlag ríkisins til grunn- og framhaldsskóla er með því hæsta sem gerist á heimsvísu en þegar kemur að háskólastiginu stöndum við öðrum þjóðum langt að baki. Þetta kom fram í máli Ingjalds Hannibalssonar, prófessors og formanns fjármálanefndar Háskóla Íslands á sérstöku málþingi um stöðu og horfur Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem stúdentaráð beggja skólanna stóðu fyrir í gær.

Markmið fundarins var að koma af stað upplýstri umræðu um málefni skólanna sem hafa báðir átt undir högg að sækja vegna versnandi samkeppnisstöðu við einkarekna háskóla hér á landi en skólagjöld eru hvorki innheimt hjá HÍ né HA. Margvísleg sjónarmið komu fram en fyrir utan Ingjald fluttu tölu þau Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður við Háskóla Íslands og Kjartan Ólafsson, sérfræðingur við Háskólann á Akureyri.

Varð þeim öllum tíðrætt um að framlag hefði ekki fylgt fjölgun nemenda og því hefðu báðir háskólarnir spennt bogann í fjármálum sínum til hins ítrasta um langt skeið. Ingjaldur benti á að þótt fjárveitingar til Háskóla Íslands myndu aukast um fimm milljarða króna myndi opinbert framlag til háskólastigsins ekki ná sama hlutfalli af landsframleiðslu og nú er í öðrum nágrannaríkjum. Kristín Ingólfsdóttir rektor telur þá fjárhæð lágmark til að markmið skólans að komast í hóp hinna bestu í heiminum geti orðið að veruleika. Eru Íslendingar miklir eftirbátar Svía og Dana þegar kemur að framlögum ríkisins til háskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Er hlutfallið hér á landi um eitt prósent, 1,8 til 1,9 í Danmörku og Svíþjóð og um 2,5 prósent í Bandaríkjunum þar sem flestir bestu háskólar heimsins eru samkvæmt listum þar að lútandi. Eru skólagjöld reyndar talin með hjá þeim síðasttöldu.

Margrét S. Björnsdóttir sagði styrkleika skólans marga en betur mætti ef duga skyldi. Hætta væri á að áframhaldandi ónóg fjármögnun leiddi fyrr en síðar til þess að ríkisháskólarnir yrðu annars flokks. Benti hún einnig á þann vanda sem HÍ glímdi við varðandi ósveigjanleg lög um opinbera starfsmenn og miðlæga kjarasamninga sem lokuðu í raun fyrir að skólinn geti lokkað til sín hæfasta og besta fólkið. albert@frettabladid.is


www.icelandexpress.is/alicante





BÍLALEIGUBÍLL á Alicante

Bókaðu bílaleigubíl frá Budget á www.icelandexpress.is og tryggðu þér bestu verð Budget.

Budget Car Rental

MEÐ EXPRESS FERÐUM:

Maí – september

Sumarhús á Spáni. Strendur, afþreying fyrir alla fjölskylduna, þægileg aðstaða og ótrúlegt verð!

Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir Sími: 5 900 100

ALICANTE



Iceland Express heldur á suðrænar slóðir!

Alicante á Spáni er vinsæll viðkomustaður ferðalanga. Borgin á sér langa sögu og er því athyglisverðari og glæsilegri en margir af þeim stöðum sem sóldýrkendur stunda.



Loftslagið er alveg fullkomið enda liggur Alicante að sjó á miðri Costa Blanca ströndinni sem teygir sig 200 km meðfram Miðjarðarhafinu. Það er aðeins 20 mínútna ferðalag til Benidorm og fyrir þá sem vilja komast úr strandmenningunni er stutt til Valencia og aðeins lengra til Barcelona.

Strandbærinn Torrevieja sem er rétt hjá Alicante er algjör paradís. Þar er allt til alls, ströndin, vatnagarðar, skemmtigarðar, golfvellir og iðandi skemmtanalíf.

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.**

Iceland Express

www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.


Fyrstu styrkir Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands afhentir:

## Fengu 2,4 milljónir króna

Alls hlutu 25 aðilar styrki úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands við hátíðlega athöfn í gær og fékk hver og einn styrk að upphæð 2,4 milljónir króna.

Styrkir þessir eru veittir til doktors- og meistaranáms við Háskóla Íslands og var þetta í fyrsta sinn sem veitt var úr sjóðnum. Innan félagsvísindadeildar hlutu fjórir styrki í þetta sinn. Sjö aðilar innan heilbrigðisvísinda, fjórir nemar við hugvísindadeild og sjö styrkir fóru til doktorsnema í verkfræði. Að auki fengu tveir styrki vegna meistaranáms og þrír að auki vegna doktorsverkefna þar sem auglýst var sérstaklega eftir umsóknum.

Er þetta hrein viðbót við þær 60 milljónir króna sem Rannsóknarnámssjóður veitir árlega til stúdenta í doktorsnámi en þar eru styrkir mun lægri á hvern einstakling og þáðu alls 47 stúdentar styrk úr þeim sjóði á síðasta ári. - aöe


Sturtuklefar í sumarbústaðinn
Sól í sinni
í sturtunni þinni
Sumar í sveit
sturtan er heit
Hátækni
Ótrúleg
verð
Kr. 93.000
800x800x2150mm
Kr. 121.000
800x800x2150mm
Kr. 177.000
1300x1300x2150mm
Kr. 44.900
910x910x2000mm
Kr. 128.000
900x900x2150mm
Kr. 37.900
800x800x1980mm
Bara að drífa sig!
Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi
www.sturta.is allan sólarhringinn!
sturta.is
Ekki súr, farðu úr
Hreinn og beinn ...í sturtu!



**SKÍÐAFÓLK Í SÓLBAÐI** Þeir nutu góða veðursins, þessir sænsku skíðagarpar, í svissnesku Ölpunum fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnayfirvöld hafa leyst mál drukkinna hjóna með barn í vagni í miðbænum:

# Tíu börn tekin af foreldrum

**BARNAVERND** Um tíu sinnum á ári þurfa barnaverndaryfirvöld í Reykjavík að bregaðst skjótt við og koma barni í öruggar hendur þar sem því stafar hætta af foreldrunum. Eitt slíkt tilfelli var um helgina þegar barn var tekið af drukknum foreldum í miðbæ Reykjavíkur um nótt.

Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, segir úrræðin misjöfn eftir aðstæðum barnanna. „Við byrjum alltaf á því að leita í nánasta umhverfi barnsins að einhverjum sem það þekkir og getur annast það þegar grípa þarf inn í með svona snöggum hætti,“ segir Halldóra „Við reynum að íþyngja barninu eins lítið og hægt er en síðan eru ýmsar leiðir farnar í framhaldinu.“



**ÚR MIÐBÆNUM** Drukknir foreldrar með barn í vagni voru teknir í miðbæ Reykjavíkur um helgina. Fólkið svaf úr sér á lögreglustöð og barnaverndaryfirvöld skárust í leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Halldóra segir að geti enginn í kringum barnið sinnt því sé leitað til einkaheimila eða vistheimila á vegum yfirvalda „Ekki er hægt að segja hversu fljótt eða hvort barnið fer aftur heim. Það er misjafnt í tilviki hvers barns.“

Halldóra segir að til þess að börn séu tekin þurfi aðstæðurnar að vera þannig að þau sé í hættu. Í tilviki foreldranna um helgina getur Halldóra aðeins sagt að málinu hafi verið sinnt með viðunandi hætti og það leyst í samstarfi lögreglu, barnayfirvalda og foreldranna. - gag

Dánartíðni og ævilengd:

# Hvergi minni ungbarnadauði

**HEILSA** Hvergi í heiminum er minni ungbarnadauði en hér en samkvæmt meðaltali síðustu fimm ára deyja 2,5 börn af hverjum 1.000 fæddum. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofunnar um dánartíðni og ævilengd.

Árið 2005 létust 1.836 Íslendingar, 945 karlar og 891 kona. Dánartíðnin var því 6,2 á hverja 1.000 íbúa. Meðalævilengd karla er 78,9 ár en kvenna 82,8 ár.

Síðustu þrjátíu ár hefur dregið talsvert saman með kynjunum í meðalævilengd. Í upphafi áttunda áratugarins var sex ára munur á ævilengd kvenna og karla hérlendis en er nú tæp fjögur ár. - sdg







# Árni vissi af álitinu og fór

**Magnús Þór Hafsteinsson fullyrðir að Árni Magnússon hafi vitað um niðurstöðu umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar Helgu Jónsdóttur og kosið að víkja úr ráðherraembætti vegna málsins.**

**STJÓRNMÁL** Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja ráðherra bregðast við með þjósti og geri sér ekki grein fyrir því hversu alvarlegar athugasemdir umboðsmanns Alþingis séu um fyrrverandi félagsmálaráðherra þegar hann skipaði í stöðu ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, sagði álit umboðsmanns áfellisdóm yfir ríkisstjórninni, þegar hann tók málið upp á þingfundi í vikunni. Rannveig Guðmundsdóttir, Samfylkingunni, sagði viðbrögð forsætisráðherra við álitsgerðinni óásættanleg. Skýr greinarmunur væri gerður á Vesturlöndum á pólítískri yfirstjórn og æðstu stjórn embættismannakerfisins. Aðeins þeir fyrrnefndu væru ráðnir án auglýsingar og hæfnisskilyrða.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni, sagði að Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra, hefði áður brotið lög er hann misbeitti valdi sínu gagnvart framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu. Einnig dómsmálaráðherra við skipun í embætti hæstaréttardómara. „Og síðan horfum við upp á meintan brottrekstur viðskiptaráherra á Birni Friðfinnssyni úr embætti ráðuneytisstjóra.“

Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, sagði atburðarrásina hafa verið hannaða. „Þeir vissu að þessi úrskurður var á leiðinni. Þess vegna hætti fyrrverandi félagsmálaráðherra. Hann gat ekki þolað það að fá á sig þennan úrskurð. Ríkisstjórnin gat heldur ekki þolað að fá á sig þennan úrskurð og þar af leiðandi var sett á svið það leikrit sem við fengum að sjá um síðustu mánaðamót með einhverjum fyrirslætti um það að hér væru menn að hugsa um einhverjar einkaaðstæður og þess vegna væru þeir að fara að vinna í bankanum... Þeir vissu upp á sig skömmina.“

Kolbrún Halldórsdóttir hjá vinstri grænum gagnrýndi forsætisráðherra harðlega. Hann hefði sagt á NFS að ráðherrar yrðu að ráða því að endingu hverjir tækju við embætti ráðuneytisstjóra. Kolbrún sagði að með hlutafélagavæðingu ríkisstofnana væru ráðherrarnir að koma sér undan ákvæðum stjórnsýslulaganna.

Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra sagði Magnús Þór smíða samsæriskenningu. Jón undirstrikaði að þrátt fyrir þá annmarka sem umboðsmaður hefði greint leiddu þeir ekki til ógildingar á stöðuveitingunni. „Ég mun að sjálfsögðu draga lærdóm af þeim ábendingum sem koma fram í þessu áliti, en ég tel þær ekki þess eðlis að þær breyti ráðningu þess starfsmanns sem hefur verið ráðinn og er mjög hæfur í sínu starfi,“ sagði Jón.

johannh@frettabladid.is



**JÓN KRISTJÁNSSON** Lætur sér fátt um samsæriskenningar stjórnarandstöðunnar finnast, en segist ætla að taka mið af athugasemdum umboðsmanns.

**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON** „Hann gat ekki þolað það að fá á sig þennan úrskurð. Ríkisstjórnin gat heldur ekki þolað að fá á sig þennan úrskurð og þar af leiðandi var sett á svið það leikrit sem við fengum að sjá...“




# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.

Sífellt fleiri Íslendingar kaupa Citroën. Í ljósi þess eykur Brimborg gæða þjónustu Citroën enn frekar: Citroën er kominn í bjartari og glæsilegri sýningarsal hinum megin götunnar ásamt nýju þjónustuverkstæði og nýrri varahlutaverslun.

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Skoðaðu Citroën í nýju ljósi.**



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



**C2 VTS 1,6i**
**125 hö. 5 gíra***
Kaupverð 1.649.000 kr.
Bílasamningur 21.976 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.



**C3 SX 1,4i**
**75 hö. 5 gíra***
Kaupverð 1.419.000 kr.
Bílasamningur 18.909 kr.
Rekstrarleiga 26.300 kr.



**C4 COUPÉ VTR 1,6i**
**110 hö. 5 gíra***
Kaupverð 1.790.000 kr.
Bílasamningur 23.856 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



**Xsara Picasso Exclusive 1,6i**
**110 hö. 5 gíra***
Kaupverð 1.959.000 kr.
Bílasamningur 26.359 kr.
Rekstrarleiga 35.800 kr.



**C5 SX 2,0i**
**143 hö. sjálfskiptur***
Kaupverð 2.320.000 kr.
Bílasamningur 30.922 kr.
Rekstrarleiga 41.200 kr.



**Berlingo SX 1,4i**
**75 hö. 5 gíra***
Kaupverð 1.539.000 kr.
Bílasamningur 20.509 kr.
Rekstrarleiga 41.200 kr.

**Citroën í nýju húsnæði. Bíldshöfða 8.**




Sjáðu Citroën – ekta franskan munað. Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.citroen.is

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**
Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.
**Komdu núna**




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.



SP-FJÁRMÖGNUN
Í tilefni nýrra heimkynna Citroën, Bíldshöfða 8, býður SP fjármögnun viðskiptavinum Brimborgar enn betri kjör á nýjum Citroën. Nýttu þér tilboðin á Citroën í dag. Veldu bílasamning og aðeins 10 prósent útborgun.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd af C4: álfelgur og bakkskynjari. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**FLJÚGANDI ENGLAR** Belgískir listamenn sýna þessa fljúgandi engla á alþjóðlegri listahátíð sem fram fer í San Jose á Kosta Ríka þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrverandi bæjarstjóri Vestmannaeyja ætlar með mál sitt alla leið ef þörf krefur:

# Vill 26 milljónir frá bænum

**BÆJARMÁL** „Málið er einfaldlega að samningar skulu standa og svo var ekki í mínu tilfelli og ég mun leita réttar míns,“ segir Ingi Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.



**INGI SIGURÐSSON**

Bæjarráð samþykkti einróma á mánudaginn var að hafna kröfum Inga um 26 milljóna króna greiðslu vegna snemmbærra starfsloka hans sem bæjarstjóra. Var honum sagt upp ári eftir að hann tók við starfi sem óháður bæjarstjóri þegar meirihlutinn í bæjarstjórn sprakk en samningur bæjarins við hann átti að standa út kjörtímabilið til ársins 2006.



**SEX MÁNAÐA BIÐLAUN EKKI NÓG** Fyrrverandi bæjarstjóri vill 26 milljónir króna í bætur vegna uppsagnar sinnar þremur árum áður en til stóð. Það gera árslaun upp á tæplega níu milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bærinn hefur þegar falið lögmanni að gæta hagsmuna bæjarins ef til málarekstururs komi. Segir Ingi að lögmaður sinn bíði eftir formlegu svari frá bænum áður en lengra er haldið. „Þarna er um skýrt brot á samningi að ræða. Ég þurfti að hætta í öðru starfi því það var sótt hart að mér að taka þetta að mér og ég var án atvinnu í heilt ár eftir að mér var sagt upp. Það liggur fyrir að minn rétt mun ég sækja með þeim ráðum sem eru tiltæk.“ - aöe

Kínverjar herða lög:

# Banna sölu á líffærum

**KÍNA, AP** Kínverska heilbrigðisráðuneytið hefur bannað sölu á líffærum og verður skriflegt leyfi líffæragjafans að liggja fyrir áður en hægt er að græða nýtt líffæri í sjúkling. Hingað til hefur líffæraflutningum verið illa stjórnað í Kína og ljóst þykir að um mikla spillingu er þar að ræða.

Engar tölur eru til um líffæraflutninga í Kína, en talið er að allt að fimm þúsund nýru og fimmtán hundruð lifrar séu græddar í auðuga sjúklinga þar á ári. Mannréttindasamtök telja að mörg líffæranna séu úr föngum sem teknir hafi verið af lífi og þeir aldrei samþykkt líffæragjöfina. - smk




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



**ABDUL RAHMAN** Máli hans var vísað frá dómi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kristni Afganinn Abdul Rahman:

# Laus úr haldi og boðið hæli á Ítalíu

**AFGANISTAN, AP** Abdul Rahman, Afganinn sem átti yfir höfði sér dauðadóm fyrir að hafa snúist til kristinnar trúar, var í gær látinn laus úr haldi og verður að öllum líkindum boðið hæli á Ítalíu.

Giancarlo Fini, utanríkisráðherra Ítalíu, hyggst fá samþykki ítölsku ríkisstjórnarinnar í dag fyrir því að bjóða Rahman hæli. Fini hefur frá upphafi látið sig mál Rahmans varða og lýst yfir „vanþóknun“ Ítalíu á því réttarfari, þar sem dauðarefsing liggur við því að skipta um trú.

Ítalía hefur lengi haft náin tengsl við Afganistan. Mohammed Zaher Shah, fyrrverandi konungur Afganistans, bjó í útlegð á Ítalíu í þrjá áratugi en sneri aftur eftir að stjórn talibana féll fyrir nokkrum árum.

Rahman var handtekinn í síðasta mánuði eftir að lögreglan hafði komið að honum með Biblíu sér í hönd. Hann snerist til kristinnar trúar fyrir sextán árum þegar hann starfaði við hjálparstarf fyrir alþjóðleg kristileg samtök, sem unnu að því að aðstoða afganska flóttamenn í Pakistan. Hundruð manna héldu í mótmælagöngu í Afganistan á mánudaginn til þess að lýsa andúð sinni á því að dómstóll hafði vísað máli hans frá. - gb



Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úkraínu:

# Sprungur komnar í virki stjórnarinnar

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Alexander Milinkevitsj, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi, segir að myndast hafi „sprungur í virki“ stjórnarinnar í kjölfar fjöldamótmæla gegn umdeildum kosningasigri Lúkasjenkós forseta fyrir skemmstu.

„Það kemur annað áhlaup, en við ætlum ekki að bíða í fimm ár eftir því,“ sagði hann í viðtali við fréttastofuna AP. Næsta skref sé fólgið í því að mótmælendurnir haldi sig til hlés en noti tímann til að breiða út þann boðskap að breytingar séu mögulegar.

„Við höfum gert göt og sprungur í virkið. En ef við höldum áfram að berja höfðinu við þennan stein, sérstaklega með nýjum liðsafla, þá gætum við tapað. Þess vegna erum við að stíga skref til baka og erum að byrja umsátur um virkið. Umsátrið verður fólgið í upplýsingaflóði,“ sagði hann.

Stjórnvöld brutu mótmælaaðgerðir á bak aftur í síðustu viku þegar tvö til þrjú hundruð mótmælendur voru handteknir á einu bretti.



**Á LEIÐ FYRIR DÓMARA** Lögreglumaður í Hvíta-Rússlandi fylgdi þessari konu í dómsal í gær þegar réttarhöld hófust yfir tugum þeirra mótmælenda sem handteknir voru í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margir mótmælendanna hafa komið fyrir dómstóla á síðustu dögum og hlutu flestir þeirra fimmtán daga fangelsisdóm. Þeirra á meðal er Mariusz Maszkiewicz, fyrrverandi sendiherra Póllands í Hvíta-Rússlandi, sem bar sig vel á eftir og sagðist stoltur af því að hafa verið með í þessum mótmælum. **- gb**

Norðurlönd:

# Svíar kannski greindastir

**SVÍÞJÓÐ** Svíar eru greindastir allra þjóða á Norðurlöndum og langtum greindari en allar hinar þjóðirnar, að sögn fréttavefs Aftonbladet. Þetta kemur fram í niðurstöðum greindarvísitölukönnunar sem gerð var í Evrópu.

Samkvæmt könnuninni, sem er hluti af rannsóknarverkefni prófessors við Ulster-háskóla á N-Írlandi, eru Svíar í fjórða sæti yfir greindustu þjóðir í Evrópu, Norðmenn í því níunda, Danir í ellefta og Finnar í tólfta. Greindastir eru hins vegar Þjóðverjar, Hollendingar og Pólverjar.

Íslendingar eru ekki teknir með í reikninginn. **- ghs**



**MATTI VANHANEN** Forsætisráðherra Finnlands er nýskilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Finnski forsætisráðherrann:

# Sendi sms til fegurðardísar

**FINNLAND** Finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen er hættur við að fara í mál við dagblaðið Ilta Sanomat. Blaðið birti um helgina texta úr smáskeytum sem Vanhanen sendi 35 ára fegurðardís. Í sms-unum ku Vanhanen hafa boðið konunni á stefnumót og spurt hana hversu mikinn áhuga hún hefði á sér.

Vanhanen hefur staðfest að textinn úr smáskeytunum sé sinn. Í vefútgáfu Helsingin Sanomat er hins vegar haft eftir honum að best sé að láta kyrrt liggja. Vanhanen er nýskilinn, er sagður lifa villtu lífi þessa dagana og hafa sent fleiri konum sms. **- ghs**

Bæjarmál í Fljótsdalshéraði:

# Listi Sjálfstæðismanna

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum var samþykktur á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á Fljótsdalshéraði fyrir skömmu.

Núverandi forseti bæjarstjórnar, Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, skipar efsta sæti listans. Næstu sæti skipa Þráinn Lárusson skólameistari, Guðmundur Ólafsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sveinsson Kröyer jarðfræðingur. **- sdg**

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær er fullyrt að Hannes Hólmsteinn Gissurarson hafi notað texta Halldórs í leyfisleysi og í andstöðu fjölskyldu hans án þess að aðgreina frá öðrum texta þegar hann ritaði ævisöguna um nóbelskáldið. Rétt er að hann er sakaður um það. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

PILS
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100




Nýtt Nesti

Komdu við í Nesti því nú bjóðum við enn meira úrval af hollum og ferskum skyndiréttum, samlokum, nýbökuðu brauði, bakkelsi og ilmandi kaffi. Sæktu þér orku í dagsins önn eða komdu við á leiðinni heim og náðu í það sem upp á vantar.

Nesti – Fyrir fólk á ferðinni

Fossvogur – Ártúnshöfði – Háholt – Borgartún – Stórihjalli
Lækjargata, Hafnarfirði – Geirsgata – Gagnvegur – Selfoss

Nesti
Á ESSO STÖÐINNI



**EYÐILEGGING** Þessi íraska kona horfði út um brotinn glugga í Bagdad í gær og virti fyrir sér eyðilegginguna eftir sprenginguna sem varð á mánudaginn þegar flugskeyti lenti á höfuðstöðvum sjía-flokksins Fadhila. Sjö manns létust og að minnsta kosti þrjátíu særðust, þar á meðal börn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margdæmdur síbrotamaður hlaut skilorð vegna óútskýrðra tafa ákæruvaldsins:

# Frjáls eftir árás á lögreglu

**DÓMSMÁL** Margdæmdur síbrotamaður hlaut sjö mánaða dóm í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær eftir að hafa ráðist að og bitið lögreglumann en dómurinn var skilorðsbundinn þar sem tvö og hálft ár leið frá broti til útgáfu ákæru.

Eru málavextir þeir að maðurinn, Daníel Sævar Pétursson, sem smitaður er af lifrarbólgu C réðst að lögreglumanni á lögreglustöðinni á Sauðárkróki í febrúar 2003 og beit hann í handarbakið. Lifrarbólga C veldur viðvarandi lifrarbólgu og er ólæknandi og tók það tíu mánuði að ganga úr skugga um að lögreglumaðurinn hefði ekki smitast vegna árásarinnar.



**LÖGREGLUSTÖÐIN Á SAUÐÁRKRÓKI** Þar átti hin fólskulega árás Daníels Sævars á lögregluþjón sér stað í febrúar 2003. Vegna tafa hlaut hann einungis skilorðsbundinn dóm. MYND/ÁRNI PÁLSSON

Hefur maðurinn ítrekað lent í kast við lögin fyrir ýmis brot gegnum tíðina og var meðal annars dæmdur til fjórtán mánaða fangelsisvistar fyrir stórfellda líkamsárás árið 2001. Gengur hann nú laus vegna óútskýrðra tafa við meðferð málsins en dómari taldi að vegna dráttarins skyldi skilorðsbinda alla refsingu mannsins. Fellur hún með öllu niður haldi maðurinn skilorð næstu þrjú árin.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja tafir málsins liggja hjá fulltrúum sýslumanns en tvisvar sinnum þurfti að senda saksóknara málið til ákæru og leið heilt ár þar á milli. - aöe

Svíþjóð:

# Þekktur njósnari er látinn

**SVÍÞJÓÐ** Þekktasti njósnari Svía, Stig Wennerström, er látinn. Hann lést úr elli í síðustu viku á einkareknu dvalarheimili aldraðra í nágrenni Stokkhólms, 99 ára gamall. Hann hefði orðið 100 ára í ágúst. Njósnarinn verður jarðsunginn í kyrrþey, að sögn vefútgáfu Aftonbladet.

Stig Wennerström var ofursti að tign. Hann var dæmdur árið 1964 fyrir 15 ára njósnir í þágu Sovétríkjanna og var litið á hann sem þekktasta og afkastamesta njósnara Svía. Hann sat í tíu ár í fangelsi en var þá látinn laus og lifði kyrrlátu lífi með fjölskyldu sinni eftir það. - ghs

Bæjarmál í Fjarðabyggð:

# Framboðslisti D-lista í vor

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Fjarðabyggð hefur stillt upp framboðslista fyrir kosningarnar í vor.

Miklar breytingar eru á listanum frá síðustu kosningum þar sem báðir núverandi bæjarfulltrúar flokksins gáfu ekki kost á sér á lista. Efsta sæti skipar Valdimar O. Hermannsson rekstrarstjóri. Í næstu sætum sitja Jóhanna Hallgrímsdóttir æskulýðs- og íþróttafulltrúi og Jens Garðar Helgason framkvæmdastjóri. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í minnihluta á þessu kjörtímabili. - sdg

## DÓMSMÁL

**Brot á vinnulöggjöf** Verktaki var sektaður um 90 þúsund krónur fyrir brot á lögum um öryggi á vinnustað. Hafði hann unglinga við störf án tilskilinna öryggisvarna en sektin var ekki þyngri þar sem hann lagfærði strax í kjölfarið vinnuaðstöðuna.

Könnun IMG Gallup um viðhorf forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja:

# Svartsýni með horfur út árið

**EFNAHAGSLÍF** Forráðamenn fyrirtækja sem telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar eru um 75 prósent svarenda í könnun IMG Gallups um stöðu og horfur stærstu fyrirtækja á Íslandi. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands og var gerð á tímabilinu 9. febrúar til 3. mars 2006. Alls voru 388 fyrirtæki í endanlegu úrtaki og svarhlutfall 68,3 prósent. Stuðst var við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin voru valin.

Um ellefu prósent telja að aðstæður í efnahagslífinu séu slæmar og hefur hlutfall þeirra sem telja núverandi aðstæður almennt góðar vaxið frá seinustu mælingu sem fór fram í október 2005.

Forsvarsmenn fyrirtækja á landsbyggðinni sem telja núverandi aðstæður góðar eru 62 prósent á móti 80 prósentum á höfuðborgarsvæðinu.

Ákveðinnar svartsýni gætir þegar beðið er um mat á stöðu efnahagsmála tólf mánuði fram í tímann en 36 prósent telja að aðstæður muni versna en tuttugu prósent aðspurðra telja að þær muni batna.

Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna mismunandi atvinnugreina þá eru það helst fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru almennt bjartsýni um horfur á næstu tólf mánuðum samanborið við aðrar atvinnugreinar. - sdg



**FISKVINNSLA** Forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja eru bjartsýnastir um horfur á næstu tólf mánuðum samanborið við aðra.


www.toyota.is

## Framsæknir og reynsluríkir með ábyrgð



**Volvo XC90 W/G 2.4 Turbo**
Fyrst skráður 03/2005, ekinn 28.000 km.
**Vél:** 2400cc, diesel.
**Litur:** Dökkgrár.
**Verð:** 5.900.000 kr.
Hlaðinn aukabúnaði.



**Lexus RX300**
Fyrst skráður 12/2002, ekinn 35.000 km.
**Vél:** 3000cc, sjálfskiptur.
**Litur:** Grár.
**Verð:** 3.490.000 kr.
Luxury/Sóllúga.



**Audi A4 W/G**
Fyrst skráður 02/2005 , ekinn 12.000 km.
**Vél:** 2000cc, sjálfskiptur.
**Litur:** Svartur.
**Verð:** 3.390.000 kr.
Viðarklæðning í mælaborði, Ambition leðurinnrétting, skriðstillir, Xenon ljós, sóllúga.



**BMW X3**
Fyrst skráður 08/2004, ekinn 16.000 km.
**Vél:** 3000cc, sjálfskiptur.
**Litur:** Dökkrauður.
**Verð:** 3.990.000 kr.
Leðurklæðning, sóllúga, samlitur.



**Peugeot 407 W/G V6**
Fyrst skráður 07/2005, ekinn 9.000 km.
**Vél:** 3000cc, sjálfskiptur.
**Litur:** Dökkgrár.
**Verð:** 2.890.000 kr.



**Audi A6 S/D Quattro**
Fyrst skráður 10/2001, ekinn 122.000 km.
**Vél:** 2800cc, sjálfskiptur.
**Litur:** Svartur.
**Verð:** 2.550.000 kr.
18" álfelgur, sóllúga og fleira.

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar, - sjá nánar á www.toyota.is notaðir bílar.**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31987 03/2006



**HER Í NÝRRI HÖFUÐBORG** Dagur hersins var haldinn hátíðlegur í gær í Búrma (Myanmar), eins og jafnan þann 27. mars ár hvert þegar þess er minnst að herinn gerði uppreisn árið 1945 gegn japanska hernámsliðinu. Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðahöldin fara fram í hinni nýju höfuðborg landsins, Pjinmana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hámarkstaxti leigubílstjóra gefinn frjáls:

# Hagsmuna neytenda gætt

**SAMKEPPNISMÁL** Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, hyggst kalla hagsmunaaðila saman til fundar gangi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins eftir að gefa hámarkstaxta leigubíla frjálsan frá og með fyrsta maí.

Fram til þessa hefur Samkeppniseftirlitið þurft að samþykkja allar hækkanir á taxta leigubíla en frá og með 1. maí verður slíkt í höndum hvers og eins bílstjóra. Hefur ákvörðuninni verið skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála af hálfu Frama, félags leigubílstjóra, og er niðurstöðu að vænta í næsta mánuði.

Gísli Tryggvason segir að hagsmunaaðilar allir hafi lýst yfir áhyggjum í hans eyru vegna þessa og geri áfrýjunarnefnd engar athugasemdir muni hann kalla þá saman á fund til að fara yfir stöðuna með það fyrir augum að hagsmuna neytenda verði gætt. „Á þeim fundi munum við fara yfir hvaða leiðir séu færar svo ekki halli á neytendur þegar breytingarnar taka gildi.“ Ekki er langt síðan gjaldtaka leigubílstjóra var gefin frjáls í Svíþjóð með slæmum afleiðingum og hafa reglur verið hertar þar að nýju. **- aöe**



**BÍLSTJÓRAR RÁÐA GJALDINU** Frá og með fyrsta maí gætu leigubílstjórar makað krókinn í hvert sinn sem eftirspurn er eftir bílum og hækkað taxta sinn upp úr öllu valdi og það væri með öllu löglegt. Myndin tengist ekki greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMM



**ÍSLENDINGUR** Ferð skipsins vakti mikla athygli á sínum tíma en það er nú geymt við Stekkjarkot í Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS

Víkingaskipið Íslendingur:

## Skipið sjósett fyrir tíu árum

**NJARÐVÍK** Tíu ár eru liðin frá því að víkingaskipið Íslendingur var sjósett við Miðbakkann í Reykjavík og kom áhöfn skipsins af því tilefni saman í Njarðvík í boði skipstjórans Gunnars Marels Eggertssonar en frá þessu greinir vf.is.

Sigling Íslendings vakti mikla athygli á sínum tíma þegar honum var siglt til Ameríku en eftir að siglingunni lauk lenti skipið á hrakhólum þar til Reykjanesbær ákvað að velja því stað við Stekkjarkot þar sem gestir og gangandi geta virt herlegheitin fyrir sér.

Meðal þeirra sem heiðruðu áhöfnina með nærveru sinni var Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, en hann negldi einmitt fyrsta naglann í skipið þegar smíði þess hófst árið 1996. **- fgg**

Fjarðabyggð:

## Nýtt fólk í efstu sætum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í hinni nýju Fjarðabyggð hefur stillt upp framboðslista sínum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Miklar breytingar eru á framboðslistanum frá síðustu kosningum þar sem báðir núverandi bæjarfulltrúar flokksins gáfu ekki kost á sér á lista. Fjögur efstu sætin skipa Valdimar O. Hermannsson, Jóhanna Hallgrímsdóttir, Jens Garðar Helgason og Pétur Gauti Hreinsson. **- shá**

Gó-kartbrautin á Reykjanesi:

## Flutningur í haust

**REKSTUR** Núverandi rekstraraðilar gó-kartbrautarinnar á Reykjanesi hyggjast opna nýja og glæsilega braut sem leysir þá gömlu af hólmi strax í haust en nýja brautin verður á sama stað og sú gamla er nú en hinum megin við Reykjanesbrautina.

Núverandi braut verður að víkja frá og með haustinu þar sem reisa á verslunarmiðstöð á lóðinni. Starfsemi þar er engu að síður í fullum gangi og er stefnt að því að nýja brautin verði tilbúin þegar núverandi braut verður lokað þannig að ekki komi til lokunar. **- aöe**




## „ORÐRÉTT“

### Óttinn við fuglaflensuna

**„Það er því engin ástæða til að óttast mig en það var eins og sumir héldu að ég væri með fuglaflensuna í vasanum og tóku sveig frekar en að mæta mér.“**

JÓN BRAGI BJARNASON PRÓFESSOR. HANN HYGGST RANNSAKA FUGLAFLENSUVEIRUNA EN ÞAÐ VERÐUR ÞÁ GERT Í ERLENDUM TILRAUNASTOFUM EN EKKI HÉR Á LANDI. FRÉTTABLAÐIÐ

### Klikkar á draugunum

**„Maður var heldur ekki alveg viss hvort maður væri orðinn klikkaður.“**

SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR, STARFSMAÐUR HESTAMIÐSTÖÐVAR OG ÍBÚI Á SÓLVANGI VIÐ EYRABAKKA. HÚN BJÓ VIÐ DRAUGAGANG Í UM FJÖGUR ÁR. MORGUNBLAÐIÐ

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓN BJÖRN HÁKONARSON, SÖLUSTJÓRI Í LANDSBANKANUM Á AUSTURLANDI

## *Skíðasvæðið opið*



„Það er allt gott að frétta. Hér er kominn vetur,“ segir Jón Björn Hákonarson, sölustjóri í Landsbankanum á Austurlandi, sem nýkominn er úr ferðalagi um Austfirði. „Maður svo óvanur því að það snjói í nokkra daga í röð að maður veit ekki alveg hvernig maður á að snúa sér. Það snjóar, er skafrenningur og vetrarlegt. Ég var að keyra í gegnum Oddskarðið og mér sýnist vera hægt að opna skíðasvæðið þar. Nú verður kannski hægt að halda skíðasvæðinu opnu svo að maður geti skemmt sér á skíðum um páskana. Það er verið að auglýsa páskafjörið og það verður mjög jákvætt fyrir allt skíðafólk á Austurlandi ef það verður hægt að fara á skíði því að það hefur ekki verið hægt að stunda skíði hér síðustu ár. Austfirðingar hafa verið að berjast við það að halda litlu lyftunum opnum og allur gangur verið á því hvernig það hefur gengið en núna er búið að setja niður meiri snjó þannig að það er aldrei að vita.“

Von er á fjölda manns austur um páskahelgina, ekki síst ef skíðasvæðin verða opin, og telur Jón Björn líklegt að Austfirðingar komi í heimsókn og skelli sér um leið á skíði. Mikið fjör verður á stöðunum, menningarviðburðir og skemmtanir og því eftir miklu að slægjast fyrir þá sem á annað borð hafa hugsað sér að leggja land undir fót. Þá er líklegt að einhverjir, sem hafa hugsað sér að flytjast búferlum austur, noti tækifærið til að dvelja þar í nokkra daga og skoða sig um.

Jón Björn segir að það sé bullandi sveifla í atvinnulífinu fyrir austan, mikil þensla. „Þetta er eins og maður átti von á, það er verið að byggja hús á Mið-Austurlandi. Svo er allt á fullu í byggingu álversins og gengur allt samkvæmt áætlun,“ segir hann. Þá er hreyfing að komast á pólitíkina fyrir austan og ekki ósennilegt að stjórnmálaumræðan taki að mótast eftir páskana þegar framboðslistar flokkanna fara að birtast.

### SJÓNARHÓLL

## *Stjórnarskipti í Úkraínu*



„Í Úkraínu er togstreita milli austurs og vesturs. Við höfum fjárfestingar í landinu eftir að Kútsma tapaði fyrir nokkrum árum. Tengslin í austur voru svo náin meðan hann var. Við sáum fram á að reglurnar yrðu lagaðar að því sem er í ESB og viðskipti yrðu öruggari þegar hann færi farinn,“ segir Reynir Grétarsson, framkvæmdastjóri Lánstrausts. „Það getur verið slæmt fyrir efnahaginn ef Janúkovitsj kemst aftur til valda og reynir að toga landið aftur í austurátt. Ég held að Júsjenkó forseti og forsætisráðherraefnið Júlía Tímosjenkó þurfi að ná sáttum en þau sökuðu hvort annað um spillingu eftir að slitnaði upp úr samstarfi þeirra. Ég held að þau neyðist til að vinna saman í landsstjórninni. Ef þau vinna saman aftur þá er líklegt að það verði tekið á spillingarmálum því að Júsjenkó hefur lofað að uppræta spillingu,“ segir hann.
Reynir telur að á næstu misserum verði minni spilling og lífvænlegra viðskiptaumhverfi í Úkraínu en þó engar stökkbreytingar. „Úkraínumenn eru sjálfstæðir og ofsalega tortryggnir. Þess vegna eru svo margir stjórnmálaflokkar. Það skiptir þá öllu máli hver býður upp í dansinn, það skiptir meiru máli en dansinn sjálfur og því geta þeir misst sjónar á markmiðinu. Þetta er sterkt í þjóðarvitundinni og mun halda aftur af eða hægja á þróun í efnahagsmálum. Einnig sú ofboðslega reglugerðavirðing sem er í landinu.“

# Segir kennslubækur um íslam vera ónothæfar

**Jón Ormur Halldórsson segir kaflana sem notaðir eru til kennslu um íslam í framhaldsskólum vera ónothæfa. Á átta blaðsíðum um íslam hafa verið staðfestar 34 staðreyndavillur. Útgefandi segir málið vera í skoðun.**

Þrjátíu og fjórar staðreyndavillur eru á þeim átta blaðsíðum þar sem fjallað er um íslam í þeim tveimur kennslubókum sem notaðar eru til kennslu í framhaldsskólum um þau trúarbrögð.

Ingólfur Shahin gerði úttekt á efninu í bókunum Fornir tímar og Íslands- og mannkynssaga NBI og hefur Jón Ormur Halldórsson, einn helsti fræðimaður Íslendinga um íslam, staðfest þessar villur og jafnframt sagt að kaflarnir tveir séu ónothæfir til kennslu.

„Það er alveg ljóst að þeir sem skrifa kaflana um íslam hafa mjög takmarkaða þekkingu á þeim trúarbrögðum því fyrir þá sem þekkja til eru villurnar afar sláandi,“ segir Ingólfur. Sem dæmi nefnir hann að rangt hafi verið farið með grundvallarkennisetningu sjía-múslima.



**INGÓLFUR SHAHIN** Útekt Ingólfs leiddi í ljós 34 staðreyndarvillur á þeim átta blaðsíðum sem framhaldsskólar bjóða upp á í kennslu um íslam. Villurnar hafa verið staðfestar af Jóni Ormi Halldórssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ég get ekki staðfest það að bækurnar séu ónothæfar í heild sinni en það hlýtur að vekja grunsemdir ef þú finnur tuttugu og tvær villur á fimm blaðsíðum eins og raunin er í bókinni Fornir tímar,“ bætir hann við.

„Höfundarnir hafa verið að fara yfir nokkrar af þessum athugasemdum og það er margt sem bendir til þess að þarna séu villur sem eru líka í þeim heimildum sem höfundarnir notuðu en það eru virt fræðirit,“ segir Bjarni Þorsteinsson, aðalritstjóri kennslubóka hjá Eddu. „Einnig er líklegt að sumt af þessu sé ágreiningsefni en við erum að skoða það.“

Hann segir enn fremur að í þeim tilfellum þar sem villur finnist í kennslubókum séu þær lagaðar í næstu prentun en eitt til tvö ár geti liðið þar á milli. „Þó prentum við fyrstu eintök í frekar litlu upplagi svo hægt sé að bregðast skjótt við ef athugasemdir berast en engar athugasemdir höfðu borist vegna þessara bóka,“ bætir Bjarni við.

Heiða Björk Sturludóttir, verkstjóri sögudeildar við Fjölbrautaskólann í Ármúla, segir að úthluta þurfi meiri peningum til gerðar kennsluefnis svo hæfustu menn fáist til verksins og þeim svo gert kleift að sinna þeim lengur. „Við höfum rekist á ýmislegt í þessum dúr en þó ekki 22 villur á fimm síðum,“ segir hún. „Oft þurfa svo kennarar að tína til efni til kennslu sjálfir þar sem kennsluefnið er ekki til eða ekki nógu gott,“ bætir hún við. Bjarni segir að óskin um úthlutun í þennan málaflokk hefði hljóðað upp á 77 milljónir en einungis hefðu fengist nítján.

**jse@frettabladid.is**


Hljómar & List
HLJÓÐFÆRI • SKÓLI
Erum flutt að Skipholti 29A (á móti pósthúsinu)



Umboðsaðilar hins þekkta fiðlusmiðs
*Pawlikowscy*

*Fiðlur
*Selló
*Kontrabassar
*Bogar
*Klarinett
*Þverflautur
*Trompett

*Gæði og lágmarksverð*

www.hljomaroglist.com sími: 511 5151 opið 10-17




**MENGUN** Ef björtustu vonir vísindahópsins rætast þá verður hægt að fanga mikið af þeim gróðurhúsalofttegundum sem koma frá stóriðju og orkuverum og farga þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/

Íslenskir vísindamenn berjast gegn gróðurhúsaáhrifum:

# Þróa byltingarkennda aðferð

**VÍSINDI** Hópur íslenskra vísindamanna frá Háskóla Íslands, Ísor og Orkuveitu Reykjavíkur eru um þessar mundir að undirbúa verkefni þar sem rannsakað verður hvort hægt sé að geyma gróðurhúsalofttegundir í berggrunninum. Þeir hafa meðal annarra forseta Íslands og vísindamenn frá Columbia-háskóla í Bandaríkjunum sér til fulltingis.

Rannsóknin felst í því að dæla koltvísýringi í fljótandi formi niður í berggrunninn. Efnabreytingar sem eiga sér stað valda því að kalsíum skilur sig úr berginu og blandast koltvísýringnum og myndar kalsíum-karbónat sem er mjög líkt steindinni silfurbergi.

Vonast er til að ljúka undirbúningi í júní á þessu ári og hefja tilraunir árið eftir. Einn íslensku vísindamannana, Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskólans, segir verkefnið aðeins á hugmyndastigi en ef vel takist til verði til þekking sem nýst getur öðrum þjóðum og að mögulegt verði að binda mikið af því sem kemur af koltvísýringi frá íslenskri stóriðju og orkuverum. „Óráðlegt er að gera sér of miklar væntingar en ef vel tekst til getum við minnkað mengun frá Íslandi verulega.“ **- shá**



Tilboð í viku 13 gilda til sunnudags 2. apríl
Bónus línuýsa
ÚRVALS RÆKJA 599 kg KR.
FROSIN ÝSUFLÖK 399 kg KR. MEÐ ROÐI
FROSIN ÝSUFLÖK 499 kg KR. ROÐLAUS
FROSIN ÝSUFLÖK 599 kg KR. ROÐLAUS/BEINLAUS
Úrvals rækja
Verðöryggi -frá upphafi
EKKERT BRUÐL
BELISS sléttublásari
Sléttublásari 4495 KR.
As seen on TV
SERVORU VERSLANIR
Frábært tæki!
KAUPTU 4 FÁÐU 6!
12 lítra kipputilboð
4+2 flöskur 598 KR. 12 lítra tilboð
PEPSI MAX
Kipputilboð!
350g
MARGARÍTA 59 KR. 350g
Pitsutilboð!
Pizza Margherita
BABYLISS hárklippisett
HÁRKLIPPISETT 3495 KR.
1800W
1800W BLÁSARI 2495 KR.
BABYLISS BLÁSARI
BABYLISS KRULLUJÁRN PRESS & CURL
KRULLUJÁRN 2995 KR.
SAMLOKUSKINKA 699 kg KR. BÓNUSS
MALAKOFF 719 kg KR. BÓNUSS
KJÚKLINGABRINGUR -danskar, góðar og frosnar í 900g pokum
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g 1279 KR. 900g poki
KOFAREYKT
FOLALDAKJÖT 419 KR. Merkt verð 599
30% afsláttur við kassann
REYKT OG SALTAÐ FOLALDAKJÖT FRÁ KF
Egils PILSNER
EGILS PILLI 49 KR. 500 ML
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** VÚDÚ

# Úbreiddustu trúarbrögðin á Haítí

Í vikunni fann lögreglan á Haítí hauskúpur manna sem hún telur hafa verið notaðar við helgisiði vúdú. Hauskúpur hafa táknrænt mikilvægi í vúdú og trúa sumir að þær bægi frá illum öndum.

**Hver er uppruni vúdú?**
Vúdú er algengasta heitið á trúarbrögðum sem meirihluti íbúa á Haítí aðhyllist. Talið er að rætur trúarinnar liggi í Vestur-Afríku, frá Gana í vestri til landsvæðanna kringum neðsta hluta Kongófljóts, og mun hún hafa borist frá Afríku til Haítí á tímum þrælasölunnar. Þar blandaðist trúin kaþólsku, sem hefur verið opinber trúarbrögð þar í landi í um 500 ár.



**Hvað er vúdú?**
Haítíbúar sem aðhyllast vúdú trúa að einn guð sé skapari alls. Einnig trúa þeir á tilvist anda og goða sem þeir geta leitað til. Þessir andar og goð munu flest vera afrísk að uppruna og bera það með sér en sum þeirra hafa verið samsömuð kaþólskum dýrlingum og bera þá nöfn þeirra. Sem dæmi má nefna Dambala, einn af guðum Fon-þjóðarinnar í Benin í Vestur-Afríku, sem tengist slöngum og birtist stundum í slöngulíki. Hann er tilbeðinn í vúdú, stundum undir þessu heiti en stundum er látið svo heita sem hann og heilagur Patrekur séu einn og sami.
Kærleikur og stuðningur innan fjölskyldunnar er einna mikilvægasta gildið innan vúdú. Einnig er lögð áhersla á örlæti og það að gefa til samfélagsins.

**Er vúdú galdratrú?**
Í hugum margra tengist vúdú göldrum, þá sérstaklega vúdú-brúður og uppvakning hinna dauðu (e. zombies). Rannsóknir á grasafræði þjóðflokka styðja við kenningar um tilraunir til að vekja upp dauða en það er minniháttar fyrirbrigði í menningu dreifbýlissvæða Haítí og ekki hluti af vúdú-menningunni sjálfri. Það að stinga prjónum í vúdú-brúður tengist upphaflega lækningarmeðferðum. Hvernig vúdú-brúðan fór að tengjast því að bölva einstaklingum er óvitað. Sumir telja að þrælar hafi komið þeirri sögusögn af stað til að hræða þrælaeigendur.

Heimildir: Vísindavefur Háskóla Íslands Wikipedia.org

## SPURT & SVARAÐ

LÖGGÆSLUSKATTUR

# Ósanngjörn skattheimta


TRYGGVI HARÐARSON

Afar misjafnt virðist vera með hvaða hætti sýslumenn landsins innheimta svokallaðan löggæsluskatt. Einn þeirra sem telja innheimtuna afar ósanngjarna og koma hvað harðast niður á landsbyggðinni er Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði.

**Hvað er vandamálið?**
Það ríkir mikill hringlandaháttur um innheimtu þessa gjalds hjá sýslumönnum um landsins og þeim virðist í sjálfsvald sett hvernig þeir túlka lögin. Að mínu viti er um landsbyggðarskatt að ræða og við höfum sent umboðsmanni Alþingis bréf vegna þessa.

**Hvernig er þetta á Seyðisfirði?**
Hér er okkur gert að greiða löggæslukostnað vegna lokadansleiks Listahátíðar unga fólksins. Þrátt fyrir að bærinn ráði til eftirlits og aðstoðar tugi manna krefur sýslumaður félagsheimilið þar sem dansleikurinn fer fram um löggæslukostnað.

**Hvað ber ábyrgðina?**
Dómsmálaráðherra ber ábyrgð og sýslumenn eru í raun ekki að gera annað en verða við kröfum að ofan um að auka tekjur embætta sinna með hverjum þeim hætti sem mögulegur er.



**RÉTTI FERÐAMÁTINN** Það kafsnjóaði á Akureyri í gær og var hálka og þæfingsfærð á götum. Sumir brugðu á það ráð að fara á milli staða á vélsleðum. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Aftakaveður og ófærð

**Hvöss norðanátt með skafrenningi og ofankomu olli mikilli ófærð á vegum um allt norðan- og austanvert landið í gær og fyrrinótt. Fjöldi fólks lenti í erfiðleikum á fjallvegum sökum ófærðar og björgunarsveitarmenn voru kallaðir til aðstoðar á Holtavörðuheiði, Fjarðarheiði og í Vatnsskarði en engan sakaði. Aftakaveður var á Suðausturlandi í gærmorgun og skemmdust bílar í sandfoki á Skeiðarársandi.**

Mjög slæmt veður var á Holtavörðuheiði og Vatnsskarði í fyrrakvöld. Björgunarsveitin Káraborg frá Hvammstanga og Flugbjörgunarsveitin á Laugabakka voru kallaðar út um klukkan 21 til að aðstoða ökumenn sem fest höfðu bíla sína á Holtavörðuheiði og um svipað leyti var Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð kölluð út vegna ökumanna sem voru í vandræðum í Vatnsskarði. Aðstæður voru erfiðar í Vatnsskarði; bálhvasst, hálka og sama og ekkert skyggni. Svo mikill var stormurinn að nokkrir bílar fuku út af veginum um Vatnsskarð eftir að ökumenn höfðu stöðvað þá en engin slys urðu þó á fólki.

**Of margir hunsa viðvaranir**
Vöruflutningabifreið með tengivagn lenti að hálfu út af veginum við Húnaver í fyrrakvöld og lokaði þjóðveginum fyrir umferð stærri ökutækja. Beðið var með að koma bifreiðinni upp á veginn þangað til í birtingu í gær.

Björgunarsveitin Ísólfur á Seyðisfirði var einnig kölluð út í fyrrinótt vegna ökumanna sem voru í vandræðum á Fjarðarheiði, á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar, en engan sakaði þar frekar en á Norðurlandi.

Starfi björgunarsveitarmanna á Norður- og Austurlandi lauk farsællega um klukkan 2 í fyrrinótt.

Veðurstofan gerir ráð fyrir áframhaldandi snjókomu og slæmu veðri um norðanvert landið næstu sólarhringa og Vegaerðin hvetur vegfarendur til að athuga færð á vegum áður en lagt er upp í langferð.

Ingibjörg Daníelsdóttir, hjá umferðarþjónustu Vegagerðarinnar, segir of marga ökumenn virða að vettugi viðvaranir Vegagerðarinnar og Veðurstofunnar. „Sumir virðast halda út í óvissuna að næturlagi og stíla upp á að starfsmenn Vegagerðarinnar eða björgunarsveitarmenn komi þeim til aðstoðar,“ segir Ingibjörg.



**KAPPKLÆDD** Akureyringar drógu fram vetrarklæðnaðinn í gær og víst að honum verður ekki lagt næstu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**Bílar skemmdust í sandstormi**
Sjálfvirkur veðurmælir við Papey sýndi að vindurinn hefði farið í 136,5 metra á sekúndu klukkan 4 í gærmorgun og 103,4 metra á sekúndu klukkan 7. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir þessar tölur ekki standast og skýringin sé tæknilegs eðlis en ekki veðurfarsleg.

Engu að síður var bálhvasst við suðausturströndina og staðfest að vindurinn hafi farið í allt að 48 metra á sekúndu í hviðum á Skeiðarársandi. Ökumenn voru varaðir við að aka um sandinn en sumir létu sér ekki segjast og dæmi um að bílar hafi skemmst vegna sandfoks snemma í gærmorgun. „Það var vitlaust veður á þessum slóðum og í raun ekki glóra að vera þarna á ferðinni,“ segir starfsmaður Vegagerðarinnar á Höfn.

Sigurður Ragnarsson

## Útlitið ekki gott



Sigurður Ragnarsson veðurfræðingur segir að búast megi áfram við norðlægum áttum með snjókomu og skafrenningi um norðanvert landið. „Veðrið verður keimlíkt vikuna á enda og jafnvel lengur. Þegar líður að helgi má búast við harðnandi frosti og getur það farið niður í 6 gráður við sjávarsíðuna norðanlands en eitthvað mildara syðra. Það er litlar breytingar að sjá í kortunum svo langt sem spár ná og ekki útlit fyrir hlýnandi veður fyrr en eftir rúma viku,“ segir Sigurður.

Guðmundur Karl Jónsson

## Skíðasvæðin full af snjó



Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og skíðamenn taka síðbúnum vetri fagnandi. Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli við Akureyri, segir að nú sé mun meiri snjór á skíðasvæðinu en undanfarin ár og útlitið gott fyrir skíðafólk. „Það er von á meiri snjókomu og tökum við henni fagnandi enda fáum við aldrei nóg af snjó. Snjókoman síðustu daga er sú besta á þessu árstíma síðan árið 2002 og stefnir í góða páska og Andrésar andar leika,“ segir Guðmundur Karl.



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
kk@frettabladid.is

**Pétursborg**
**6. maí**
**frá kr. 39.990**



**Einstök helgarferð í maí**

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri á að heimsækja þessa merku borg á frábærum tíma. Fjögurra nátta helgarferð á frábærum kjörum í beinu morgunflugi 6. maí. Fjölbreytt gisting í boði og einstakar kynnisferðir með Pétri Óla Péturssyni fararstjóra o.fl..

**Kr. 39.990**
Flugsæti með sköttum báðar leiðir. Netverð á mann.

**Kr. 59.990**
Flug, skattar og gisting í tvíbýli í "standard" herbergi á Hotel Moscow í 3 nætur. Netverð á mann

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900

# Gæðatilboð

Þeir sem fyrstir kveikja - **njóta þess**




## Kaup á Plasma tæki eru alvöru kaup

og ber þess vegna að vanda valið.
Það gerir þú með því að velja

**SAMSUNG**

Við bjóðum nú alvöru

**42" háskerpu Plasma tæki**
á aðeins kr.

# 289.990,-

sem er afar gott verð
- og ekki nóg með það -

**DVD upptökutæki**
að verðmæti 64.900 kr.

*fylgir með*

**En magnið er takmarkað** og því um að gera að vera fljót að kveikja

**SAMSUNG**

**PS42S5HX**
**42" háskerpu plasmasjónvarp**
HDTV | Skerpa 10.000:1
68,7 milljarðar lita
DNIe myndleiðrétting
Upplausn 1024 x 768
175°/175° | HDMI tengi
Verð: ~~299.900,-~~

**SAMSUNG**

**DVDHR725**
**DVD upptökutæki með hörðum disk**
Háskerpuspilari
160 GB harður diskur
HDMI útgangur
Sjálfvirkur kaflaskiptir
Verð: ~~64.900,-~~

**DVD upptökutæki** *fylgir með*




**Umboðsmenn:**
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Búsetumál aldraðra fari til sveitarstjórna:

## Nýtt afl í þágu aldraðra

Ekki er seinna vænna að menn taki rækilega við sér varðandi aðbúnað og kjör aldraðra í allsnægtaþjóðfélaginu hér á landi. Samtök aldraðra hafa á undanförnum árum með markvissum hætti bent á hvað megi betur fara varðandi aldraða og á það bæði við um húsnæðismál þeirra og kjör almennt, ekki síst hvað varðar skattamál. Margt hefur verið gert á undanförnum árum til að bæta aðbúnað aldraðra og margt er í farvatninu, en betur má ef duga skal og á það sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið. Víða um land hafa verið reist heimili fyrir aldraða, en þróunin er sú að fleiri og fleiri flytja á höfuðborgarsvæðið og þeirra á meðal eru margir aldraðir.

*Þótt málaflokkur vegna húsnæðismála aldraðra verði færður yfir til sveitarfélaganna er ekki þar með sagt að frjáls félagasamtök eigi að hætta því uppbyggingarstarfi sem þau hafa staðið að í þessum efnum.*

Á sunnudaginn var stofnað í Hafnarfirði Aðstandendafélag aldraðra - AFA - þar sem blásið var í herlúðra til stuðnings þjóðarátaki í búsetu- og kjaramálum aldraðra. Þar með er komið til sögunnar nýtt afl í þessum málum sem vonandi á eftir að láta gott af sér leiða í þessum efnum. Nýkjörinn formaður þessara samtaka, Reynir Ingibjartsson, segist hafa trú á því að hægt sé að breyta hlutunum: „Ástandið er til skammar. Biðlistar eftir húsnæði eru langir og meiri fjölbreytni skortir í valkostum. Skattlagning aldraðra er þjóðarskömm. Það skortir ekki fjármagn á Íslandi og lífeyrissjóðirnir eiga að líta á það sem skyldu sína að koma þessum málum að,“ sagði Reynir í viðtali við Fréttablaðið.

Búsetumál aldraðra eru á forræði ríkisins en ættu að flytjast til sveitarfélaganna rétt eins og grunnskólarnir voru færðir þangað fyrir nokkrum árum. Reynslan af flutningi grunnskólans frá ríkinu virðist í flestum tilfellum vera góð og ekki við öðru að búast en að svo yrði einnig varðandi málefni aldraðra. Þegar er fengin reynsla af því í nokkrum tilraunasveitarfélögum á landsbyggðinni. Jafnframt því sem þessi málaflokkur yrði færður yfir þarf ríkið að sjá til þess að nægir fjármunir verði fluttir yfir til sveitarfélaganna, svo þau geti séð um þessi mál með sómasamlegum hætti.

Þessi mál verða væntanlega ofarlega á málefnaskrám flokka og framboða við sveitarstjórnarkosningarnar í vor um land allt. Sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa þegar kynnt afstöðu sína til þessara mála og fleiri eiga eftir að fylgja í kjölfarið. Þá hefur Kópavogsbær nýlega kynnt nýstárlegar hugmyndir varðandi þessi mál, og þannig er gott að sem flestir leggi í hugmyndasjóðinn, en menn bíði ekki eftir uppskrift frá ríkinu í þesum efnum.

Frjáls félagasamtök hafa á undanförnum árum unnið stórvirki varðandi búsetumál aldraðra og má nefna Hrafnistuheimilin í þeim efnum. Þar hefur happdrættisfé verið varið til uppbyggingar margs konar heimila fyrir aldraða, en reksturinn er svo greiddur úr ríkissjóði. Þótt málaflokkur vegna húsnæðismála aldraðra verði færður yfir til sveitarfélaganna er ekki þar með sagt að frjáls félagasamtök eigi að hætta því uppbyggingarstarfi sem þau hafa staðið að í þessum efnum, heldur þarf að ýta undir einstaklingsframtakið á þessu sviði, svo allir kraftar nýtist sem best.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Budda skattgreiðenda...**
Menn hafa staldrað við þau orð Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í fjölmiðlum fyrir helgi að það séu fyrst og fremst ráðherrarnir sem að endingu þurfi að ráða því hverjir taki við embætti ráðuneytisstjóra. Þannig hefur það alltaf verið, sagði Halldór. Orð hans féllu eftir að umboðsmaður Alþingis hafði gert athugasemdir við ófullnægjandi embættisfærslu Árna Magnússonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra, við skipun ráðuneytisstjóra. - Ekki er alveg ljóst hvað Halldór var með í huga þegar hann útskýrði vald ráðherra í þessu efni. Þó eru líkindi til þess að fyrir hugskotssjónum hans hafi sveimað fordæmi Finns Ingólfssonar frá árinu 1996, þegar hann kallaði Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra heim frá Brussel



en meinaði honum síðan að taka við embætti sínu. Sú embættisfærsla og síðan framganga Valgerðar Sverrisdóttur, eftirmanns Finns í ráðherraembætti, gæti innan tíðar kostað skattgreiðendur þessa lands fjörutíu til fimmtíu milljónir króna, vinni Björn bótamál sem hann hefur höfðað gegn ríkinu.

**...og samviska ráðherra**
Meðferð Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á umsókn Hjördísar Hákonardóttur um stöðu hæstaréttardómara fyrir tveimur árum hefur þegar kostað skattgreiðendur níu milljónir króna og gerir ráðherrann vanhæfan til stöðuveitingar þegar hún sækir nú öðru sinni um dómarastarf í Hæstarétti. Skattgreiðendur þurftu einnig að draga upp veskið fyrir sex milljóna króna embættisglöp Árna Magnússonar, þáverandi félagsmálaráðherra, þegar Hæstiréttur sýndi honum fram á að brottvikning Valgerðar Bjarnadóttur jafnréttisstýru úr starfi hefði ekki samrýmst lögum. - Helga Jónsdóttir, sem hrósað getur sigri með nýtt álit umboðsmanns Alþingis í höndum um enn ein afglöpin í embættisveitingu stjórnarherranna, gæti hæglega unnið bótamál gegn ríkinu. Svo afdráttarlaus er álitsgerð umboðsmanns Alþingis um óverjandi og geðþóttafullan samjöfnuð þáverandi félagsmálaráðherra á hæfni og reynslu þeirra umsækjenda sem þar koma við sögu. Skattgreiðendur geta sannfærst með því að lesa sjálfir álitsgerðina á vefsíðu umboðsmanns Alþingis. Þeir sem kunna að lesa þurfa ekki að láta ráðherrana túlka álitsgerðina fyrir sig.



johannh@frettabladid.is

## Ástin á gömlum skoðunum

Í DAG
SKOÐANAFESTA



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Nú þegar ekki er lengur hægt að umgangast þessi grundvallaratriði í stjórnmálum sjálfstæðs ríkis með sama hætti og kappræður í skóla kemur í ljós hvaða þekkingu íslenska stjórnmálakerfið býr yfir í þessum málum.*

Það er löng hefð fyrir því á Íslandi að menn beri djúpa virðingu fyrir eigin skoðunum. Einbeittur vilji til að skipta ekki um skoðun, hvernig sem tilveran breytist, hefur verið álitin aðall hins sanna manns. Þess vegna minna íslenskar umræður um stjórnmál oftast meira á kappræðufundi í skóla en á upplýsandi samtöl manna sem vilja meta staðreyndir og komast að niðurstöðu. Þeir sem læra nógu mikið nýtt til að sjá fánýti gamalla skoðana sinna eru stundum grunaðir um vingulshátt eða jafnvel tvöfeldni. Þegar nýjar upplýsingar berast inn í heim sem þannig er innréttaður bregðast menn oft við þeim eins og ógn sem þarf að kveða niður eða þá sem áróðri sem þarf að svara. Þetta getur svo sem gengið í heimi sem breytist ekki mikið. Stöðugleiki er hins vegar ekki einkenni samtímans og þess vegna eru þetta enn verri tímar en áður fyrir bjargfastar skoðanir og kappræðustjórnmál.

Við sjáum þetta í hverju málinu af öðru. Öryggis- og varnarmál landsins eru í upplausn og óvissu eftir áratuga kappræður þar sem allar upplýsingar sem ekki pössuðu við hinar þrengstu skoðanir voru útilokaðar og engrar sjálfstæðrar þekkingar var aflað. Þegar menn gengu að lokum frá þeirri kappræðu blasti við heimur sem hafði eiginlega ekki borist í tal í kappræðunum. Nú þegar ekki er lengur hægt að umgangast þessi grundvallaratriði í stjórnmálum sjálfstæðs ríkis með sama hætti og kappræður í skóla kemur í ljós hvaða þekkingu íslenska stjórnmálakerfið býr yfir í þessum málum. Líti menn í kringum sig verður samanburðurinn nöturlegur því að í nálægum löndum er upplýsingum stofnana og niðurstöðum rannsókna með kerfisbundnum hætti veitt inn í stilltar og alvörugefnar umræður stjórnmálamanna um þessi grunnatriði í tilvist sjálfstæðra ríkja.

Umræðan um Evrópu, hitt stóra málið í íslenskum utanríkismálum, hefur verið miklu víðameiri og frjórri af því að hún hefur fyrst og fremst átt sér stað utan hins formlega heims íslenskra stjórnmála. Um leið og hún ratar inn í þann heim tekur hún líka stundum á sig einkennilegar myndir þar sem illa upplýst umræða um tæknilega hluti vefst inn í átök sem lúta lögmálum kappræðna. Ólíkt því sem er um varnarmálin hefur hins vegar orðið til mikil þekking á helstu þáttum Evrópumálsins úti í þjóðfélaginu og þá ekki síst í atvinnulífinu.

Þannig mætti lengi telja upp mál sem sjaldan eru rædd með opnum huga og vilja til skilnings og þekkingaröflunar innan hins formlega stjórnmálakerfis. Umræður og stefnumörkun eru þess í stað byggðar á áratugagömlum skoðunum. Við sjáum þetta í ólíkustu málum eins og umhverfismálum, stóriðju, byggðastefnu, fjölmiðlun, alþjóðamálum, atvinnumálum, jafnrétti og jöfnuði svo nokkuð sé nefnt. Samanburður á milli hugmyndaauðgi í íslensku atvinnulífi og staðnaðs heims hinna föstu skoðana í stjórnmálum er dálítið sláandi.

Hvers vegna skyldu menn dekra svona mikið við eigin skoðanir á Íslandi? Þetta er auðvitað ekki séríslenskt fyrirbæri en ást manna hér á landi á gömlum skoðunum sínum virðist dálítið ofsafengin og minnir stundum meira á taugaveiklun en einlægni. Nú vita menn auðvitað flestir að skoðanir eru ekki veruleikinn sjálfur heldur aðeins í besta falli ófullkomin mynd af einhverri hlið hans og oftast þess konar mynd af þeirri hlið hans sem best hentar fyrir viðkomandi að horfa á. Menn vita líka að hið eina stöðuga í heiminum er breytingar. Maður austur í heimi sagði mér eitt sinn að hafi maður skoðun sem kemur sér vel fyrir mann sjálfan ætti maður að endurskoða þá skoðun umsvifalaust. Slíkar skoðanir, sagði þessi maður, eru yfirleitt í litlum tengslum við nokkuð sem kalla mætti sannleika.

Hann sagði mér líka að það væru einkum fjórir hópar manna sem þyrftu á þeirri sannfæringu að halda að skoðanir þeirra væru réttar myndir af veruleikanunum. Það eru þeir ungu, sagði hann, þeir heimsku, þeir hræddu og þeir gráðugu. Þeir ungu ráða ekki við flókinn veruleika og verða að trúa því að einhver einföld mynd sé veruleikinn og sannleikurinn. Þetti eldist af mörgum. Þeir heimsku, sagði hann, sjá ekki muninn á skoðun og veruleika. Þeir hræddu, sagði hann, finna fótfestu og öryggi í skoðunum, og þeir gráðugu, sagði þessi maður, þurfa skoðanir sem gera græðgina háleita.


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 29. mars 2006 – 12. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa



**Efnahagsástandið**

Kvef en engin lungnabólga 8



**Krónan eða evran**

Fleiri líta krónuna hornauga 12-13



**Lífeyrissjóðirnir**

Lífeyriskerfið á tímamótum? 22






**FRÁ AÐALFUNDI SPRON** Stjórn SPRON hefur ákveðið að auka stofnfé sparisjóðsins um 130 prósent.

## SPRON eykur stofnfé

Stjórn SPRON ákvað á fundi sínum á síðustu viku að hefjast handa við að rúmlega tvöfalda stofnfé sparisjóðsins. Áætlað er að auka uppreiknað stofnfé úr fjórum milljörðum í 9,1 milljarð króna, um 130 prósent.

Ætlunin er að selja stofnféð til stofnfjáreigenda í aprílmánuði að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Síðasta gengi á stofnfjármarkaði SPRON var 7,2 en var til samanburðar 4,85 um síðustu áramót. Nemur gengishækkun frá ársbyrjun því 48 prósentum. Að teknu tilliti til endurmats á nafnverði stofnfjár, vegna vísitöluhækkunar og sérstaks fimm prósenta endurmats, hefur hluturinn hins vegar hækkað um 62 prósent.

Gangi aukningin eftir hefur stofnfé SPRON meira en tólffaldast á einu ári.

- eþa

## Eykur við sig í Ticket

Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson í Fons eru komnir með yfir 28 prósenta hlut í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket. KB banki keypti sjö prósenta hlut líklega af næststærsta hluthafanum Skandia Liv og framseldi hann að hluta til Fons, sem er langstærsti eigandinn í Ticket.

Pálmi Haraldsson hefur lýst því yfir að hann sjái mikil tækifæri liggja í Ticket og hefur Fons bætt við sig hlutabréfum í Ticket jafnt og þétt. Í janúar átti félagið fimmtán prósent.

- eþa

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Bæta við** | Baugur Group heldur áfram að bæta við hlut sinn í bresku verslunarkeðjunni Woolworths og hefur nú eignast tíu prósent hlutafjár.

**Undirbúa yfirtöku** | Dagsbrún hefur í nafni dótturfélags síns, Daybreak Acquisitions Limited, gert tilboð í alla hluti breska prent- og samskiptafyrirtækisins Wyndeham Press Group.

**Undirbýr útrás** | Síminn hefur fjölmörg tækifæri til ytri vaxtar erlendis til skoðunar að því er fram kom á aðalfundi félagsins. Stjórn Símans hefur heimild til að auka hlutafé um 3,5 milljarða.



**Keyptu meirihluta** | Stjórnendur og starfsmenn Kögunar og Straumur-Burðarás seldu Skoðun, dótturfélagi Dagsbrúnar, samtals 51 prósent hlutafjár í félaginu.

**Svört skýrsla** | Danske Bank gaf út skýrslu þar sem talin var hætta á verulega harðri lendingu og staðan hér borin saman við Tyrkland og Taíland skömmu fyrir fjármálakreppur.

**Fer millivegin** | Jyske Bank fjallaði um íslensk efnahagsmál í riti sínu og taldi meðal annars að líklega væri efnahagsástandið á Íslandi á milli þess sem íslenskir og erlendir bankar halda fram.

**Uppgjör Avion** | Tap af rekstri Avion Group á fyrsta ársfjórðungi reikningsársins var í takt við væntingar og nam 9.942 milljónum Bandaríkjadala, um 715 milljörðum króna.

**Eimskip fjárfestir** | Eimskip eignast helming hlutafjár í breska fyrirtækinu Innovate Holdings fyrir lok apríl. Samkomulag er milli aðila um að Eimskip eignist félagið að fullu síðar.

# Glitnir í A-flokk allra lánshæfisfyrirtækjanna

**Glitnir er fyrsti íslenski bankinn til að fá einkunn frá Standard & Poor's. Greiningardeildir erlendra fyrirtækja spáðu mun verri niðurstöðu fyrir íslenska banka.**

**Hafliði Helgason**
skrifar

Glitnir hefur fengið lánshæfismat hjá Standard & Poor's; hlaut langtímaeinkunnina A- og metur matsfyrirtækið horfur í rekstri stöðugar. Skammtímaeinkunnin er A-2. Glitnir, sem hlaut staðfestingu á nýju nafni sínu á hluthafafundi í gær, er fyrsti bankinn sem S&P metur til einkunnar. Einkunn Glitnis er hlutfallslega í samræmi við mat annarra matsfyrirtækja á bankanum sett í samhengi við einkunnir annarra banka á Norðurlöndum.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, segir einkunnina mikla viðurkenningu á viðskiptamódeli, stefnu, áhættustýringu og eignasafni bankans. „Þetta þýðir að aðgangur okkar að fjárfestamörkuðum stórbatnar. Sérstaklega á mörkuðum þar sem Standard og Poor's eru sterkir svo sem í Ástralíu og í Bandaríkjunum sem er að verða okkar mikilvægasti markaður í dag."

Greiningardeildir erlendra banka hafa haldið því fram að ef S&P gæfi íslensku bönkunum einkunn myndi hún verða BBB. Greinandi Merrill Lynch hélt þessu meðal annars fram og fleiri fylgdu í kjölfarið.

Bjarni segir þessa einkunnagjöf snúa við þeirri neikvæðu umræðu sem verið hafi að undanförnu um íslensku bankana og efnahagskerfið. „Þetta lánshæfismat er mun betra en til að mynda Merrill Lynch bjóst við í sinni skýrslu. Afleiðingin er sú að þeir sem voru að taka skortstöðu í skuldabréfum Glitnis eru í óða önn að loka þeim og álagið á skuldabréf bankans á eftirmarkaði hríðlækkar."

Einkunn Glitnis hjá Standard & Poor's ryður brautina fyrir kjör annarra banka á fjármálamörkuðum. Með einkunninni hafa verið hraktar fullyrðingar um að það matsfyrirtæki sem eitt hafði ekki gefið Glitni einkunn myndi gefa bankanum verulega lægri einkunn en Moody's og Fitch.

# Ósammála um hækkunarþörf

**Greiningardeildir viðskiptabankanna þriggja búast við að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti um fimmtíu punkta á fimmtudaginn.**

Greiningardeildir KB banka og Glitnis gera ráð fyrir að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti um fimmtíu punkta á fimmtudaginn. Greiningardeild Landsbankans telur að hún verði á bilinu 50 til 75 punktar en ætti jafnvel að vera 100 punktar. „Ef stýrivaxtahækkunin á að hafa áhrif, ekki einungis á verðbólguna heldur ekki síður á trúverðugleika peningastefnunnar, þarf hún að vera að minnsta kosti 75 punktar," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans. Segir hún fyrirsjáanlega mikla verðbólgu á komandi mánuðum þýða að fjárfestar muni flýja yfir í verðtryggð bréf sem muni gefa töluvert hærri ávöxtun en óverðtryggðir skammtímavextir. Það vinni á móti því að vaxtahækkunin komi fram í verðtryggðum löngum vöxtum. „Það skiptir miklu máli að miðlunarferlið virki hratt nú þegar við erum komin svona langt inn í hagsveifluna."

Sérfræðingar greiningardeilda KB banka og Glitnis eru á öðru máli. Telja þeir skynsamlegast, og jafnframt líklegast, að Seðlabankinn hækki vexti um fimmtíu punkta. Með því viðhaldi hann og auki vaxtamuninn við útlönd. „Seðlabankinn hefur markað sér þá stefnu að vera með fasta vaxtaákvörðunardaga sem gefur til kynna að hann muni halda reglulegum takti í sínum vaxtaákvörðunum. Snarhækkun vaxta nú gæfi ekki traustvekjandi mynd af íslensku efnahagslífi út á við," segir Ingvar Arnarson hjá Greiningardeild Glitnis.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur KB banka, tekur í sama streng. Segir hann Seðlabankann hafa haft tækifæri til að bregðast við verðbólgunni með því að hækka vexti um meira en 25 punkta í desember, sem hann gerði ekki. Verðbólgan sem nú sé að ganga í garð sé staðreynd og of seint að bregðast við henni, enda taki nokkra mánuði fyrir vaxtaákvörðun að hafa áhrif. Seðlabankinn þurfi því framar öllu að sýna yfirvegun.

Edda Rós er ósammála þessu. „Nú er ekki tíminn til að bíða og sjá til. Ef okkur tekst að róa krónuna þýðir það að minni eða færri hækkanir komi í kjölfarið. Það er einmitt merki um trúverðugleika og yfirvegun að vera ákveðinn í núverandi stöðu."

- hhs


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar–28. febrúar 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 21% |
| Alfesca | 2% | -1% |
| Atorka Group | -3% | -6% |
| Bakkavör | -2% | 3% |
| Dagsbrún | 2% | 16% |
| FL Group | -16% | 14% |
| Flaga | -1% | -31% |
| Glitnir | -7% | 2% |
| KB banki | -9% | 12% |
| Kögun | 7% | 11% |
| Landsbankinn | -8% | 0% |
| Marel | -3% | 10% |
| Mosaic Fashions | 2% | -5% |
| Straumur | 4% | 9% |
| Össur | -1% | 1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Lægri væntingavísitala

## Mat fólks á núverandi aðstæðum sjaldan hærra.

Væntingavísitala Gallup lækkaði í mars eftir að hafa náð hámarki í febrúar en vísitalan mælist nú 127,7 stig. Mat neytenda á efnahagslífinu er nú lægra en áður og á stærstan þátt í lækkun vísitölunnar ásamt því sem dregið hefur verulega úr væntingum þeirra til efnahagslífsins eftir sex mánuði.

Að sögn greiningardeildar Glitnis banka virðist ljóst að neikvæð umfjöllun um íslenskt efnahagslíf og gengislækkun krónunnar hafi skilað sér í aukinni svartsýni á meðal neytenda.

Þrátt fyrir það segir greiningardeildin það athyglisvert að mat neytenda á núverandi efnahagsaðstæðum hefur sjaldan verið hærra og endurspeglar það mikinn hagvöxt og lítið atvinnuleysi um þessar mundir.

Telur greiningardeildin að framundan séu aukin viðskipti með íbúðarhúsnæði, bifreiðar og utanlandsferðir ef marka má könnun Gallup. Fyrirhuguð húsnæðiskaup neytenda hafa aukist umtalsvert og hefur vísitalan fyrir þau ekki reynst hærri frá því mælingar hófust. - jab

# Opera Mini í fleiri farsíma



Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software greindi frá því í gær að það hefði gert fjóra nýja samninga sem gæti tryggt markaðshlutdeild Opera Mini vafrans um allan heim. Samningarnir eru við bandaríska farsímafyrirtækið PriceRunner, High Technologies SIA í Lettlandi, Smatt Planet, sem hefur starfsemi í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, og danska farsímafyrirtækið Unwire. Í samningunum felst dreifing á Opera Mini í 180 löndum.

Í tilkynningu frá Opera Software segir að fyrirtækin fjögur muni auglýsa og dreifa öllum gerðum Opera Mini vafrans fyrir allar gerðir farsíma til viðskiptavina þeirra.

Gengi hlutabréfa í Opera hækkaði um 2,5 prósent í kauphöllinni í Ósló í Noregi í kjölfar fréttanna í gær og stendur gengi þeirra í 32,60 norskum krónum á hlut.

Opera Mini vafrinn hefur notið mikilla vinsælda en hann er hægt að nota á flestum gerðum farsíma, jafnt dýrari gerðum sem ódýrari. - jab

# SpKef óttast ekki aukna samkeppni

## Samþykktum breytt til að liðka fyrir viðskiptum.

Þrátt fyrir að KB banki hafi boðað komu sína til Suðurnesja, þar sem fyrir eru tveir viðskiptabankar, óttast forvígismenn Sparisjóðsins í Keflavík ekki samkeppnina. Á aðalfundi sparisjóðsins greindi Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri frá því að sparisjóðurinn skoði landvinninga utan heimasvæðis.

„Mikill uppgangur hefur verið á svæðinu og við höfum átt fullt í fangi með að sinna því verkefni. Við höfum þar af leiðandi ekki verið í miklum útrásarhugleiðingum á meðan,“ segir Geirmundur en tekur þó fram að óvissan vegna breytinga á högum varnarliðsins sé mikil og gæti tekið þungt í svæðinu. Sparisjóðurinn keypti útibú Landsbankans í Sandgerði á síðasta ári og hefur því hringnum verið lokað eins og Geirmundur orðar það. Sparisjóðurinn rekur því útibú á öllum þéttbýliskjörnum á Suðurnesjum.



**REYKJANESBÆR** Sparisjóðurinn í Keflavík hefur haft sig allan við að halda utan um þann mikla vöxt sem hefur orðið á Suðurnesjum.

Á fundinum voru gerðar breytingar á samþykktum að stofnfjárbréf væru veðsetjanleg með heimild stjórnar og rafræn skráning þeirra heimiluð. „Þetta er liður í því að gera stofnfjáreigendum auðveldara að koma bréfum sínum á markað þótt við höfum ekki gengið þá leið að stofna sérstakan markað utan um bréfin.“

Geirmundur segir að lítil hreyfing hafi verið á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum í eitt ár.

Hagnaður SpKef nam 1.150 milljónum króna á síðasta ári sem var það besta í sögu sjóðsins. - eþa

# Færeyingar geta sofið rólegir

Þær hræringar sem hafa orðið í íslensku efnahagslífi upp á síðkastið hafa vakið mikla athygli í Færeyjum. Færeyski Landsbankinn hefur beðið færeyska fjölmiðla um að sýna stillingu þegar þeir bera saman fréttir af íslensku efnahagslífi og áhrifum þeirra á færeysk verðbréf.

Fellst bankinn ekki á að taugaveiklunin á Íslandi eigi að hafa áhrif á skráð færeysk verðbréf en færeyski verðbréfamarkaðurinn VMF er í samstarfi við Kauphöll Íslands.

„Það er lítið samhengi milli íslenska hagkerfisins og færeyskra verðbréfa sérstaklega sem snýr að íslenska verðbréfamarkaðnum ICEX og VMF-markaðnum, þar sem færeysk verðbréf eru skráð í dönskum krónum en ekki íslenskum,“ segir Landsbanki Færeyja.



**ÞÓRSHÖFN** Krampaköst á íslenska fjármálamarkaðnum eiga ekki að hafa áhrif á færeyska verðbréfamarkaðinn.

Olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum er eina færeyska hlutafélagið sem er skráð í Kauphöll Íslands en það er algjörlega óháð íslenskum aðstæðum. - eþa



**EINKAVÆÐINGARNEFND** Einkavæðingarnefnd kynnti söluferli Símans í apríl í fyrra. Í sölum Alþingis var hart deilt um hvort selja ætti grunnnetið með fyrirtækinu. MARKAÐURINN/HARI

# Ekki í samræmi við fjarskiptarétt í Evrópu

## Verði af yfirtöku Orkuveitunnar á grunnneti Símans eða samruna neta fyrirtækjanna breytast kvaðir sem lagðar eru á fyrirtækin.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Það er alveg ljóst að þetta er ekki alveg í samræmi við meginlínurnar sem lagðar eru í fjarskiptarétti í Evrópu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), um viðræður Símans og Orkuveitu Reykjavíkur um samnýtingu, yfirtöku eða samruna grunnneta fyrirtækjanna. „Þar er fremur hvatt til samkeppni í grunnnetum en að þau séu sameinuð og einungis samkeppni í þjónustu.“ Hrafnkell segir álitamál hvort hér séu slíkar séraðstæður að réttlæti önnur sjónarmið.

Hrafnkell segir ljóst að því fylgi kvaðir að reka grunnnet fjarskiptaþjónustu, en segir um leið erfitt að tjá sig um mögulegar afleiðingar viðræðna Símans og Orkuveitunnar. „Við náttúrlega vitum ekki hvað þarna er verið að ræða um að selja og það skiptir öllu máli.“ Í febrúar í fyrra birti Hrafnkell á vef stofnunar sinnar úttekt þar sem fjallað er um samkeppni á grunnneti Landssímans, sem þá var óseldur. Þar kemur fram að ekki liggi fyrir ein skilgreining á því hvað grunnnet er. Samkvæmt mati PFS eru þar innan heimtaugar sem tengja heimili og fyrirtæki við símstöðvar, fastasambönd á borð við ljósleiðara, kapla og radíósambönd og aðstaða fyrir hýsingu fjarskiptabúnaðar. „En það er ljóst að þær kvaðir sem við þyrftum að skoða í þessu samhengi eru í fyrsta lagi alþjónustukvöðin, í öðru lagi kvöð um lágmarksframboð á leigulínum, í þriðja lagi kvöð um heimtaugaleigu og ef mál þróast eins og útlit er fyrir verður Orkuveitan væntanlega útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á einhverjum mörkuðum og af þeim munu leiða ýmsar kvaðir, svo sem um kostnaðargreiningu, jafnræði, gagnsæi og fleira.“



**HRAFNKELL V. GÍSLASON** Hrafnkell er forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í tilkynningu sem Síminn og Orkuveitan sendur frá sér eftir að Fréttablaðið upplýsti um viðræður þeirra kemur fram að Orkuveitan hafi samið við Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Akraneskaupstað og Hveragerðisbæ um ljósleiðaravæðingu heimila og reki að auki ljósleiðarakerfi til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, meðan 4.500 kílómetra langt ljósleiðaranet Símans nái um allt land.

9,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*12 mánaða nafnávöxtun m.v. tímabilið 28. feb. 2005 til 28. feb. 2006
GEIMSTOFAN
ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is
Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.



## IP net Símans

**Hvað er í boði á IP neti Símans:**

- **Viðskiptamiðja**
  Gerir fyrirtækjum kleift að senda gögn rafrænt á milli ólíkra bókhaldskerfa.
- **Tal yfir IP**
  Hjálpar þér að lækka símakostnað.
- **Forgangsröðun gagna**
  Skapar betri nýtingu á bandbreidd.
- **Rekstur á víðneti**
  Við sjáum um að netkerfi þitt sé í lagi.
- **Tengir saman dreifðar starfsstöðvar**
  Örugg samskipti milli allra starfsstöðva á einkaneti fyrirtækisins.
- **Hámarks gagnaöryggi**
  Lokað og öruggt einkanet, einungis aðgengilegt þeim sem þú tilgreinir.
- **Einfalt og sveigjanlegt**
  IP netið er fyrir allar stærðir fyrirtækja.
- **Heimsgátt - IP netið um allan heim**
  Þú getur tengst IP netinu nánast hvar sem er í heiminum.
- **Kynntu þér fleiri kosti IP nets Símans á siminn.is**

# Orkudrykkur fyrirtækisins

**IP net Símans** hjálpar fyrirtæki þínu í kapphlaupinu um að ná forystu á sínu sviði. Á IP netinu geta fyrirtæki tengt saman starfsstöðvar sínar á lokuðu og öruggu einkaneti fyrirtækisins. Þegar fyrirtæki stækka er einfalt að bæta við nýjum starfsstöðvum og stækka þannig einkanetið.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í síma **800 4000** eða með tölvupósti á netfangið **8004000@siminn.is** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM20103

# Samson vanmetinn

Samson eignarhaldsfélag, stærsti hluthafinn í Landsbankanum, hagnaðist um 8.262 milljónir króna í fyrra. Félagið heldur utan um fjörutíu prósenta eignarhlut í Landsbankanum sem metinn var á 112 milljarða króna um síðustu áramót. Í bókum félagsins er hluturinn metinn á 46,1 milljarð króna.

Eigið fé var bókfært á 14.292 milljónir króna í árslok en miðað við markaðsvirði bréfanna í Landsbankanum nam eigið fé 68.335 milljónum króna að teknu tilliti til skatta.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Eigið fé Samsonar myndi hækka um 52 milljarða ef hlutabréf yrðu færð á markaðsvirði.

Fimm hluthafar eiga Samson en 99 prósent hlutafjár eru í eigu Björgólfsfeðga. - eþa

# Samið um símaþjónustu

Actavis hefur gert þriggja ára samstarfssamning við Og Vodafone sem nær til allrar fjarskiptaþjónustu fyrirtækisins hér á landi. Actavis er með starfsemi í yfir þrjátíu löndum og yfir 10.000 starfsmenn.

Markmiðið er sagt vera að einfalda umsýslu Actavis í fjarskiptamálum og er stefnan að koma á virkum tengslum við Vodafone fyrirtæki í löndunum þar sem fyrirtækið er með starfsstöðvar. „Starfsemi Actavis teygir sig víða um heim og það gerir þjónusta Vodafone fyrirtækja einnig. Þess vegna er Og Vodafone vel til þess fallið að halda starfsmönnum Actavis í góðu sambandi heima og að heiman,“ segir Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi. - óká




**FORSVARSMENN FYRIRTÆKJANNA** Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi, og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone.

# Lýður starfar í Lundúnum

Lýður Guðmundsson, sem tilkynnti á aðalfundi Bakkavarar að hann yrði framvegis starfandi stjórnarformaður Exista, mun starfa á skrifstofu Exista í Lundúnum. „Við sjáum fram á vaxandi umsvif hjá Exista og að félagið verði sett á markað á þessu ári,“ segir Erlendur Hjaltason, forstjóri félagsins. Hann segir að ástæður þessarar ákvörðunar Lýðs megi rekja til þessa.

Um verkaskiptingu þeirra segir Erlendur að hún verði eins og gerist milli forstjóra og starfandi stjórnarformanns. - eþa




**VIÐ KYNNINGU Á MICROSOFT VISTA** Microsoft kynnti í júlí í fyrra nafnið á stýrikerfinu sem tekur við af XP. Nordicphotos/Getty Images

# Fyrirtækin fá Vistu í nóvember

Microsoft hefur staðfest útgáfuáætlun sína fyrir næstu útgáfu Windows-stýrikerfisins sem bera mun nafnið Windows Vista.

Fyrirtæki með hugbúnaðarleyfissamninga við Microsoft geta uppfært stýrikerfi sín í nóvember næstkomandi, en Windows Vista kemur ekki á markað fyrir heimilistölvur fyrr en í janúar á næsta ári.

Útgáfurnar sem koma á markað í janúar 2007 eru þær sem seldar eru í verslunum og þær sem fylgja nýjum tölvum. „Microsoft ákvað að gefa ekki út Windows Vista fyrir neytendur á þessu ári til að tryggja aðgengi að vörum og þjónustu vikurnar eftir fyrsta útgáfudag, en eins og gefur að skilja er það erfiðara í framkvæmd í miðri jólaösinni. Jafnframt dregur það úr álagi að gefa fyrirtækja- og neytendaútgáfurnar út hvora á sínum tíma,“ segir í tilkynningu Microsoft á Íslandi.

Næsta „beta“-prufuútgáfa Windows Vista verður gefin út fyrir mitt þetta ár til allt að tveggja milljóna tölvuáhugamanna sem vilja prófa nýjasta stýrikerfi Microsoft þegar á vinnslustigi. Talsmenn Microsoft segja reynsluna af síðustu prufuútgáfu, sem um hálf milljón manna hefur tekið þátt í að prófa, hafa verið mjög góða. - óká

# Hagar sækja áfram inn á sérvörumarkað

## Kaupa tíu tískuverslanir í Kringlunni og Smáralind á skömmum tíma, þar á meðal Oasis og Karen Millen.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hagar hafa eignast fimm sérvöruverslanir í Kringlunni og Smáralind, sem reknar eru undir merkjum Change, Coast og Oasis, og taka við rekstri þeirra á næstu dögum. Seljendur verslananna eru hjónin Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Jón Arnar Guðbrandsson, sem höfðu sérleyfi fyrir þessi merki á Íslandi. „Við höfum náð frábærum árangri á Íslandi og er það Ingibjörgu mest að þakka,“ segir Jón Arnar og kímir. „Oasis-verslunin í Kringlunni hefur oft verið notuð sem sýnidæmi fyrir þær verslanir sem hafa verið að koma inn frá öðrum löndum og hefur í gegnum tíðina verið söluhæsta verslun Oasis fyrir utan Bretland.“

Jón Arnar segir að þau muni nú einblína á danska markaðinn en þau reka fjórar Oasis-verslanir, meðal annars í Magasin du Nord, og undirbúa opnun fimmtu verslunarinnar í Illum. Hann segir að Oasis hafi fengar góðar viðtökur í Danmörku og standi merkið dönskum samkeppnisaðilum fyllilega á sporði.

Samkvæmt heimildum var velta þessara fimm verslana, sem Hagar festu kaup á, rétt um þrjú hundruð milljónir króna á síðasta ári og varð góður hagnaður af starfseminni.

Hagar hafa sett stefnuna á minni sérvöruverslanir að undanförnu eftir að hafa haldið að sér höndum um nokkurt skeið og eingöngu einblínt á þær stóru sérvöruverslanir sem félagið rekur eins og Debenhams og Zara. „Í framhaldi af því að við seldum Skeljung höfum við sett stefnuna á smásölumarkaðinn,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Hagar keyptu fyrir nokkrum vikum fimm verslanir í Kringlunni um svipað leyti og félagið seldi Skeljung. Þetta voru tískuverslanirnar Karen Millen, Whistles, Shoe Studio, Warehouse og All Saints.

Finnur segir að Hagar muni opna nýja verslun í Smáralind í næsta mánuði undir merkjum bresku verslunarkeðjunnar Evans, sem selur kvenföt fyrir eldri konur.

Nær öll þessi tískumerki eiga það sammerkt að vera annaðhvort í eigu Mosaic Fashions eða Shoe Studio Group, sem eru að hluta til í eigu Baugs Group, stærsta hluthafans í Högum.



**OASIS Í SMÁRALIND** Hagar hafa keypt tíu tískuverslanir í Kringlunni og Smáralind á skömmum tíma.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

9,4%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Ávöxtun sl. 6 mánuði færð upp á ársgrundvöll er 9,4% m.v. tímabilið 31. ágúst 2005 til 28. febrúar 2006

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM20866

# Fleiri dreifa hugbúnaði Microsoft

Fyrirtækin IOD (Innflutningur og dreifing, sem er hluti af fyrirtækjasamstæðu Tölvulistans) og Heildsala Opinna kerfa (hluti af Kögunarsamstæðunni) hafa fengið leyfi Microsoft á Íslandi til að dreifa hugbúnaði fyrirtækisins. Hingað til hefur eini dreifingaraðili Microsoft hér verið Tölvudreifing.

„Þetta mun væntanlega leiða til enn öflugri dreifingar en áður hér á landi og aukinnar samkeppni á heildsölu Microsoft-hugbúnaðar,“ segir í tilkynningu Microsoft á Íslandi, en IOD og Heildsala Opinna kerfa vinna eftir svokölluðu „sub-distribution“ kerfi. Það þýðir að fyrirtækin geta keypt hugbúnað og hugbúnaðarleyfi af bæði íslenskum og erlendum dreifingaraðilum sem eru með beinan samning við Microsoft og endurselt smásölufyrirtækjum hér.



Tölvudreifing verður eftir sem áður eini íslenski dreifingaraðilinn með beinan samning við Microsoft. - óká

# VELGENGNI ER AÐ VITA HVERNIG LANDIÐ LIGGUR

Í viðskiptaumhverfi nútímans þarf þekkingu og snjallar lausnir til að tryggja velgengni. Glitnir sameinar alþjóðlega yfirsýn og þekkingu á fjölbreyttri starfsemi og mörkuðum.

Við bjóðum fyrirtækjum heildstæða þjónustu og ábyrga ráðgjöf sem miðar að því að tryggja fjárhagslega velgengni þeirra.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI**



GLITNIR

www.glitnir.is

# Norsk Hydro reisir álver í Katar

Norska stórfyrirtækið Norsk Hydro ætlar að byggja stórt álver í smáríkinu Katar í Sameinuðu arabísku furstadæmunum ásamt olíufyrirtækinu Qatar Petroleum. Álverið verður eitt það stærsta og nútímavæddasta í heimi, að sögn Norsk Hydro. Byggingarkostnaður nemur 1,5 milljörðum Bandaríkjadölum, jafnvirði 110 milljarða íslenskra króna.

Vinna við byggingu álversins hefst á næsta ári og hefst framleiðsla árið 2009. Framleiðslugeta þess verður 585.000 tonn af áli á ári en hana verður hægt að auka í 1,2 milljón tonn. - jab

# Meiri lífsgæði miðaldra fólks

Í niðurstöðum nýlegrar breskrar könnunar kemur fram að Bretar á fimmtugsaldri telja lífsgæði sín meiri nú en þegar þeir voru yngri. Rúmlega 12.000 Bretar yfir miðjum aldri tóku þátt í könnuninni en þar var meðal annars spurt um langtímasjúkdóma, sambönd fólks og efnahag.

Að sögn skoska dagblaðsins Daily Record benda niðurstöðurnar til þess að fólk um fimmtugt eigi oft lengri hamingjustundir en það átti þegar það var yngra og dr. Gopal Betuveli, sem stjórnaði könnuninni, sagði niðurstöðurnar sýna að meirihluti þátttakenda teldi lífsgæði sín aukast eftir því sem þeir yrðu eldri. - jab



**ELDRI BORGARAR Í LEIKFIMI** Bretar yfir fimmtugu telja lífsgæði sín hafa aukist.

# Bertelsmann íhugar sölu

Stjórn þýsku fjölmiðlasamsteypunnar Bertelsmann er sögð íhuga að selja helmingshlut fyrirtækisins í Sony BMG, einu stærsta útgáfufyrirtæki í heimi. Stjórnendur Bertelsmann og Sony munu hittast í vikunni og ræða söluna. Ólíklegt þykir að Sony í Bandaríkjunum kaupi hlut Bertelsmann, sem metinn er á 1,6 milljarða evra.




Tekjur Sony BMG minnkuðu um 16,5 prósent á síðasta ári. - jab

# Beðmál í borginni á ný?

Bandaríska sjónvarpsstöðin HBO, sem gerði þættina Beðmál í borginni, er með raunveruleikaþátt í bígerð um ástarleit kvenna í New York. Í þættinum verður fylgst með ungum og efnilegum konum í borginni og samskiptum þeirra við hitt kynið.

Að sögn bandaríska dagblaðsins New York Times hefur prufuþáttur þegar verið gerður. Þrátt fyrir þetta hefur fátt verið gefið upp um þættina annað en að Amy B. Harris, einn höfunda Beðmála í borginni, verði fremst í flokki framleiðenda. Þá hefur Bretinn Simon Andrea, sem framleitt hefur raunveruleikaþætti með kynferðislegum undirtóni, verið orðaður við þá en það er talið gefa til kynna að þátturinn verði í grófara lagi. Á meðal fyrri afreka Andrea eru skrif um kynferðismál í karlatímaritið Esquire. - jab



**BEÐMÁL Í BORGINNI** Carrie Bradshaw og vinkonur hennar leituðu ástarinnar í New York.

# Minni bjórdrykkja í Danmörku



**BJÓR** Danir drekka nú minna í matartímanum en fyrir fjórum árum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Niðurstöður nýlegrar könnunar sem danska lýðheilsustofnunin gerði á síðasta ári benda til að Danir drekki minna af bjór í hádeginu nú en áður. Breytingarnar eru tilkomnar vegna vinnureglna sem stjórnendur fyrirtækja hafa sett starfsfólki sínu en í könnuninni kemur fram að einungis ellefu prósent Dana skola hádegisverðinum niður með miðinum gyllta. Fyrir fjórum árum drakk rúmur helmingur, eða 56 prósent, bjór með hádegismatnum.

Morten Wiberg, talsmaður lýðheilsustofnunarinnar, segir Dana hafa augljóslega komist að þeirri niðurstöðu að áfengi og daglaunavinna eigi ekki vel saman.

„Starfsmennirnir vita að þeir þurfa að standa sig en bjór hægir á framlagi þeirra," sagði hann og benti á að stjórnendur fyrirtækja hefðu gert sér grein fyrir þessu og fengju meira út úr hverjum starfsmanni eftir að þeir settu tappann í flöskuna.

Í könnuninni kemur jafnframt fram að 27 prósent byggingarverkamanna leyfi sér enn að njóta ölsins í hádeginu. Það er umtalsverð fækkun frá því árið 2002 þegar 82 prósent þeirra drukku bjór með snarlinu.

Þá drekka einungis þrjú prósent kennara bjór í matartímanum, sem er 38 prósentum minna en fyrir fjórum árum.

1.978 fyrirtæki með tíu starfsmenn og fleiri tóku þátt í könnuninni.

Bjórneysla hefur dregist saman í Danmörku á síðastliðnum áratug en hún nemur tæpum 500 milljón lítrum á ári.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



Gerðu eitthvað þarfara við peningana en að bíða eftir þeim.

Fjármögnun reikninga

Með því að breyta lánsviðskiptum í staðgreiðslu er hægt að ná fram verulegum sparnaði við innkaup með því að nýta staðgreiðslu eða magnafslátt. Midt Factoring býður þér að fá stóran hluta upphæðar vörunnar greiddan um leið og reikningur hefur verið sendur út og vara afhent. Það hlutfall er að jafnaði 80%. Þannig kemst þú hjá vanskilakostnaði og getur náð fleiri viðskiptavinum með því að bjóða þeim lengri greiðslufrest. Við greiðum þér svo afganginn þegar skuldarinn hefur staðið í skilum við okkur.

Fyrirtækið hefur því aðgang að lausafé, getur nýtt sér staðgreiðsluafslætti og lækkað fjármagnskostnaðinn.

Kynntu þér málið á **www.mfi.is**

MidtFactoring
á Íslandi hf.

*Sími 553 - 6300 · www.mfi.is · Suðurlandsbraut 20 · 108 Reykjavík*

# Best í Norður-Evrópu!

**Við hjá Opnum kerfum erum ákaflega stolt af því að hafa verið valin besti „Premier“ samstarfsaðili Cisco í Norður-Evrópu. Þessum árangri hefðum við aldrei náð nema í nánu samstarfi við kröfuharða viðskiptavini okkar. Viðurkenningin mun hvetja okkur til frekari dáða.**

***Starfsfólk Opinna kerfa***

**Cisco Partner Summit 2006**

**OPIN KERFI**

**Premier**
**Partner of the Year**
**2005**

**Northern Europe**
**European Markets**

CISCO SYSTEMS

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is

# Nefrennsli en engin lungnabólga

Íslensk fjármálafyrirtæki og efnahagslíf hafa glímt við neikvæða umræðu að undanförnu. Hér er auðvitað ekki allt í himnalagi, en fráleitt að mála skrattann á vegginn. *Hafliði Helgason* veltir fyrir sér umræðunni og stöðunni á markaðnum.



Markaðurinn/GVA

Árið á íslenskum hlutabréfamarkaði hófst með mikill flugeldasýningu, svo mikilli að mörgum þótti nóg um. Hækkun íslenskra hlutabréfa undanfarin ár, einkum bréfa fjármálafyrirtækja, hefur verið gríðarleg og ekki von til þess að sama hraða yrði haldið til eilífðar.

**RÉTTMÆTI OG RANGFÆRSLUR**

Bankarnir hafa aukið umsvif sín verulega og eigið fé og eignir vaxið með ógnarhraða. Uppsveifla í efnahagslífinu og sterk króna hafa skapað tækifæri til ytri vaxtar í útlöndum. Í Evrópu er allt með hægara sniði en hér. Vextir eru lágir og lítið að gerast í efnahagslífinu. Bankarnir og útrásarfyrirtækin hafa nýtt sér kjöraðstæður á markaði. Lánsfé í evrum er ódýrt og eigið fé í íslenskum krónum verðmeira en áður. Þar við bætist að peningar í umferð innanlands hafa verið umtalsverðir og kjöraðstæður til að sækja sér aukið hlutafé á markað. Þetta hefur stuðlað að mikilli erlendri fjárfestingu og sókn á aðra markaði. Ekkert varir hins vegar að eilífu og upp á síðkastið hafa Íslendingar fengið að kenna á fylgifiskum áberandi velgengni. Vantrú, öfund og jafnvel illvilja, þar sem allt er túlkað á versta veg.

Það hafði reyndar örlað á efasemdum um að vöxtur bankanna stæðist nákvæma skoðun. Greiningardeild Royal Bank of Scotland um Kaupþing banka olli smá titringi. Hún var reyndar illa unnin og illa ígrunduð, en síðan þá hafa fleiri orðið til að endurtaka réttmætar ábendingar um áhættu í rekstri bankanna og rangfærslur um íslenskt efnahagslíf og starfsemi fjármálafyrirtækjanna.

**SLEGGJUDÓMARNIR FALLA**

Í umræðunni hér heima örlaði á því sama. Ekki var gerður greinarmunur á áhættu og réttmætri viðvörun og sleggjudómum erlendra greiningardeilda og fjölmiðla. Viðbrögðin létu ekki á sér standa; krónan féll og hlutabréf lækkuðu. „Er allt að hrynja?“ var spurningin sem dundi á öllum þeim sem fylgjast með markaðnum. Menn gláptu á lækkun hlutabréfa og veikingu krónunnar, án þess að setja það í samhengi við að allir voru sammála um að krónan væri af skaðlegum styrk og að hlutabréf gætu tæplega hækkað með þeim hraða sem var í upphafi árs. Það sem gerðist var einfaldlega að við vorum minnt á það að ytri þættir hafa áhrif á líf okkar og markaður sem er verðlagður miðað við að menn mæti aldrei neinu mótlæti er líklega ekki rétt verðlagður.

Staða bankanna og efnahagsmála gefur ekki tilefni til mikillar svartsýni, en heldur ekki þeirrar bjartsýni sem farin var að einkenna alla umræðu hér á landi. Útrásin og vöxturinn sem verið hefur í viðskiptalífinu mun halda áfram, en kannski ekki á sama hraða og síðasta ár. Danir virðast margir hverjir anda léttar og vera um það bil að sannfæra sig um að uppgangur ungra Íslendinga hafi verið vondur draumur. Innanlands eru líka einhverjir sem eru langþreyttir á að klípa sig í handlegginn til að vekja sig af martröð síðustu ára og telja sig nú loksins vaknaða. Þeir sem þannig nálgast veruleika útrásarinnar og viðskiptanna munu sennilega þurfa að klípa sig í handlegginn í nokkur ár enn. Stærð og styrkur íslenskra banka og fyrirtækja er kominn til að vera.

**SÁRAR TÆR**

Þeir sem hratt fara yfir, ekki síst ef þeir gera það í fjölmenni, komast ekki hjá því að stíga á einhverjar tær. Sárustu tærnar virðast nú vera í Danmörku. Þaðan eru verstu sögusagnir um áhættu bankanna og veikleika íslensks efnahagslífs komnar. Þar fer fremstur í flokki Danske Bank. Um það bil sem umræða um íslenskt efnahagslíf og bankana var á leið í skynsamlegri farveg birti greiningardeild Danske Banks skýrslu um horfur í íslensku efnahagslífi. Skýrslan var á yfirborðinu vel unnin, en leitun er á hagfræðingi sem eitthvað þekkir til íslensks efnahagslífs sem er sammála þeirri mynd sem þar er dregin upp. Sumt mun ekki lifa, en annað fer á sveim og mun dúkka upp í umræðu um Ísland næstu mánuðina. Verst er þar samlíkingin um að aðstæður hér séu svipaðar og í Taílandi og Tyrklandi skömmu áður en þessar þjóðir gengu í gegnum efnahagskreppu og fjármálakreppu. Sá samanburður stenst ekki nema slælegustu yfirborðsskoðun, en nógir eru um slíkt í þessum heimi. Íslendingar verða að vera duglegir að brjóta niður þennan alranga samanburð, því hann getur undið upp á sig og orðið til þess að veikja traust á okkur.

**EKKI ÖLL GAGNRÝNI RÖNG**

Menn geta svo spurt sig hvort þessi gagnrýni á efnahagslífið og bankana sé á engu byggð. Svarið er að auðvitað eru glæðurnar fyrir hendi og þegar margir físibelgir fara saman er hægt að ná upp eldi í skamman tíma þrátt fyrir rýrt eldsneyti. Ekki bætir úr skák þegar lurkum er kastað á slíkan eld. Stjórn efnahagsmála hefur ekki verið nægjanlega aðhaldssöm og hagfræðingar hafa margoft bent á hættuna af slaka ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það er einkum tvennt sem kynt hefur undir þenslunni; tímasetning hækkunar húsnæðislána og tímasetning skattalækkana. Afgangur af ríkisfjármálum hefur ekki verið nægur og mun hverfa hratt þegar dregur úr þenslunni. Ríkið skuldar hins vegar lítið og hefur verið að greiða niður skuldir.

Við erum hins vegar skuldug þjóð. Íslendingar skulda 324 prósent af landsframleiðslu sinni erlendis. Það er há prósenta, en eins og Jón Steinsson hagfræðingur benti á í grein í Morgunblaðinu eru verulegar erlendar eignir á bak við þessar skuldir. Nettó erlend skuldastaða er samt sem áður há, 83 prósent af landsframleiðslu. Þar verða menn að horfa til þess að við erum yngri þjóð en nágrannar okkar og eigum því fleiri tekjumyndandi ár fram undan til að greiða af þessum skuldum. Þeir sem einblína á brúttó skuldastöðuna, eins og Danske Bank, eru raunar að halda því fram að við sem hagkerfi getum ekki vaxið út fyrir okkur sjálf. Stór hluti skuldanna er háar skuldir fyrirtækja vegna erlendra fjárfestinga. Skuldir sem koma hagkerfinu hér ekkert við, nema að þær munu skila sér sem arður ef fjárfestingarnar reynast arðsamari, en vaxtagreiðslur af lánunum. Við verðum að vona að svo sé og svo sem fátt sem bendir til annars.

**GLITNIR STYRKIR SIG**

Bankarnir fjármagna sig í sífellt meiri mæli með skuldabréfaútgáfum. Íslensk innlán standa engan veginn undir vexti útlána þeirra. Þar við bætist að slík fjármögnun banka færist í vöxt. Sparnaður er að breytast. Bankabækurnar víkja fyrir söfnunarlíftryggingum og fjárfestingarsjóðum ýmiss konar. Slíkir sjóðir dreifa áhættu með kaupum á hlutabréfum og skuldabréfum ríkja, banka og fyrirtækja. Þessi markaður er ólíklega að loka á næstunni.

Hins vegar þurfa bankarnir að glíma við þá staðreynd að álag bréfa þeirra á eftirmarkaði hefur hækkað og ef það gengur ekki til baka mun fjármögnun þeirra verða dýrari. Það getur svo aftur ýtt að hægja muni á vexti þeirra. Vöxtur bankanna hefur verið geysihraður og eflaust lítið mál fyrir þá að taka þá á innri þáttum starfseminnar til að takast á við frekari vöxt síðar. Bankarnir hafa farið misvel út úr umræðunni. Uppbygging Glitnis hefur verið meira í takt við hefðbundna evrópska banka og bankinn nýtur þess nú í mun minna álagi á skuldabréf sín. Bankinn hefur nú fengið lánshæfismat hjá Standard og Poor's sem er til þess fallið að slá á umræðuna. Glitnir stendur eftir sterkari en áður, en lánshæfismatið mun eflaust gagnast hinum einnig í umræðunni.

Enginn veit hvert markaður stefnir, en ekki er ástæða til að ætla að undirstöðurnar séu ótraustar. Umræðan er hins vegar hættuleg og mikilvægt að bankarnir dragi lærdóm af henni og nýti sér til að mæta slíku í framtíðinni. Því meira áberandi sem við verðum í viðskiptum í öðrum löndum, því líklegra er að reynt sé að koma á okkur höggi. Að einhverju leyti er það undir okkur sjálfum komið hvort það tekst.






## Viðskiptalögfræði á Bifröst

Námið samþættir með markvissum hætti viðskipta- og lögfræðigreinar. Frá upphafi er því stefnt að sérhæfingu innan lögfræðinnar með því að veita nemendum traustan grunn á hagnýtu sviði viðskiptalífsins.

**Stjórnendanám**. Hugmyndin á bakvið viðskiptalögfræðina er að búa nemendur undir að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem bíða stjórnenda í atvinnulífinu. Þar þarf að fást við viðfangsefni sem krefjast þekkingar, jafnt í viðskiptafræði sem og lögfræði.

**Námið er sex annir**. Þú getur lokið BS námi á sex önnum. Metnaðarfullir nemendur geta lokið sex önnum á tveimur árum. Mikið er lagt upp úr verkefnavinnu í smærri hópum og raunhæfum verkefnum. Reynslan hefur sýnt að útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfskraftar víðsvegar í atvinnulífinu og eru m.a. vel undir það búnir að hefja feril sinn hjá fjármála, endurskoðenda- og ráðgjafafyrirtækjum.

**Framhaldsnám**. Þeir sem hyggja á frekara nám eftir viðskiptalögfræðina geta tekið MS gráðu í viðskiptalögfræði. Standi hugur fólks til þess að stunda málflutningsstörf er hægt að taka ML gráðu í lögum sem framhaldsnám.

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 31830 03/2006

## VIÐ ERUM ICELANDAIR

Icelandair er alþjóðaflugfélag sem leggur áherslu á gæðaþjónustu með hagsmuni viðskiptavina og starfsfólks að leiðarljósi. Við fljúgum í reglulegu áætlunarflugi til 22 áfangastaða í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Árið 2005 flutti félagið 1.526.241 farþega. Starfsmenn: Um 1000.
www.icelandair.is

## VIÐ ERUM FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Flugfélag Íslands annast áætlunarflug innanlands. Auk þess heldur félagið uppi áætlunarflugi til Færeyja og Grænlands. Farþegar árið 2005: 338 þús. Starfsmenn: 240.
www.flugfelag.is

## VIÐ ERUM ITS

Icelandair Technical Services (ITS) annast viðhald flugvéla Icelandair og fleiri flugfélaga, í Keflavík og erlendis. Einnig annast félagið viðhaldsþjónustu fyrir erlend flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn: 220.

## VIÐ ERUM ICELANDAIR HOTELS

Félagið rekur keðju heilsárshótela undir vörumerkinu Icelandair Hotels og keðju sumarhótela undir merkjum Hótels Eddu.
Á sumrin, þegar öll hótelin eru í rekstri, eru þau 23 víðs vegar um landið. Starfsmenn: Rúmlega 250.
www.icehotel.is

## VIÐ ERUM IGS

Iceland Ground Services annast flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Flugþjónustan skiptist í fjórar deildir: Flugafgreiðslu, flugeldhús, veitingaþjónustu í flugstöð og fraktmiðstöð. Starfsmenn: Rúmlega 400.
www.igs.is

## VIÐ ERUM ICELAND TRAVEL

Íslandsferðir eru ferðaheildsala sem sérhæfir sig í sölu, skipulagningu og umsjón með ferðum til Íslands og leiðsögn og annarri þjónustu hér á landi við erlenda ferðamenn.
Starfsmenn: 50.
www.icelandtravel.is

## VIÐ ERUM ICELANDAIR CARGO

Icelandair Cargo er flugflutningafyrirtæki á leiðum yfir Norður-Atlantshaf þar sem flutningur til og frá Íslandi er kjölfestan. Félagið heldur uppi reglulegu fraktflugi til ýmissa áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Starfsmenn: Tæplega 50.
www.icelandaircargo.is

## VIÐ ERUM FJÁRVAKUR

Fjárvakur annast bókhald, uppgjör og launavinnslu fyrir félög innan Icelandair Group. Félagið er eitt stærsta fyrirtækið á íslenskum markaði sem tekur að sér umsjón verkþátta á fjármálasviði. Starfsmenn í árslok 2005: Tæplega 70.

## VIÐ ERUM LOFTLEIÐIR ICELANDIC

Loftleiðir Icelandic býður ferðaskrifstofum og flugfélögum um allan heim úrvals leiguþjónustu, leigu á flugvélum og áhöfnum.
Starfsmenn: Tæplega 10.
www.loftleidir.com

## VIÐ ERUM BLUEBIRD CARGO

Fraktflugfélagið Bláfugl rekur fimm Boeing 737 fraktflugvélar á alþjóðlegum fraktflutningamarkaði og fara 80% starfseminnar fram erlendis. Starfsmenn: Tæplega 70.
www.blafugl.is




Fyrirtækin sem mynda Icelandair Group eru með starfsemi um allan heim og hafa þjónað Íslendingum og tengt Ísland við umheiminn í tæp 70 ár. Frábært starfsfólk á öllum mörkuðum fyrirtækjanna, 2.300 einstaklingar, hafa notfært sér góðar hugmyndir í starfi sínu. Einstakt leiðakerfi yfir Norður-Atlantshaf og öflugur flugfloti með skilvirkri nýtingu hafa gefið okkur kraft til að ná framúrskarandi árangri á alþjóðamarkaði.

ICELANDAIR GROUP




# Fleiri líta krónuna hornauga

Hagfræðistofnun Háskólans segir í nýlegu riti betra að halda krónunni en skipta yfir í evru. Raddir ágerast þó sem telja skipti óumflýjanleg. Forsætisráðherra vill aukna umræðu og Samtök iðnaðarins vilja sækja um Evrópusambandsaðild. Útvegsmenn hafna aðild, en vilja taka hér upp evru einhliða. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér umræðuna.

**Til eru fjölmörg dæmi um að semja megi um alls konar hluti. ... fjöldi smáþjóða notar evruna, svo sem Vatíkanið, Mónakó, San Marino og Svartfjallaland. Fyrstu þrjú löndin slá meira að segja eigin mynt með sérstöku leyfi Evrópusambandsins.**

Skiptar skoðanir eru um kosti þess og galla að halda í krónuna sem gjaldmiðil. Hingað til hefur almennt verið litið svo á að evran yrði tæpast tekin upp hér á landi í stað krónunnar nema sem hluti af fullri aðild landsins að Evrópusambandinu. Þá hefur verið bent á að einhliða upptaka evru án aðildar að sambandinu jafngilti því að taka á sig skuldbindingar og óþægindi án þess að á móti væru tryggð réttindi og tækifæri.

Núna heyrast einnig í umræðunni raddir um að ef til vill megi semja um aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu án þess að ganga í Evrópusambandið. Bent er á að fordæmi séu fyrir slíkum sérsamningum, svo sem um aðild að Schengen-samstarfinu, sem aðeins átti að eiga við Evrópusambandsríki. Þá er einnig bent á að Ísland sé nú þegar hluti af innri markaði Evrópusambandsins með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

### ÚTVEGSMENN VILJA EVRU

Núna þrýsta bankarnir á í gengisumræðunni og sagði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, í nýlegu viðtali við Fréttablaðið krónuna vera „fáránlega“. Hann bendir á að sjötíu prósent tekna bankans komi frá útlöndum og segir umræðu þurfa að fara fram um hvernig úrelda skuli krónuna. Samtök iðnaðarins segja fyrirtæki landsins langþreytt á þeim sveiflum í rekstrarumhverfi þeirra sem samfara séu íslensku krónunni. Sömuleiðis hefur kveðið við þann tón hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, en Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri sambandsins, segir fyrirtæki í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og iðnaði hafa liðið fyrir allt of sterkt gengi hennar að undanförnu. Hann segist vera talsmaður þess að taka hér jafnvel upp evru einhliða, en telur um leið að ekki hafi verið fullkannaður sá möguleiki að fá aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu án Evrópusambandsaðildar. Hann segir nauðsynlegt að velta upp öllum möguleikum í ástandi þar sem mikil þensla ríki og stjórnvöld grípi ekki til mótvægisaðgerða,

### LÖND SEM NOTA EVRUNA

**Evrulöndin 12:** Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal og Spánn.

**Smærri Evrópuríki utan ESB:** Andorra, Mónakó, San Marínó, Vatíkanið og Svartfjallaland.

**Ríki með fasttengingu við evruna:** Bosnía og Hersegóvína, Búlgaría, Benín, Búrkína Fasó, Kómoreyjar, Danmörk, Eistland, Fílabeinsströndin, Grænhöfðaeyjar, Miðbaugs-Gínea, Gabon, Gínea Bissá, Kamerún, Kongó, Kýpur, Mið-Afríkulýðveldið, Malí, Marokkó, Níger, Senegal, Tógó, Tsjad og Ungverjaland, auk sjálfsstjórnarsvæða sem tilheyra Frakklandi (Mayotte, Saint-Pierre, Miquelon, Franska-Pólýnesía, Nýja-Kaledónía og Wallis og Futunaeyjar).

*Heimild: http://wilkiecollins.demon.co.uk/euro/eurocountries.htm*

## Myntbandalagið eitt er ólíklegur kostur

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segist telja að upptaka evru kalli á inngöngu í Evrópusambandið.

„Mér finnst þó áhugavert að fram fari umræða um mögulega aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu eingöngu. Evrópusambandið, bæði framkvæmdastjórnin og ráðherrar sem ég hef rætt við, hafa talið að fyrir því væri ekki pólitískur vilji,“ segir Halldór en telur þó að sú leið væri fær hvort heldur sem er frá form- eða lagalegu sjónarhorni. „Evran var tekin upp vegna innri markaðarins og við erum aðilar að honum. Þar af leiðandi væri eðlilegt að við gætum í leiðinni verið aðilar að evrópska myntbandalaginu. Hingað til hafa svörin hins vegar verið skýr á þá leið að það geti aðeins aðildarríki Evrópusambandsins og reyndar eru þau ekki einu sinni öll aðilar að því.“

Á hádegisfundi með forsætisráðherra í Háskólanum í Reykjavík á mánudag kom fram í máli hans að krónan hlyti að verða þrándur í götu



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór Ásgrímsson á fundi í Háskólanum í Reykjavík 27. mars 2006.
MARKAÐURINN/GVA

fyrirætlana um að koma hér á fót alþjóðlegri fjármálamiðstöð og í að laða að erlend fyrirtæki. „Stöðugleiki er mikilvægur fyrir tiltrú og stöðugleiki á Íslandi, bæði í efnahags- og fjármálum, hlýtur að vera mikil forsenda þess að erlendir aðilar hafi á því tiltrú að setja sig hér niður,“ segir hann og hvetur til aukinnar umræðu um stöðu íslensku krónunnar og viðhorfsins til inngöngu í Evrópusambandið.

„Staðreyndin er að alltaf verður erfitt að reka íslensku krónuna í alþjóðlegu fjármálaumróti. Íslenska krónan er minnsti gjaldmiðill í heimi á frjálsum markaði. Framhjá því komumst við ekki og þess vegna er hún mjög viðkvæm fyrir hvers konar hreyfingum á markaði. Við höfum enda séð það nú að vont umtal erlendis, byggt á vanþekkingu, getur orðið til þess að setja ákveðna skriðu af stað,“ segir Halldór og telur enn ljóst að ef Bretar, Danir eða Svíar verði aðilar að evrunni verði nánast ómögulegt fyrir okkur að standa þar fyrir utan. „Þetta eru staðreyndir sem menn verða að tala út frá og ég hef saknað þess, bæði af hálfu atvinnu- og fjármálalífs, að þeir skuli ekki taka þessi mál til meiri umfjöllunar,” segir hann og kveðst þess fullviss að atburðir síðustu daga veki upp meðal fjármálafyrirtækja umræðu um stöðu krónunnar.

Halldór Ásgrímsson segir þó ekki enn tímabært að þjóðin geri upp hug sinn varðandi mögulega aðildarumsókn. „Til þess er umræðan ekki enn nægilega þroskuð.“

## ALLT HITT

BÍLAR FERÐIR NÁM



**Bílauppboð** Vöku eru venjulega haldin fyrsta laugardag hvers mánaðar en næsta uppboð verður haldið laugardaginn 8. apríl klukkan 13.00.
**Svæðið** opnar klukkan 10.00 svo þeir sem hafa áhuga á því að ná sér í bíl geta skoðað úrvalið áður en uppboðið hefst.



**Iceland** Express verður með áætlunarflug þrisvar í viku til Alicante í sumar. Frá og með 8. apríl verður flogið til Alicante einu sinni í viku á laugardögum og frá og með 17. maí verður flogið þangað þrisvar í viku, á laugardögum, sunnudögum og mánudögum.

**OneStroke** námskeið verður haldið í Föndru á morgun, fimmtudaginn 30. mars frá klukkan 18.30 til 22.00. Mimi Collins kennir notkun OneStroke aðferðarinnar til þess að mála blóm og fleira.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er miðvikudagurinn 29. mars, 88. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.57 | 13.32 | 20.10 |
| Akureyri | 6.39 | 13.17 | 19.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Anna og Steinunn hafa lært rafmagnsverkfræði síðustu þrjú ár og segja að námið einskorðist ekki við teikningu raflagna heldur sé námið svo miklu meira og fjölbreyttara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekki bara fyrir nörda

***Strákar eru yfir 90 prósent nemenda í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands. Inn á milli leynast þó kjarngóðar stúlkur en tvær þeirra, Anna Guðmundsdóttir og Steinunn Arnardóttir, eru einu tvær stelpurnar á þriðja ári í rafmagnsverkfræði.***

Anna og Steinunn hófu nám í rafmagnsverkfræði á sama tíma, fyrir þremur árum, en Steinunn lýkur B.S. prófi á þessu misseri en Anna mun ljúka þeirri gráðu á næsta ári. Þegar sest er niður með rafmagnsverkfræðistelpunum tveimur í Tæknigarði liggur beinast við að spyrja hvort þær hafi einhverjar útskýringar á því hvers vegna stelpur séu í svona miklum minnihluta í deildinni. Steinunn nefnir helst að rafmagnsverkfræðin hafi eilítinn nördastimpil á sér og því forðist stelpur námið. Anna tekur undir þetta sjónarmið Steinunnar en að sjálfsögðu þvertaka þær báðar fyrir þá staðreynd. „Margar stelpur sjá líka ekki hvað hægt sé gera með þetta ákveðna nám,“ bætir Anna við. Steinunn skýtur því inn í að þetta eigi líka við um marga stráka.

Stelpurnar efast hins vegar hvorugar í eina sekúndu um hagnýtingu námsins. „Námið spannar flest allt sem er að gerast í tækni í dag. Bankarnar hér á landi eru líka hægri, vinstri, farnir að leita að fólki sem kann að reikna. Því má eiginilega að segja að verkfræðin sé nýja fárið. Enginn sem útskrifast núna hefur áhyggjur af vinnu,“ útskýrir Steinunn og Anna kinkar kolli um leið. Þær bæta einnig við að atvinnumöguleikar séu alltaf að verða meiri hér á landi.

Aðspurðar um helstu kosti námsins og hvað sé skemmtilegast við það nefna stelpurnar nokkra hluti. Hagkvæmni námsins og að sjá loksins notagildið af allri stærð- og eðlisfræðinni sem þær hafi lært á undanförnum misserum eru tveir af þeim kostum sem stelpurnar nefna. „Einn af plúsunum sem ég sá var að ég var ekki að loka neinum leiðum,“ segir Steinunn og bætir við að vonandi afmáist nördastimpillinn brátt. „Hér er gott félagslíf og er ekki skilgreiningin á nörd þannig að hann fari ekki út á föstudagskvöldum?,“ spyr Anna. „Og það er hægt að gera fullt af svölum hlutum eftir námið,“ skýtur Steinunn inn í að lokum og verður blaðamaður að taka undir það sjónarmið.

*steinthor@frettabladid.is*


KLASSÍSKUR LÚXUSBILL




**Jagúar Mk. VII Saloon árgerð 1955.**

6 strokka með tveim yfirliggjandi kambásum, 3,44 l, 160 hö. Billinn var gerður upp og sprautaður árið 1984.
Bíllinn er til sýnis og sölu hjá Bílabúð Benna notuðum bílum.

Bílabúð Benna

**Verð kr. 790.000,-**

Notaðir bílar - Bíldshöfða 10
Sími 587 1000 - Bílasalan Skeifan




**Umboðsaðilar:**
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430

**Eigum til afgreiðslu strax**

**Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla**

**MAZDA**

**MPV LX V6**





Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16” álfelgur
Raf.í rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

X4 ehf.

**Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. kl. 12:00 - 16:00**
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

**Silfurgrár** er vinsælasti bílaliturinn í dag. Allt að fjórðungur nýrra bíla er silfurgrár og er íslenski bílaflotinn þar engin undantekning.



NOTAÐIR BÍLAR





**Iveco Euro Trakker 6/2004**
MP340 - 440 hö
Rafskiptur
Pallur frá Vagnasmiðjunni
Ekinn 52.000 km



**Daily sendibíll 35S13V**
12m2 vörurými - rennihurð b/v
árg.2000 - ekinn 117.00



**MB 9.14**
Kassi og 2ja t. lyfta
Ekinn 243.000 km





**Iveco EuroCargo 120E23**
Kassi og lyfta
árg.1997 - ekinn 225.000



**Iveco EuroCargo 150E23**
Gámagrind og lyfta
árg.1999 - ekinn 305.000

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is



Það fór vel á með þeim Bjarna Ármannssyni og Sturlu Böðvarssyni eftir að Bjarni hafði selt Sturlu gamlan traktor. Brynhildur Georgsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs Umferðarstofu, útskýrði í leiðinni virkni nýju þjónustunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rafræn eigendaskipti

***Umferðarstofa hefur í samstarfi við Glitni hafið skráningu á eigendaskiptum ökutækja á rafrænu formi. Þjónustan var kynnt á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu á mánudag.***

Nú gefst þeim sem þurfa að hafa eigendaskipti á ökutækjum kostur á að ganga frá viðskiptum á netinu sem hingað til hefur þurft að eiga sér stað með hefðbundinni undirritun á umsóknareyðublað. Skráning eigendaskiptanna fer fram á vef Umferðarstofu, www.us.is, og er síðan staðfest í heimabanka þeirra sem eiga í hlut, hvort sem um er að ræða eiganda, seljanda, meðeiganda eða forráðamenn. Á þjónustan að gera eigendaskipti auðveldari og þá sérstaklega fyrir fólk á landsbyggðinni.

Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, hóf fundinn þar sem hann meðal annars kynnti það markmið Umferðarstofu að gera alla þjónustu hennar aðgengilega á netinu. „Við höfum gefið þessu markmiði okkar heitið „100 % vefþjónusta“, sem er til marks um að við stefnum að því að veita alla þá þjónustu sem unnt er að veita með rafrænum hætti á vefnum,“ sagði Karl og bætti við að yfir nítíu þúsund eigendaskipti hafi orðið á síðasta ári hér á landi og því komi þessi nýja þjónusta til með að létta mörgum sporið.

Fundinn sátu meðal annars Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Fögnuðu þeir báðir þessu framtaki og sagði Sturla meðal annars að unnið væri markvisst að því að fækka handtökum og pappírsvinnu innan samgönguráðuneytisins.

Bjarni talaði fyrir hönd Glitnis og sagði heiður að hafa fengið að starfa að uppbyggingu kerfisins. Hann sagði mikilvægt að aðilar hjá ríki og einkafyrirtækjum stæðu saman til þess bæði að auka hagkvæmni og spara tíma. Hann sagðist einnig vonast til þess að fleiri gætu nýtt sér sambærilega þjónustu og nú þegar hafi Glitnir hafið samstarf við ríkisskattsstjóra. Þannig vonuðust allir aðilar til þess að framtak þeirra nýttist fleiri aðilum en kerfið má nota á öllum þeim staðfestingum og öðru slíku sem þarfnast persónulegra auðkenna.

Bjarni og Sturla luku fundinum með því að Sturla keypti forláta traktor af Bjarna. Voru þessi eigendaskipti því þau fyrstu sem fara fram með rafrænum hætti á Íslandi. Nánari upplýsingar um þess nýju þjónustu má nálgast á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is. *steinthor@frettabladid.is*

# Flottir bílar á Bílar & Sport

***Stórsýningin Bílar & Sport verður haldin í júní. Hallur Jónasson, sölu- og markaðsstjóri Bíla & Sports, lofar heimsþekktum erlendum gestum.***

Stórsýningin Bílar & Sport verður haldin í fyrsta skiptið í byrjun júní næstkomandi. Bílasýningin fer fram á vegum tímaritsins Bílar & Sport og segja aðstandendur blaðsins að markmið hátíðarinnar sé að tengjast markaðnum og félagasamtökum enn sterkari böndum. Sýningin verður í anda stóru bílasýninganna sem haldnar eru erlendis en hugmyndabílar, sportbílar, jeppar, nýir bílar og fornbílar eru meðal þess sem verður til sýnis.

Hallur Jónasson segir að þessa dagana sé undirbúningur í fullum gangi og verið sé að klára að skipa í alla sýningarbása. Hallur segir að fjöldi þeirra sem komi að sýningunni sé gríðarlegur og treysti hann sér ekki til þess að nefna neinar tölur. „Klúbbarnir verða allir þarna hjá okkur og svo er líka mikið af spennandi hlutum sem við erum að flytja inn að utan.“ Aðspurður segir Hallur að á sýninguna séu væntanleg stór nöfn úr bransanum. „Ekki bara flottir bílar heldur líka fólk sem er goðsagnir á sínu sviði,“ segir Hallur að lokum. *steinthor@frettabladid.is*



Stórsýningin Bílar & Sport fer fram í íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 9.-11. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýr Lexus slær í gegn

***Sölumet í uppsiglingu.***

Mikil sala hefur verið á Lexus bifreiðum það sem af er árinu og stefnir í að mars verði metmánuður svo um munar.

Arnar Gíslason, sölustjóri Lexus, segir að ný kynslóð Lexus hafi slegið í gegn hjá kaupendum. „Með nýrri hönnunarspeki Lexus erum við að upplifa nýja formfegurð í bílunum okkar, sem og gríðarlega skemmtilegan og háþróaðan tæknibúnað, hvort sem lýtur að aksturseiginleikum, þægindum eða öryggi. Við sjáum það mjög greinilega að kaupendahópurinn er að breikka,“ segir Arnar. „Þá eru skilaboð þeirra sem reynsluaka bifreiðarnar okkar skýr: Lexus er lúxusbifreiðalína sem stendur engum að baki í þessum flokki bíla.“



Meðal þeirra sem hafa keypt Lexus á árinu eru knattspyrnubræðurnir Þórður og Bjarni Guðjónssynir. Á myndinni sjást þeir taka við lyklum að Lexus R350 bifreiðum sínum úr hendi Arnars Gíslasonar, sölustjóra Lexus, og Magnúsar Kristinssonar, eiganda Toyota á Íslandi.

Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.



**AG Mótorsport** - Kletthåls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**







**Partur-Spyrnan-Lyftarar** • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# HVAÐ ER..."RELÍ"?

Einn góðan veðurdaginn hætta rúðuþurrkurnar á bílnum að virka. Eða þá að rafdrifna rúðan í bílstjórahurðinni neitar að fara upp. Eða miðstöðin hættir að virka. Þú ferð með hann á verkstæði, sækir hann næsta dag og færð að vita að ekki hafi verið mikið að, bara ónýtt relí. Hvað svo sem það nú er.

Í flestum bílum er tólf volta spenna á rafmagninu, á móti 230 voltum í húsum hérlendis. Gallinn við að lækka spennuna er sá að til að knýja sams konar tæki þarftu að auka strauminn (sem er mældur í amperum) næstum tuttugufalt og ókostir þess eru nokkrir.

Fyrir það fyrsta er það straumurinn sem er hættulegur fólki, ekki spennan. Í öðru lagi tapast meira afl í vírum með þessu móti. Í þriðja lagi þýðir hærri straumur meiri hitamyndun og í fjórða lagi kallar hann á sverari víra.

Vitandi þetta er ljóst að það er æskilegt að minnka flutning á háum straumi um bílinn eins og hægt er. Þar koma relí til sögunnar. Þessir pínulitlu kassar eru eins konar fjarstýringar sem opna og loka fyrir háan straum. Til þess þurfa þau þau rafboð sem geta verið með miklu lægri straum en tækið sem þarf að skammta rafmagn til.

Ímyndum okkur að við viljum kveikja á afturrúðuhitaranum í bílnum okkar. Til að framkalla hita þarf frekar mikinn straum. Við viljum ekki endilega hafa þann straum í gegnum mælaborðið hjá okkur, enda væri það helmingi stærra ef allur straumur sem bíllinn notaði færi í gegnum það - það væri troðfullt af sverum vírum. Þess í stað ýtum við á rofa í mælaborðinu sem hleypir lágum straum eftir grönnum vír að einföldu relíi. Á því eru fjögur tengi. Eitt fyrir rafboðin, eitt fyrir jarðtengingu, eitt fyrir háan straum inn og annað fyrir háan straum út.

Við það að fá straum inn á sig, jafnvel lítinn, fer rafsegull í relíinu í gang. Hann togar til sín segulnæma fjöður sem lendir á snertu og opnar þannig rafrás sem liggur á milli tengjanna fyrir háa strauminn. Relíið hleypir honum því í gegnum sig svo lengi sem segullinn fær nægan straum til að toga í fjöðrina. Um leið og við lokum fyrir það rafmagn smellur hún til baka og relíið hefur lokið góðu dagsverki.



Relí gera okkur kleift að nota lítinn straum til að kveikja á tækjum sem nota mikinn straum.

# Eitt Evrópuskírteini

***Stefnt er að því að eitt ökuskírteini gildi innan ESB***

Samgönguráðherrar Evrópusambandslandanna eru sammála um að stefna að því að koma á einu ökuskírteini sem gildi innan Evrópusambandsins. Skírteinið nýja verður að öllum líkindum búið örgjörva til að auðvelda eftirlit og gera allt svindl og falsanir erfiðari og stuðla að betra öryggi í umferðinni. Þar sem málið er talsvert flókið í framkvæmd ætla ráðherrarnir sér 26 ár til að koma nýja sameiginlega skírteininu í gagnið. Þannig mun nýja skírteinið taka gildi árið 2032 og önnur eldri falla úr gildi.

Tilskipun um breytingarnar mun taka gildi þegar á þessu ári og öðlast lagagildi í síðasta lagi árið 2012. Eftir það fá löndin aðlögunartíma en verða að vera búin að skipta út öllum ökuskírteinum fyrir hin nýju árið 2032.

**Frétt af www.fib.is**



Geely-bílarnir eru við fyrstu sýn blanda af Daewoo og Skoda. Grunnverð þeirra verður um 700.000 krónur.

# Kínverskir á markað í USA

***Ætla að selja 25.000 bíla árið 2008.***

Kínverska bílaframleiðslufyrirtækið Geely vinnur nú að því að ná fótfestu á bandaríska bílamarkaði með í það minnsta eina gerð. Áætlað er að salan hefjist haustið 2008. Verðið verður mjög hóflegt, í kringum 700 þúsund krónur samkvæmt frétt Auto Motor & Sport.

Geely sýndi nokkrar gerðir bíla sinna á bílasýningunni í Detroit í janúar á þessu ári. Eftir sýninguna hafa yfir 200 bílasölufyrirtæki í Bandaríkjunum sett sig í samband við markaðsfyrirtæki Geely í Bandaríkjunum og óskað eftir að fá að selja þessa ódýru bíla.

Framkvæmdastjóri Geely í Bandaríkjunum segir að Bandaríkjamenn almennt efist um gæði kínversks varnings og hans fyrsta og stærsta verkefni sé að breyta því almenna viðhorfi hvað varðar Geely-bíla í það minnsta. Þar að auki verði bílarnir að uppfylla kröfur um öryggi og mengunarvarnir.

Fyrsta gerð Geely-bíla á Bandaríkjamarkaði mun eiga að kosta í kringum tíu þúsund dollara, sem eru um 700 þúsund krónur. Í verðinu verða innifalin atriði eins og loftkæling, rafdrifnar rúður og útvarp með geislaspilara.

Áætlanir gera ráð fyrir að fyrsta árið seljist 25 þúsund bílar en aukist á fimm árum í 100 þúsund bíla árlega sölu. **(www.fib.is)**


Jeppa- og vélsleðagalli

Jakki og buxur á 21.900 kr.




Gjöf fyrir þann sem þér er hlýtt til.

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



NOTUÐ TÆKI



HYUNDAI 170W
árg. 2004 - Vst. 2.400



JCB 3CX
árg.1999 - Vst.5.100



JCB JS330 LC
árg.1999 - Vst.9.400



JCB 3CX
árg.1996 - Vst.9.400



Bobcat 328
árg. 2000 - Vst.1.600

VÉLAVER HF

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is



www.velaborg.is S: 414 8600



CASE











ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR

Umfangsmikil vinnuvélalína Vélaborg ehf

Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

**Sólbruni** er ekkert grín svo það er ekki úr vegi að fara í einn eða tvo ljósatíma áður en haldið er til sólarlanda.





Króatía

Frá 45.895 kr.



Heitasti staðurinn í fyrra.
Brottfarir í júní og ágúst
að seljast upp

frá 45.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjónmeð 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið.

ENNEMM / SÍA / NM20625

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500




Sverrir Guðmundsson og Sævar Helgi Bragason nota ekkert smától við stjörnuskoðunina enda þarf stóran kíki til að skoða stóran himin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ferðast til Andrómedu og til Mars í huganum

***Félagarnir Sverrir Guðmundsson og Sævar Helgi Bragason eru einstakir áhugamenn um stjörnuskoðun og segja stjörnuskoðun vera frábæra útivist, bæði erlendis og heima fyrir.***

Sverrir Guðmundsson og Sævar Helgi Bragason deila saman brennandi áhuga á stjörnuskoðun. Þeir eru báðir að læra jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands og í tengslum við áhugamálið sitt halda þeir úti vefnum www.stjornuskodun.is þar sem fræðast má um sólkerfið og alheiminn.

„Við höfum tekið ýmsa hópa í stjörnuskoðun út fyrir bæinn,“ segir Sverrir. „Á stjörnuskoðunarkvöldunum setjum við upp stjörnusjónauka og hvetjum fólk til að taka með sér handsjónauka enda er ótrúlegt hvað hægt er að sjá með litlum handsjónauka.“ Strákarnir segja Kaldársel, Krísuvík og Þingvelli vera þá staði sem reynst hafa vel til stjörnuskoðunar enda skíni stjörnurnar skærar fjarri borgarljósunum.

„Við förum yfir helstu merkin á næturhimninum og bendum fólki á hvar hægt er að finna Karlsvagninn, Pólstjörnuna, Kassíópeiu, Sjöstirnið og Óríon,“ segir Sverrir. „Við notum líka grænan leisi til að benda á þá staði á himninum sem við erum að spjalla um. Það ræðst af árstíma og veðri hvað er hægt að sjá en oftast er hægt að skoða reikistjörnur eins og Satúrnus og Mars, tvístirni, stjörnuþyrpingar og gasþokur. Allar þessar stjörnur og fyrirbæri sem við sjáum á himninum eru í sömu vetrarbraut og við en yfirleitt má einnig sjá næstu stóru vetrarbraut, sem nefnist Andrómeduvetrarbrautin, og meðan hún er skoðuð er gaman að velta því fyrir sér hvort einhverjar verur séu þar að horfa í áttina til okkar á sama tíma,“ segir Sverrir spekingslega.

Sverrir segir þá drengi vera á leið með að útfæra stjörnuskoðunarkvöldin enn frekar og ætla að setja upp síðu á Stjörnufræðivefnum þar sem fólk getur sett sig í samband við þá og fengið leiðsögn um stjörnuhiminn. „Þetta er meiriháttar útivist. Maður nær að slaka vel á í rólegheitum undir berum himni og njóta þess sem fyrir ber,“ segir Sverrir.

Bestu aðstæðurnar til stjörnuskoðunar eru frá september og fram í apríl þegar mesta dimman er. En stjörnufræðifélagarnir koma ekki að tómum sjónaukanum á sumrin. Þá skín sólin skært og hana er merkilegt að skoða líka. „Á sumrin erum við með sjónauka sem við notum til að skoða sólina,“ segir Sverrir. „Þá má sjá sólbletti, sem eru mjög flottir og með sérstökum sólarsjónaukum má sjá stróka út frá sólinni. Sólin er ekki alveg jafn slétt og felld og við höldum.“ Strákarnir hafa einnig farið í nokkrar ferðir erlendis. Síðastliðið sumar fóru þeir til Hawaii með hópi Íslendinga til að fylgjast með árekstri Deep Impact geimfarsins við halastjörnu með stórum stjörnusjónauka.

Nú eiga lesendur það eitt eftir að krossleggja fingur að létti til á himni og stjörnunar sýni sig áður en dimman fer í sumarfrí. Um leið og glittir í eina, má hringja í Sverri og Sævar, og fá útlistun á hvað fyrir augu ber. *johannas@frettabladid.is*


Bíll úr flokki A

Vika á Florida

Verð frá 14.200* kr. - ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.

*Verð gildir eftir 1. apríl. Miðað við gengi 1. mars 2006

Bókaðu bílinn heima fyrir 1. apríl
- og fáðu 1000 Vildarpunkta

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is


## HVERT ERTU AÐ FARA ?



Ásta Kristjánsdóttir ferðast mikið vegna vinnunnar.

# Líður vel í Bombay

***Ásta Kristjánsdóttir eigandi Eskimo models þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hún er nýkomin heim frá Bombay á Indlandi og fer fljótlega til Prag í Tékklandi.***

Ásta er nýkomin frá Bombay þar sem hún var vegna vinnunnar. „Það er mjög gaman að vera í Bombay og þar er allt ólíkt því sem við eigum að venjast hér heima,“ segir Ásta en hún hefur verið mjög mikið í Bombay og líður vel þar.

Eftir nokkrar vikur ætlar Ásta síðan að fara til Prag en hún hefur ekki komið þangað áður. „Ég hlakka mjög mikið til að fara til Prag en það verður örugglega mikið að gera í vinnunni og á fundum svo ég veit ekki hvort ég get skoðað borgina eitthvað mikið þó að mig langi til þess,“ segir hún.

# Út á land um páskana

***Flugfélag Íslands býður upp á tilboðsferðir um páskana.***

Að vera úti á landi yfir páskana veitir fullkomna ró, auk þess sem margt skemmtilegt er hægt að gera. Ef fólk langar til að skella sér burt úr borginni um páskana er hægt að nýta sér tilboð Flugfélags Íslands á flugi til Akureyrar, Egilstaða og Ísafjarðar 11. til 18. apríl.

Einungis er hægt að bóka tilboðsflug á netinu og ekki er hægt að bóka eftir 7. apríl.

*Frekari upplýsingar er að finna á www.flugfelag.is*




Flugfélag Íslands er með tilboð á flugi um páskana.


allt tilboð
Alla föstudaga

**Skrifborðsstóll** er nauðsyn við hvert skrifborð. Þá er hægt að fá í úrvali í Pennanum og alltaf eru einhverjir stólar á tilboði.





Nemendur á sérnámsbraut Borgarholtsskóla taka virkan þátt í félagslífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tekið opnum örmum

*Í Borgarholtsskóla er boðið upp á nám á svokallaðri sérnámsbraut. Brautin er ætluð nemendum með skilgreinda fötlun sem ekki fara í samræmd próf. Námið er til fjögurra ára og er áhersla lögð á að leyfa einstaklingum að vaxa og dafna í almennu unglingaumhverfi.*



Myndlist er þáttur af náminu á sérnámsbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Markmið námsins á sérnámsbraut Borgarholtsskóla er að nemendur kynnist námi og starfi við hæfi og fái tækifæri til að auka þekkingu sína og færni. Það stuðlar að auknu sjálfstæði þeirra og auðveldar þeim að takast á við atvinnu og viðfangsefni daglegs lífs í samfélaginu.

26 nemendur stunda nú nám við sérnámsbraut Borgarholtsskóla. Námið fer þannig fram að fyrstu tvö árin er lögð áhersla á að viðhalda og styrkja þá færni og þekkingu sem nemandi hefur þegar öðlast. Nemendur sækja um þrjátíu kennslustundir á viku í fögum eins og íslensku, ensku, stærðfræði auk myndlistar, heimilisfræði og lífsleikni, svo eitthvað sé nefnt. Á þriðja og fjórða ári verður námið starfstengdara og fá nemendur starfsþjálfun bæði innan skólans og á vinnustað. Farnar eru vettvangsferðir á ýmsa vinnustaði og verndaðir vinnustaðir kynntir.

Skólinn vinnur með Svæðisskrifstofu Reykjavíkurborgar að verkefni sem kallast Atvinna með stuðningi. Krakkarnir fá þá á fjórða ári námsins að kynnast þremur vinnustöðum og ákvarða í leiðinni sitt áhugasvið. Þau eru aðstoðuð við umsóknir, hjálpað að finna atvinnu við hæfi og þeim er fylgt eftir út á vinnumarkaðinn.

Kennsluaðferðir og námsmat miðast út frá hverjum einstaklingi fyrir sig. Aðferðir eru sniðnar að getu og áhugasviði einstaklings auk þess sem tekið er fullt tillit til námsskrár.

Fyrst og fremst eru nemendur sérnámsbrautar ungt fólk sem stundar nám við Borgarholtsskóla. Þau hafa fullan aðgang að öllu félagslífi og hefur þeim frá fyrsta degi verið tekið opnum örmum af öðrum nemendum skólans.

# Nám með vinnu

*Samkvæmt könnun sem tveir nemar í HR gerðu eru laun þeirra sem lokið hafa námi samhliða vinnu marktækt hærri eftir námið en fyrir það.*

Rannsóknina gerðu Hrönn Veronika Runólfsdóttir og Ingibjörg Sólrún Magnúsdóttir. Samkvæmt niðurstöðum þeirra hækka launin ekki aðeins samfara náminu heldur einnig með aukinni stjórnunarábyrgð.

Allir sem tóku þátt í rannsókninni sögðu námið hafa verið fórnarinnar virði, aðallega vegna þess að burtséð frá fjárhagslegum ávinningi hafi virðing og sjálfstraust aukist í kjölfar námsins.

Flestir háskólar bjóða upp á nám með starfi og virðist vera að stjórnendur styðji starfsmenn sína til náms í auknum mæli. Veronika og Ingibjörg halda að þetta sé vegna þess að yfirmenn telji sig fá þann stuðning sem þeir sýna margfalt til baka því starfsmenn leggi meira á sig til að launa þeim greiðann.

# Íslenskunámskeið hjá Endurmenntun

*Endurmenntunarstofnun stendur fyrir námskeiði fyrir þá sem vilja auka kunnáttu sína og færni í ritun íslensku.*

Námskeiðið Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál, hefst hjá Endurmenntunarstofnun í næstu viku. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda, tekin dæmi um gott og slæmt málfar og farið yfir beygingar, orðasambönd og stíl. Farið verður yfir helstu atriði í ritreglum og algengar villur skoðaðar auk þess sem þátttakendur leysa ýmis verkefni. Námskeiðið er þrjú kvöld og verður kennt þriðjudaginn 4. apríl, fimmtudaginn 6. apríl og þriðjudaginn 11. apríl frá klukkan 17.00 til 19.30. Kennari á námskeiðinu er Bjarni Ólafsson íslenskufræðingur og námskeiðsgjald er 21.900 krónur.



Það getur verið gott að auka færni sína í ritun íslensku.

# Náttúrufræðikennsla efld

*Náttúrufræðimenntun verður umræðuefni á málþingi sem hefst á föstudag.*

Málþingið er samstarfsverkefni Félags raungreinakennara, Félags náttúrufræðikennara á grunnskólastigi, Rannsóknarhóps um náttúrufræðimenntun í Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Samtaka líffræðikennara.

Þingið hefst í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands klukkan 13.00 á föstudaginn 31. mars og lýkur með pallborðsumræðum og léttum veitingum laugardaginn 1. apríl.

Megintilgangur málþingsins er að efla náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum. Á þinginu verða margvísleg erindi og vinnustofur ætlaðar leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Þátttaka á málþinginu er ókeypis og öllum opin.

Keramik fyrir alla

**Páskarnir nálgast.**



**Komdu tímanlega að mála páskaskrautið.**

Keramik fyrir alla,
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta 6. vikna námskeið 11. apríl.
**Skráning á biðlista fyrir sumarnámskeið er hafin**
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

allt tíska
Alla fimmtudaga

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mán.-fimmtud. 9-17:30, föstud. frá kl. 9-17. Lokað um helgar.**



| Ingólfur Gissurarson<br>lögg. fast.sali<br>896 5222 | Bárður Tryggvason<br>sölustjóri<br>896 5221 | Þórarinn Friðgeirsson<br>lögg. fast.sali<br>899 1882 | Ellert Róbertsson<br>sölumaður<br>893 4477 | Magnús Gunnarsson<br>sölustj. atvinnuh.<br>822 8242 | Viggó Jörgensson<br>lögg. fast-eignasali. | Pétur Jóhannsson<br>sölum. Snæfellsbæ.<br>S 893 4718 | Margrét Sigurgeirsdóttir<br>ritari | Þóra Þorgeirsdóttir<br>ritari | Guðrún Pétursdóttir<br>skjalagerð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

**YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!**

# Baugakór

## - 3ja og 4ra herb. íb. m. bílskýli

**EINKASALA!**









Erum að hefja sölu á 12 nýjum glæsilegum 110 fm 3ja herb. íbúðum og 145 fm 4ra-5 herb. íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi á mjög góðum stað í Kórahverfinu í Kópavogi. Öllum íbúðum fylgir stæði í mjög góðu bílskýli. Suðurverönd með íb. á jarðhæðum en góðar suðursvalir með íb. efri hæðar. í 4ra herb. íb. er 17 fm sjónvarpshol. Mjög gott skipulag. Innanhúsarkitekt valdi flísar og innréttingar í íbúðarnar. ***Verð 3ja m. bílskýli 24,9 millj. og 4ra- 5 herb. frá 32,5 millj.*** 4600

***Lítið á nybyggingar.is og sjáið glæsilegan kynningarvef um eignina.***

# VALHÖLL
FASTEIGNASALA

## Fífurimi - Grafarv. Mjög gott endaraðhús. Laust fljótlega.



Í einkasölu fallegt nýlegt 133 fm endaraðhús (vesturendi) á góðum rólegum barnvænum stað. Góðar innréttingar, parket, flísar, snyrting, baðherbergi m. sturtu og kari, 3 rúmgóð svefnherb.,+ unglingaherb.í risi. Afgirt suðvestur verönd og falleg ræktuð lóð. Topp eign á góðum stað. **Áhvílandi: 24 millj. (40ára, 4,3% vxt., grb.ca 110 pr. mán). Sparið 600 þús.í lánt. gjöld. Verð 30,9 millj.**

## Nýtt glæsil. lyftuhús í Selvaði m. bílskýli. 4 íbúðir eftir.



Nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum. Húsið afh. fullb. að utan og lóð og bílast. afhendast fullfrág. Íb. sem eru fráb. velskipul. afhend. fullb. með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flísal. á baðherb.. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum sem eftir eru. www.nybyggingar.is 4100

## Gvendargeisli - ný glæsileg fullbúin raðhús á einni hæð - m. bílskúr.



Gvendargeisli 128-166 eru raðhús á einni h. sem skiptast í íb. 140 fm og bílsk. 28 fm Húsin eru velstaðs. og er stutt í grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu. Tvö húsanna eru til afhend. eftir ca mánuð fullb. án gólfefna með vönduðum sérsmíð. innrétt. Flísal. baðherb. Garður snýr í suður og afh. fullfrág. og 25 fm timburv. fylgir hverju húsi. Bílsk. afhend. fullb. með fjarstýringu. Verð miðjuhús 39,8 millj. Endahús (eitt hús eftir) 40,5 millj. 4276

## Krókavað
## Glæsilegar sérhæðir á fráb. stað.



Í einkasölu glæsil. 127 fm efri sérh. auk ca 40 fm bílsk. eða neðri sérh. 127 fm á mjög góðum stað innst í lokaðri götu við Krókavað. Seljast fullbúnar án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. Verð: Efri hæð + bílsk. 35,9 millj. Neðri hæð: 29,9 m. Afhending: sumar 2006. 4413

## Tröllateigur Mosfellsbæ flottar séríbúðir.



Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. séríb. sem afh. fullfrág.án gólfefna. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 27 m. 3894

## Bræðraborgarst. nýjar íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar!



Í einkasölu í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir tvær íbúðir ásamt stæði í bílageymslu. Íb. eru 111,4 fm og 128,4 fm Íbúðirnar afhendast 1.okt. 2006 fullbúnar án gólfefna m. vönduðum innréttingum og flísal. baðherb. 4259

## Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi.- Þrjár sérhæðir eftir.



Sérhæðir á fínum útsýnisstað við Andarhvarf í Kópavogi. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábært skipulag með tveimur baðherbergjum, sérlóð með íbúðum neðri hæðar og svalir með íbúðum efri hæðar. Ein íbúð til afhendingar í apríl 2006 og hinar afh. í haust. V. 35,9 m. 3722

## Stærri eignir



**Grafarvogur - mjög gott endaraðhús.** Í einkasölu fallegt nýlegt 133 fm endaraðhús (vesturendi) á góðum rólegum barnvænum stað. Góðar innréttingar, parket, flísar, snyrting, baðherbergi m. sturtu og kari, 3 rúmgóð svefnherb.,+ unglingaherb.í risi. Afgirt suðvestur verönd og falleg ræktuð lóð. Topp eign á góðum stað. Verð 30,6 millj. 4552



**Holtagerði - Þrjár íbúðir.** Vel staðsett ca 260 fm einbýli á tveimur hæðum með tveimur aukaíbúðum sem eru báðar í leigu. Eignin skiptist í 141,5 fm sérhæð með fjórum svefnherbergum og tvær 3ja herb. íbúðir. V. 52,9 m. 4528



**Laufengi - raðhús á 2. hæðum.** Vorum að fá í einkasölu fallegt velskipulagt raðhús 120 fm á 2.hæðum á mjög góðum stað í Engjahverfi. Örstutt í góða þjónustu í Spönginni, leik, grunn og framhaldsskólar í grenndinni. V. 28,9 m. 4520



**Gnípuheiði - glæsilegt einbýli.** Í einkasölu glæsil. 250 fm einbýlish. á einst. útsýnisstað. Húsið er á 2. hæðum með mögul. á 2ja herb. séríbúð á jarðhæð. Glæsilegar stofur massívt parket. Stórar suðursvalir. Eign á einstökum stað. Verð 69,0 millj. 4045 4045

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/gæti verið frábær vinnustofa. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning í 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

**Kambsvegur - 181 fm sérhæð ásamt bílskúr samt. 220 fm** Í einkasölu glæsil. velskipul. efri sérhæð og ris í þessu fallega tvíb.húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnherb., 2 baðherb. Risið var byggt ofaná 1980-82. Stórar stofur. Rúmgóð eign á mjög góðum stað. Glæsil. útsýni. Góður bílskúr. V. 40,0 millj. 4513

**Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði.** Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð.Kópav. Fallegt útsýni, upprunal. innrétt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

## Snæfellsbær



**Bárðarás - Snæf.bæ** Fallegt einbýlishús á mjög góðum stað á Hellissandi. Húsið er 121,3 fm byggt 1966 og bílskúrinn sem er byggður 1967 er 58,3 fm hvortveggja er steinsteypt. Verð 16,5 millj. 4627



**Snæfellsbær - einbýli** Einbýlishús við Sandholt í Ólafsvík. Húsið er steinsteypt byggt árið 1950 og er 71.5 fm Í húsinu eru vatnsofnar og gott geymsluloft. Góðir gluggar eru í húsinu og er það klætt að utan. Húsið lítu vel út og lóðin er stór og býður upp á ýmsa möguleika. Verðtilboð **V. 0 m.** 4498

## Sérhæðir og 5-6 herb.



**Barmahlíð - m. stórum bílskúr.** Vorum að fá í einkasölu góða ca 110 fm efri hæð í góðu húsi. Tvö til þrjú svefnherbergi, suður svalir. Stór bílskúr alls 77 fm þar af kj.. ca 48 fm Eignin er laus fljótlega. V. 28,8 m. 4597



**Holtsbúð - m. bílskúr.** Í einkasölu fallег 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. V. 32 m. 4500



**Tunguheiði með góðum bílskúr. Nýtt í sölu** Góð talsvert endurnýjuð 92,5 neðri hæð í vel staðsettu fjórbýli. Húsið er klætt að utan. Góð sér timburverönd sem snýr í suður. Góður 27,9 fm bílskúr fylgir íbúð. V. 23,9 m. 4589



**Baugakór - glæsileg íbúð til afhend. strax.** Nýkomin í sölu sérlega glæsileg efri 122 fm sérhæð. Fullinnréttuð með glæsilegu baðherb. m. hornbaðkari og vönduðu eldhúsi. Til afhend. strax. Sérinngangur. V. 29 m. 4542



**Laugarásvegur - glæsil. útsýni.** Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráb. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil.eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451

## 4ra-6 herb. íb.



**Fífusel 41 - Glæsil. íbúð - laus strax. Nýtt í sölu.** Í einkasölu glæsileg nýmáluð og yfirfarin 107 fm 4ra herb. íb. á 2 .h. í vönduðu Steniklæddu fjölbýli. Nýstands. flísalagt baðherb. með þvottaaðstöðu. Gott eldhús með nýjum tækjum. Parket, Góðar suðvestursv. Stæði í nýstands. bílskýli. V. 19,2 m. Íbúðin er LAUS STRAX. Mjög góð eign á góðum stað. 4087



**Blöndubakki - með aukaherbergi í kj.** Vel skipulögð ca 125 fm 4ra herbergja íbúð á 3 hæð. sem er efsta hæð í vel staðsettri blokk, suður svalir. Íbúð fylgir herbergi í kj. sem hægt er að leiga. Mjög góð staðsetning, stutt hjá t.d. skóla og leikskóla. V. 20,9 m. 4638

**Vesturberg - útsýnisíb.** Í einkasölu mikið endurn. ca 99 fm íb. á 3.hæð í fjölb. á fráb. útsýnisstað rétt við skóla og góða þjónustu. Nýl. eldhús, nýl. gólfefni og fl. Góð sameign. Mögul. að yfirtaka góð áhv. lán. Verð 19,5 millj./tilboð 4571

**Engihjalli. Efsta hæð.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 100 fm íb. á 8 hæð sem er efsta h. í góðri vel staðs. lyftublokk, glæsilegt útsýni,suður svalir. Parket á flestum gólfum. V. 17,9 m. 4453

**Álfheimar - laus.** Á fráb. útsýnisst. 4ra herb. endaíb. á efstu hæð. Parket. Nýl. eldhús. Yfirbyggðar svalir. Glæsil. útsýni og göngufæri í útivistarparadísina í Laugardal. V. 17,9 m. 4140



**Engjasel - falleg endaíb. m. glæsil. útsýni og bílskýli (innangengt) Nýtt í sölu** Í einkasölu velskipulögð ca 112 fm íb. á 2.hæð í nýlega klæddu fjölb. á góðum útsýnisstað. þvottaaðstaða í íb., góðar innfeldar vestur svalir m. glæsil. útsýni. parket, flísar, sjónvarpshol og gott skipulag. Innangengt í bílskýli úr sameign. Verð 19,8 m. 4586



**Mosarimi - Sér inngangur.** Í einkasölu mjög góð ca 110 fm 4ra herb. íb. á 2. h. sem er efsta hæð í góðu vel staðs. húsi. Nýl. parket á flestum gólfum, þvottahús í íb. Góð mjög vel skipul. íb. Stutt í t.d. skóla, leikskóla og verslunarmiðstöð. V. 22,9 3341



**Hjallabraut - 165 fm** Glæsil. 6 herb. íb, á 3 h,(efstu) 165 fm að stærð. 4 svefnherb. Glæsil.stofur. Glæsil. nýtt eldhús. Parket. 2 svalir. Stigagangur nýstands.Skipti koma til greina á 3-4 herbergja íbúð í norðurbæ Hafnarfjarðar eða í Seljahverfi og Bakkahverfi. V. 28,5 m. 4444

## 3ja herb. íbúðir.



**Skógarás - glæsil. útsýni.** Í einkasölu nýleg falleg og velskipul. 86 fm íb. á 2.hæð í góðu varanlega klæddu fjölb. á frábærum útsýnisstað. Parket, þvottaherb./geymsla innaf eldhúsi. Suðvestur svalir m. glæsil. útsýni yfir Rvk., Snæfellsnes og fl. Verð 19,5 millj. 4580



**Gullengi - sérinngangur. Nýtt í sölu** Nýkomin í einkasölu falleg ca 90 fm íbúð á 3.hæð (efstu) í góðu fráb.velstaðsettu húsi rétt við Spöngina og grunn og leikskóla. Fallegt útsýni. Gott skipulag. V. aðeins 16,9 millj. 4591



**Álfkonuhvarf. - nýtt í sölu** Vorum að fá í einkasölu vandaða ca 100 fm íbúð með sér inngangi af svölum. Suður svalir, þvottahús í íbúð. Vandað parket á flestum gólfum. Gott stæði í lokuðu bílskýli fylgir íbúð. V. 24,9 4584



**Æsufell - mjög góð íb. m.útsýni. Nýtt í sölu** Í einkasölu rúmgóð og falleg 93 fm íb. á 5. hæð í nýlega standsettu og klæddu lyftuhúsi. Fallegt suður útsýni, nýtt parket, þvottaaðst. í íb. Góð eign á góðum stað. Verð 17,5 millj. 4587

**Skógarás - 3ja herb.** Falleg 3ja herb. íbúð á 2 hæð í fallegu nýstandsettu fjölbýli. Stórar vestur svalir. Parket. Mjög vel skipulögð íbúð á frábærum stað. V.18.6m. 4518



**Sæviðarsund - aukaherbergi. Nýtt í sölu** Glæsileg þriggja herbergja íbúð á 1 hæð í fallegu fjórbýlishúsi ásamt 15 fm aukaherbergi í kjallara sem hægt er að leigja út. Nýlegt parket, nýjar innihurðir. Vandað eldhús og bað. Eign í sérflokki. V. 22,5 m. 4578



**Hlíðarvegur - Bílskúr** Glæsileg 3ja herb. íbúð á 2 hæð í vönduðu litlu fjölbýli. Bílskúr fylgir íbúðinni. Parket, endurnýjaðar innréttingar. Glæsilegt útsýni. V. 19,9 millj. 4553



**Hrísmóar - efsta hæð m. bílskúr.** Í einkasölu glæsileg 94 fm íbúð á efstu hæð í fallegu fjölb. ásamt góðum bílskúr. Glæsilegt útsýni. Stórar vestursvalir. Parket, glæsil. eldhús. Mjög góð staðsetn. rétt við mjög góða þjónustu. Áhv. hagst. húsbr.lán m. 4,15% vöxtum. V. 24,9 millj. 4526



**Blásalir - Kóp. - 97 fm jarðh.** Í einkasölu nýleg glæsil. 3ja herb. íb. á jarðh. í fjögura íb. húsi á fráb. eftirsóttum stað. Vandaðar innréttingar, parket, flísar, granítborðplötur í eldhúsi. Sérinngangur, Sérþvottaherb. Allt sér. Verð 23,8 millj. 4491



**Skúlagata - hagstætt verð.** Snyrtileg þriggja herbergja íbúð í risi í góðu fjöbýlishúsi. Íbúðin er laus strax. Flísar og Parket. Mjög góð staðsetn. Laus. Lyklar á skrifstofu.V. 12,9 millj. 4436



**Bárugrandi - bílskýli** Í einkasölu góð ca 90 fm íbúð á efstu hæð í nýl. glæsil. húsi. Stæði í bílskýli fylgir. Parket, góðar suðursvalir. Glæsilegt útsýni út á sjóinn. Fráb. staðsetn. Laus nær strax. V. 22,7 fm 4454



**Ljósavík - Sérinngangur.** Vorum að fá í einkasölu glæsil. 94,5 fm íb. á 3. h. sem er efsta hæð í mjög vel staðs. blokk. Vand. innrétt., parket og flísar á öllum gólfum. Suðursv., þvottahús í íb. Spöngin í göngufæri. V. 22,9 m. 4456



**Berjarimi - m. bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu fallega velskipul. útsýnisíb. á 3.h. í vönd. nýl. máluðu fjölb. á mjög góðum stað í Grafarv. ásamt bílsk. Parket, góðar innréttingar, sérþvottahús í íb. Mjög góð sameign. Áhv. 8,2 m. húsb. V. 19,3 m. 4431

**Ný íbúð m.bílskýli - Baugakór - lyfta.** Í einkasölu glæsileg ný 110 fm íbúð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. Íb. afh. í sept. fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. Suðursv. V. 24,9 millj. 4602

**Hlíðarhjalli - laus fljótlega.** Í einkasölu mjög góð ca 85 fm 3ja herb. endaíb. á 2.h. í mjög vel staðs. blokk. Glæsil. útsýni. Öll sameign bæði úti og inni til fyrirm. Mjög góð staðsetn. stutt hjá t.d. Smáralind. V. 16,9 m. 4189



**Naustabryggja - glæsil. íbúð. - m. bílskýli** Í einkasölu glæsil. 95 fm íb. á 1. h. (jarðh.) í vönduðu álkl. fjölb. ásamt st. í bílsk. Glæsil. eldh.og baðherb. Vandað parket á gólfum. Sérþvottah. Útg. á stóra timburver. Verðtilboð 4022



**Leirubakki - m. aukaherbergi í kj.** Í einkasölu velskipul. 94 fm íb. á 3. h. sem er efsta hæð í klæddri blokk. Í kjallara er herbergi sem fylgir íbúð, suðursvalir. Þvottahús í íbúð. V. 15,8 m. 4274

## 2ja herb.íbúðir.



**Skúlagata - stórglæsileg íbúð.**
Nýkomin í sölu stórglæsileg nýstandsett íbúð á jarðhæð. Íbúðin er sérlega rúmgóð eða 71 fm Allt er endurnýjað frá a-ö.Eign í sérflokki. Laus strax. V. 15,0 m. 4621



**Holtsgata ný íb. m. bílskýli. Nýtt í sölu** Nýkomin í einkasölu glæsil. íb. á 1.hæð í nýju húsi á einstakl. góðum stað í vesturb. Reykjav. Afh. í okt fullb. án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir. Verð 22,4 milj. 4583



**Þórðarsvegur - glæsilegt útsýni. nýtt í sölu** Vorum að fá í einkasölu góða 62,5 fm íbúð á 5 hæð í mjög vel staðsettu lyftuhúsi. Þvottahús í íbúð suðvestur svalir. V. 16,2 m. 4585

**Leifsgata -laus strax** Góð öll endurnýjuð 55,1 fm íbúð á 1 hæð í góðu vel staðsettu fjórbýli,íbúð fylgir herbergi í kjallara þar er sameiginleg snyrting. Íbúð er öll endurnýjuð á mjög vandaðan hátt m.a. hornkar á baði. V. 15,8 m. 4186

**Krummahólar - góð útsýnisíb. m. bílskýli.** Í einkasölu velskipul. ca. 50 fm íb. á 2.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli við húsið. Nýl. standsett bað, parket, góðar svalir, fallegt norður útsýni yfir Esju og fl. Getur losnað mjög fljótlega. Áhv. 8.9 m. KB-banki (4,15% vxt). Verð 12,2 m. 4554

**Hverfisgata.** 40,6 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. Flísar á flestum gólfum. Suðurgarður. Góð áhv lán. V. 9,5 m. 4388

# VALHÖLL FASTEIGNASALA

## Efstihjalli - mikið endurnýjuð.



Vorum að fá í einkasölu mjög góða ca 140 fm hæð með lítilli aukaíbúð í kjallara. Hæðin er öll nýlega endurnýjuð á mjög vandaðan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Flísalagðar stórar suður svalir. Eignin er laus fljótlega. V. 34,8 m. 4636

## Funafold - glæsileg staðsetning.



Valhöll fasteignasala kynnir fallegt 185 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 43,4 fm tvöföldum bílskúr á neðri hæð á frábærum stað í neðsta botnlanganum í Funafold. Þarna er sérlega skjólgott og stutt í alla þjónustu og skóla. Fallegur garður. Stórar timburverandi. V. 58 m. 4637

## Dalbraut m. bílskýli - fyrir 50 ára og eldri.



Í einkasölu stórglæsileg 82,7 fm 3ja herb. íb. á 2. hæð í þessu glæsil. lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Stórar suðursvalir. Vandaðar eikarinnréttingar og parket á gólfum. 2 góð svefnherbergi. Mjög góð sameign. Íbúðin er sýnd í samráði við Þórarinn sölumann á Valhöll fasteignasölu. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 4645

## Fannafold - endaraðhús m. bílskúr.



Glæsilegt fullbúið endaraðhús á tveimur hæðum m. innbyggðum bílskúr. Nýl. innréttingar , glæsil. nýl. endurn. baðherb. og m. fleira. Mjög góð staðsetning á útsýnisstað. Stór timburverönd. 4 svefnherb. 4531

## Suðurhólar - endaíb. á útsýnisstað. - Nýtt í sölu.



Í einkasölu falleg 4ra herb. 107 fm endaíb. á 3.hæð í viðg. og máluðu fjölbýli á fráb. útsýnisstað rétt við góða skóla og íþróttaaðstöðu. 3 svefnh. Rúmgóð stofa og borðstofa, parket. Endurnýjað eldhús, endurnýjuð sameign. Mjög gott skipulag. V. 19,9 millj. 4635

## Kristnibraut - glæsieign m. 2 íbúðum.



Í einkasölu stórglæsileg 214 fm séreign á 2 hæðum með 26 fm bílskúr á glæsilegasta útsýnisstað í Reykjavík. Allt fullbúið á glæsilegan hátt. Massift parket. Sér 55 fm íbúð á neðri hæð m. sérinng. Eign í algjörum sérflokki. V. 48 m. 4633

## Þorláksgeisli - glæsilegt raðhús.



Í einkasölu glæsilegt raðhús á 2 hæðum með innbyggðum jeppabílskúr á fallegum útsýnisstað í lokuðum botnlanga. Til afhendingar strax tilbúið til innréttinga. 4 góð svefnherb. Frábært hús og staðsetning. Óskað er eftir tilboði í húsið. Lyklar á Valhöll. 4618

## Rauðavað ein 3ja herb. íbúð eftir!



Nú er einungis ein 3ja herbergja 108,5 fm íbúð eftir í þessu nýja glæsilega 3ja hæða fjölbýli á einstaklega góðum stað í Norðlingaholti, steinsnar frá helstu nátturuperlum höfuðborgarinnar. Íbúðin er til afhendingar mjög fljótlega fullfrág. með vönduðum innréttingum frá HTH með eikarspóni og flísal. baðherb. m. innréttingu og baðkari, þvottahús er flísalagt og er skipulag íb. mjög gott. **Sérinngangur af svölum. V. 23,5 m.**

# Bjarkarás 1-29

## 8 íbúðir seldar

# Garðabæ

**EINKASALA**










Hér er raunhæfur valkostur ef þú ert að leita að glæsilegum séríbúðum á einum besta stað í Garðabæ þar sem kostir sérbýlisins njóta sín! Þarftu stórar stofur og rúmgóð herbergi? Allar þessar íbúðir skarta rúmgóðu stofurými og einstaklega góðum herbergjum. Ertu að leita að útsýni? Úr nokkrum íbúðanna er mjög gott útsýni. Viltu fá fullbúnar glæsilegar sértimburverandir? Allar íbúðir neðri hæða húsanna skarta stórum sérveröndum frá 16,5 - 80 fm að stærð. Viltu fá stórar svalir? Í fjórum íbúðanna eru stærðir svala 53-57 fm. Viltu ekki fara í stórt lyftuhús? Ekkert þessara sjö húsa er hærra en tvær hæðir. Viltu hafa hátt til lofts í híbýlum þínum? Neðri hæðirnar eru með lofthæð uppá 2,95 m og efri hæðir með lofthæð 2,6 m. Viltu hafa bílskýli/bílskúr? Af 30 íbúðum fylgir stæði í lokuðu bílskýli 22 íbúðum og aukageymsla í bílahúsi fylgir 22 af 30 íbúðum. Viltu fá fullfrágengna lóð? Öllum frágangi lóðar verður lokið með gróðri og gangstígum. **Byggingaraðili er Tré-mót ehf.**

***Lítið á www.nybyggingar.is og sjáið glæsil. vef um eignina með öllum upplýsingum.***

**Vantar eignir á sölukrá**

**bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði**

**Mikil sala!**

**VALHÖLL**

**FASTEIGNASALA**

*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

Frum

ÓSKAST

arfsfólki
hlutastarf

eitir:
20 1792
s@ntc.is

kór
i

leiðandi aðili í
rðum, veggja- og
tækinu starfar nú
hentur hópur á

ngur á
viði

ingum í ráðgjöf og
ggja- og loftaefni.
ldrinum 28-45 ára.
uðsynleg.

rfið veitir Guðrún
i.is) hjá Ábendi.
r og fyrirspurnir sem

með 6. apríl nk.
arfið á heimasíðu

F
4 • abendi@abendi.is
5 • 101 REYKJAVÍK

PÓSTURINN
allur pakkinn

r
deild

lstjórum til starfa
s. Starfið felst í
borgarsvæðinu


# HB FASTEIGNIR

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteigna- og skipasali — Félag fasteignasala

## Einbýlishús

**Einimelur 107 Rvík** glæsilegt einb tilb óskast NÝTT

**Grettisgata 101 Rvík** verð 41 millj Nýtt

**Logafold 112 Rvík** verð 60,5 millj

**Miðtún m/aukaíbúð Selfss** ATH Lækkað verð

**Grundargata Grundarfjörður** verð 11.millj

## Raðhús

**Miðtún 800 Selfoss** 136,2fm verð 22.millj

## 2ja herbergja

**Barónsstígur 101 Rvík** 52fm verð 11.9 millj NÝTT

## 3ja herbergja

**Strandasel 109 Rvík** sér garður verð 16,9 millj NÝTT

**Lyngmóar 10 Garðabæ** 3-4ra m/bílskúr verð 24,6 millj

## Fyrir fjáfesta

**Iðnaðarhúsn**.Hverag u.þ.b.500fm nytt

## BÚJÖRÐ

**Glæsileg jörð í Rangárþingi** Veiði+Hestar selst í 50-90ha eða einu lagi verð 89 millj

## KAUPENDUR/SELJENDUR

**Kaupendur hjá okkur er alltaf opið hús. Seljendur skoðum og verðmetum samdægurs. Hafið samband við sölumenn.**



*Kári Kort, sölustjóri, sími 892 2506*

Frum



# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## HRINGBRAUT - HAFNARFIRÐI



Falleg sérhæð á þessum góða stað í suðurbæ Hf. Íbúðin er á jarðhæð og er með sérinng. Íbúðin er 90,4 fm auk bílskúrs sem er 25,2 fm. Skipting eignarinnar: forstofa, hol, 3 svefnhi, stofa, eldhús með borðkróki, baðh, bílskúr. sam. þvottahús og þess er lítil geymsla í holinu og köld útgeymsla undir stiganum. Þetta er falleg eign sem vert er að skoða. **V. 20,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum



# SAGA FASTEIGNIR

*Hlíðasmára 14 - S. 414 8800*

*Guðmundur Þórðarson hdl & löggiltur fasteignasali*

## OPIN HÚS Í DAG, Kl. 18.00 til 19.00

## Dúfnahólar 4 - bjalla 6E, - 5 herb. - Útsýni





Góð íbúð á 6. hæð í viðhaldslitlu húsi . Íbúð um 117 fm, auk 27 fm. bílskúrs. Parket og dúkur á gólfum. Lokaðar svalir í vestur. Óborganlegt útsýni yfir alla borgina og Esjuna.

***Sveinbjörn Freyr tekur á móti þér. - Sími 895 7888***



## Stóragerði 9 - Reykjavík, - 3ja. herb.

Góð 3ja herb. 102 fm. sérhæð í þríbýlishúsi miðsvæðis. Parket á gólfum. Sérþvottahús. Stutt í Kringluna. Um er að ræða jarðhæð (ein trappa niður), gengið inn að sunnanverðu, allir gluggar í fullri stærð.

***Jón Víkingur - tekur á móti þér - Sími 892 1316***

**Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is**

Frum


## TIL SÖLU


# Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri“ sendist á netfang: galle@isl.is.


## ATVINNA


**Vélstjóra og háseta vantar á Aðalbjörgu II Re til netaveiða frá Reykjavík.**

Upplýsingar veittar í síma 852 2556 og 892 2556.


## STYRKIR


# Styrkur til náms í fiskifræði



**BJARNI MÁR GYLFASON** Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir aðildarumsókn að Evrópusambandinu eina vitið og hagstjórn landsins muni í framhaldinu taka mið af slíkri ákvörðun.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans segir stöðu íslensku bankanna vera það eina sem mæli með upptöku evru hér á landi.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON** Framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna vill losna við krónuna og taka upp evru, en alls ekki ganga í Evrópusambandið.

með þeim afleiðingum að stýrivexti þurfi að hækka meira en ella og það leiði til „spákaupmennsku með gríðarlegri útgáfu útlendinga á skuldabréfum í íslenskum krónum, sem hefur ekkert með íslenskt efnahagslíf eða íslenska hagsveiflu að gera, en styrkir krónuna úr hófi“. Hann segir hins vegar deginum ljósara að ekki sé hægt að ganga inn í Evrópusambandið. „Ekki ef við eigum að gangast undir sameiginlegu fiskveiðistefnuna.“

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir alveg ljóst að landið fái ekki aðild að myntbandalagi Evrópu án þess að ganga í Evrópusambandið. „Af hverju ætti Evrópusambandið að vilja sjá um peningamálastjórn fyrir eitthvert sjálfstætt ríki sem ekki er tengt því?“ spyr hann. Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar um framtíðarskipan gengismála sem Tryggvi vann ásamt Gylfa Zoega er komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingum sé betur borgið með núverandi fyrirkomulagi í gengismálum en með því að ganga í evrópska myntsamstarfið. Þar segir að hér hafi mikið gengið á í hagkerfinu með stóriðju, auknum útlánum, viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun og að með núverandi gengisfyrirkomulagi hafi hagkerfið sýnt af sér mikinn sveigjanleika. Í skýrslunni segir einnig að óvíst sé hvort afleiðingarnar hefðu orðið hagstæðari með evrunni þótt útlánaaukning og neysla hafi farið of geyst, verðbólga hefði líklega aukist enn meira og hækkað gengið. „Ég held að tómt mál sé að tala um annað en þessa tvo kosti, núverandi fyrirkomulag og þá með styrkari hagstjórn, eða inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evrunnar. Aðrir kostir koma ekki til greina, hitt eru bara vangaveltur og patentlausnir sem ekki virka til lengri tíma litið,“ segir Tryggvi og telur að hvort sem tekin sé upp evra eður ei þurfi fjármálastjórn hér að vera stöðugri, vandinn sem við blasi sé sá sami. Hann segir að það eina sem mæli með upptöku evru hér sé staða íslensku bankanna. „Vandamálið með bankana núna stafar fyrst og fremst af stærð þeirra í hagkerfinu. Ef við værum með evru og inni í Evrópusambandinu stæðu þeir ekki frammi fyrir þeim spurningum sem þeir standa frammi fyrir núna. Bankarnir geta hins vegar einfaldlega leyst þessi mál með því að skipta bara um lögheimili, að flytja úr landi,“ segir hann en bætir við að þá vakni sú spurning hvort það sé hagkvæmt fyrir land og þjóð. „Á þessu er engin einföld lausn.“

Innlegg í umræðuna:

## Skýrsla á leiðinni



**ERLENDUR HJALTASON** Formaður Viðskiptaráðs.

Á næstu vikum verður kynnt innihald skýrslu vinnuhóps Viðskiptaráðs um stöðu krónunnar, að sögn Erlends Hjaltasonar, formanns ráðsins. „Niðurstöðurnar verða svo ræddar í stjórn Viðskiptaráðsins og innihald skýrslunnar kynnt,“ segir hann.

Sjálfur kveðst Erlendur þeirrar skoðunar að í hönd þurfi að fara mjög vönduð umræða um kosti og galla krónunnar eða annarra gjaldmiðla hér, auk annarra leiða sem færar kunni að vera í gjaldeyrismálum.

**GENGISSVEIFLUR VEKJA UMRÆÐUNA**

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, bendir á að um sjötíu prósent af utanríkisviðskiptum okkar séu við Evrópu og segir svipaða sögu að segja af hinum Norðurlöndunum að frátöldu Finnlandi, þar sem hlutfallið sé nær sextíu prósentum. „Þetta er sérstaklega athyglisvert þar sem Finnland er eina landið á Norðurlöndum sem notar evru,“ segir hann og bendir á að forsvarsmenn finnsks atvinnulífs hafi sagt að aðild landsins að Evrópusambandinu og evrunni hafi skipt sköpum fyrir endurreisn efnahagslífsins þar eftir mikla niðursveiflu sem landið lenti í í kjölfar falls Sovétríkjanna. „En þrátt fyrir að nota evruna eiga Finnar, að eigin mati, í erfiðleikum með að laða til sín erlenda fjárfesta. Bein fjárfesting er samt sem áður mun meiri í Finnlandi en hér og þar skiptir gjaldmiðillinn líklega mestu,“ segir Bjarni og telur einsýnt að ef Finnar sjái sér hag í að nota evru sé ástæðan þeim mun meiri til að nota hana hér, þar sem við eigum mun meira undir viðskiptum við Evrópu en Finnar.

„Bæði höfum við talið að evran hentaði okkur miklu betur og myndi leysa ýmis langtímavandamál,“ segir Bjarni og bendir á að umræða um gjaldmiðilinn fari af stað nú í kjölfar sveiflna á gengi krónunnar. „Það sama gerðist 2001 þegar gengið lækkaði mjög skyndilega.“ Hann segir sterkt eða veikt gengi krónunnar í sjálfu sér engin rök með eða á móti upptöku evrunnar. „Vandamálið er fyrst og fremst að hún sveiflast svo mikið og starfsskilyrði fyrirtækja eru svo óstöðug. Sífelldar breytingar gera fyrirtækjunum erfitt um vik að gera áætlanir og starfa á stöðugum grunni.“ Jafnframt vill hann ekki útiloka þann möguleika að semja megi um aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu án Evrópusambandsaðildar. „Til eru fjölmörg dæmi um að semja megi um alls konar hluti. Til dæmis átti Schengen-samstarfið bara að vera fyrir lönd Evrópusambandsins,“ segir hann og bendir um leið á að fjöldi smáþjóða noti evruna, svo sem Vatíkanið, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland. „Fyrstu þrjú löndin slá meira að segja eigin mynt með sérstöku leyfi Evrópusambandsins.“

**HLUTFALLSLEGT VÆGI INN- OG ÚTFLUTNINGS NORÐURLANDA VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ***




*Miðað við árið 2004. Heimild: Hagstofur viðkomandi landa. Samantekt: Samtök iðnaðarins.*

**28 PRÓSENT VIRK PENINGAMÁLASTEFNA**

Bjarni segir erfitt að sjá fyrir þróun efnahagsmála, hvort heldur sem það er við óbreytt ástand eða upptöku evru. „Ástæðan fyrir því að vextir eru hærri hér en annars staðar er náttúrlega fyrst og fremst sú að verðbólga er meiri hér en annars staðar. Svo er spurning hvort verðbólgan er ekki meiri út af krónunni og þeirri peningamálastefnu sem hér er beitt.“ Bjarni segir ljóst að um leið og stefnt sé að því að taka upp evru hverfi frá okkur hluti fjármálastjórnarinnar, vaxtaákvarðanir Seðlabankans. „Hingað til hefur okkur gengið mjög illa að beita ríkisútgjöldum til að hafa áhrif á hvernig efnahagslífið þróast og virðumst algjörlega ófær um að slá á þenslu með því að draga úr ríkisútgjöldum. Þetta þarf klárlega að breytast og upptaka evru og innganga í Evrópusambandið er ákveðið agatæki í þessum efnum. Þá hreinlega verða menn að haga ríkisfjármálunum með skynsamlegri hætti, en eins og efnahagsstjórnin hefur verið undanfarin ár leggst hún alfarið á Seðlabankann.“ Árangurinn segir Bjarni svo að láti á sér standa. „Nú eru liðnir um það bil sextíu mánuðir frá því við tókum upp verðbólgumarkmið og Seðlabankinn fékk frelsi til að ákvarða vexti. Af þeim sextíu mánuðum hefur verðbólga bara verið á eða undir verðbólgumarkmiðum í sautján mánuði, sem er 28 prósenta árangur. Þarna er eitthvað ekki alveg að virka.“

Þá segir Bjarni ekki mega gleymast í umræðu um evruna að hún breyti allri myndinni og þýði því lítið að horfa til baka og reyna að sjá hvort hentað hefði á einum eða öðrum tíma að vera með evru. „Síðastliðið ár hefði til dæmis ekki verið sérstaklega gott að vera með evru því þá væri verðbólga hér einfaldlega meiri. En svona er ekki hægt að svara því ef við hefðum verið í myntsamstarfi þá hefðum við væntanlega hagað ýmsum málum með öðrum hætti. Ef við ákvæðum nú að stefna að myntsamstarfi og gerðum nokkurra ára áætlun þar um, þá færu um leið ákveðnir þættir í efnahagslífinu að taka mið af því. Gengið færi að haga sér öðruvísi, þetta hefði áhrif á þróun kjarasamninga og vaxta. Ákvörðunin ein er ákveðið agatæki.“ Eins segir Bjarni þau rök að hagsveifla hér sé úr takti við þá evrópsku og því henti evran ekki vera rétta í sögulegu ljósi, þar sem efnahagslífið hafi byggt á sjávarútvegi og hagsveiflur hér átt rætur að rekja til verðfalls sjávarafurða eða aflabrests. „Núna hefur efnahagslífið tekið að byggja á fleiri þáttum. Við erum komin með öfluga stóriðju, ferðaþjónustu, þjónustuiðnað, fjármálastarfsemi, hátækniiðnað og fleira sem er að gjörbreyta áhættudreifingu hagkerfisins,“ segir hann og telur jafnframt að ákvörðun um upptöku evru myndi ein og sér hafa hagsveiflujafnandi áhrif. „Hjörtu hagkerfanna færu smám saman að slá meira í takt.“



**VALKOSTIR Í GENGISMÁLUM**

1 Áframhald á núverandi ástandi með fljótandi gengi. Þar ræðst gjaldmiðillinn á markaði og Seðlabankinn setur sér verðbólgumarkmið og hefur frelsi til að ákvarða vexti til að ná því markmiði.

2 Innganga í Efnahags- og myntbandalag Evrópu með inngöngu í Evrópusambandið.

3 Tvíhliða fastgengi líkt og Danir eru með gagnvart Evrópusambandinu. Þá vinna saman seðlabankar lands og Evrópu í að halda gengi gjaldmiðlanna stöðugu hvoru gagnvart öðru. Sérfróðir telja ólíklegt að Seðlabanki Evrópu sæi ástæðu til að hafa slíkt samkomulag við Ísland á meðan það væri ekki í Evrópusambandinu.

4 Einhliða upptaka gjaldmiðils, eða það sem stundum er kallað „dollaravæðing”. Þá yrðu bara fluttar inn evrur og krónunni skipt út. Fjöldi dæma er um að lönd hafi farið þessa leið, sérstaklega í Suður-Ameríku, og þá um leið í mikilli efnahagskrísu. Sérfræðingar segja þessa leið óheppilega því með henni fáist ekki nægilegur trúverðugleiki, enda ekkert sem segir að lönd geti ekki snúið aftur til fyrri gjaldmiðils ef harðnar á dalnum.

5 Einhliða fastgengi er valkostur sem í raun var hér í gildi fyrir árið 2001. Ákveðið var vísitölugildi og markmið Seðlabankans að halda genginu mjög nálægt því. Þetta segja sérfræðingar hafa gengið illa eftir að teknir voru upp frjálsir fjármagnsflutningar, enda sá möguleiki fyrir hendi að áhættufjárfestar geri árásir á myntir og nýti sér veikleika í kerfinu.

6 Þá er möguleikinn á formlegri inngöngu í Myntbandalag Evrópu án aðildar að Evrópusambandinu. Töluverð óvissa ríkir um hvort möguleikinn sé fyrir hendi færu stjórnvöld hér fram á það í pólitískum viðræðum við Evrópusambandið. Sérfróðir telja þó ljóst að embættismenn sambandsins álíti leiðina ófæra.

7 Þá eru til lönd á borð við Eistland sem reka svokallað myntráð, en samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans felur það í sér að „lögfest er sú skuldbinding að ætíð sé hægt að skipta innlendum gjaldmiðli fyrir erlendan á ákveðnu föstu gengi. Innlendur gjaldmiðill er eingöngu gefinn út gegn innistæðu í erlendum ankerisgjaldmiðlum.” Oftast er notast við myntráð ef ekki er um hefðbundna Seðlabankastarfsemi að ræða og kemur þá í stað slíkrar stofnunar.

# Færri túbuskjáir seljast



**LÆKNIR VINNUR Á TÖLVU** Eldri gerðir tölva eru flestar með túbuskjám.

Sala á svokölluðum túbuskjám dróst saman um fjögur prósent í Ástralíu á síðasta ársfjórðungi 2005, samkvæmt upplýsingum alþjóðlega markaðsráðgjafarfyrirtækisins IDC. Á sama tíma í fyrra jókst sala á túbuskjám hins vegar um tvö prósent. Sala á skjám sem þessum hefur farið síminnkandi eftir tilkomu kristalsskjáa (LCD), en verð þeirra hefur lækkað mikið frá því þeir komu fyrst á markað. Þeir hafa mjög góða upplausn og eru fyrirferðarminni en túbuskjáirnir. Þá hefur lítil þróun átt sér stað í túbuskjám og er það talin ein ástæðan fyrir samdrættinum. - jab

# Lagafarsími væntanlegur



**IPHONE** Síminn er blanda af farsíma og iPod-spilara.

Kóreska farsímafyrirtækið BenQ staðfesti á dögunum að það hefði átt í viðræðum við bandaríska tölvurisann Apple og nokkra framleiðendur farsíma á Taívan á síðastliðnum mánuðum um þróun nýrrar tegundar síma sem byggði á samruna ferðaspilarans iPod og farsíma. Nýi síminn mun heita iPhone.

Framkvæmdastjóri BenQ staðfesti þetta í samtali við vefútgáfu ástralska tímaritsins Smartphone og bætti við að von væri á iPhone-farsímum á næstu mánuðum.

Bandarískir tæknisérfræðingar segja að ef Apple hefji framleiðslu á iPhone-farsímum, sem yrðu fullkomið afþreyingartól sem gæti bæði brúkast sem farsími og ferðaspilari, muni það höggva skarð í markaðshlutdeild keppinauta Apple, Motorola.

Þótt Apple hafi ekkert látið uppi um nýja farsímann reikna sérfræðingarnir með að hann líti dagsins ljós á næstu tólf mánuðum. - jab

# Britannica svarar gagnrýni

## Álíka margar villur hjá alfræðiritunum Encyclopaedia Britannica og Wikipedia.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ritstjórn bresku alfræðiorðabókarinnar Encyclopaedia Britannica hefur sent frá sér tuttugu blaðsíðna gagnrýni á samanburð vísindatímaritsins Nature á nákvæmni vísindaumfjallana alfræðivefsins Wikipedia og Encyclopaedia Britannica. Í rannsókninni skoðuðu sérfræðingar á vegum Nature fimmtíu greinar alfræðiritanna beggja og fundu þeir ámóta ónákvæmni, 123 villur í Britannica en 162 villur í Wikipediu.



**ALFRÆÐIVEFUR WIKIPEDIA** Vefurinn hefur verið gagnrýndur fyrir ónákvæmni.

Í gagnrýni Britannica kemur fram að sérfræðingar á launum safni upplýsingum fyrir Encyclopaedia Britannica ólíkt viskubrunninum Wikipediu, en netverjar færa upplýsingar inn í vefritið án þess að fá nokkuð fyrir sinn snúð auk þess sem þeir geta leiðrétt villur annarra.

Þá benda forsvarsmenn Britannica jafnframt á að samanburður Nature hafi farið af stað eftir að ásakanir komu fram um ónákvæmni og villur í vefriti Wikipedia. Fyrr á þessu ári komst Wikipedia í sviðsljósið eftir að bandarískir öldungadeildarþingmenn bættu við fegruðum upplýsingum um sig sjálfa.

Í gagnrýni Britannica er bent á nokkra galla í rannsókn Nature. Hafi sérfræðingarnir meðal annars fengið texta úr einfaldri skólaútgáfu Britannica en ekki stærri útgáfu alfræðiorðabókarinnar þar sem upplýsingar eru ítarlegri.

Ritstjórn Nature ákvað að bregðast ekki við gagnrýni Encyclopaedia Britannica að öðru leyti en því að nokkrar ábendingar í rannsókninni hefðu verið réttar. Að öðru leyti standi ritstjórn Nature við niðurstöður rannsóknarinnar.

# Rekinn fyrir að spila tölvuleik

Rútubílstjóra var á dögunum sagt upp störfum fyrir að spila bílaleikinn Grand Theft Auto í PSP-leikjatölvu á meðan hann ók langferðabíl í Lancashire. Tæplega tuttugu farþegar voru í rútunni og urðu þeir skelfingu lostnir þegar þeir gerðu sér grein fyrir því að bílstjórinn hafði augun oftar á leikjatölvunni í kjöltu sér en á veginum. Óhljóð úr leiknum heyrðust víða í vagninum og kvörtuðu farþegarnir við stjórnendur rútufyrirtækisins vegna hins hættulega hátternis bílstjórans.



**PSP-LEIKJATÖLVA** Þótt leikjatölvan fari vel í hendi er ekki æskilegt að hún sé notuð meðan á akstri stendur.

Öryggismyndavélar eru í breskum almenningsvögnum og náðist háttalag mannsins á myndband. Stjórn fyrirtækisins horfði á upptökuna og ákvað að segja honum upp störfum úr því. - jab





# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka aksturseginleika. Volvo XC70.

### Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratæki sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

### Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**SÖGUHORNIÐ**

# Hermenn fara heim frá Víetnam

Í dag eru 33 ár liðin frá því síðustu bandarísku hermennirnir sneru heim úr Víetnamstríðinu, sem stóð yfir í átta ár, allt frá árinu 1965 til 1973. Fyrstu bandarísku hermennirnir komu hins vegar til landsins nokkrum árum fyrr. Í raun er erfitt að tilgreina nákvæmlega hvenær Víetnamstríðið hófst. Sumir telja það hafa átt rætur að rekja til tilrauna Frakka til að halda í landið sem eina af gömlu nýlendum sínum. Aðrir skipta Víetnamstríðinu hins vegar í tvennt og segja fyrra stríðið hafa verið á milli Víetnama og Frakka en hitt á milli Norður-Víetnama og Suður-Víetnama og bandamanna þeirra, Bandaríkjamanna. Enn aðrir segja Víetnamstríðið einungis hafa verið eina af birtingarmyndum Kalda stríðsins.

Hvað sem því líður hófst samvinna Víetnama og Bandaríkjamanna á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Árið 1961 ákvað John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, að senda fyrstu hermennina til landsins til að aðstoða Suður-Víetnama gegn ægivaldi kommúnista í Norður-Víetnam. Þremur árum síðar gaf svo Lyndon B. Johnson, þáverandi forseti Bandaríkjanna, heimild fyrir loftárásum á ákveðin skotmörk í Norður-Víetnam auk þess sem hann fékk heimild bandaríska þingsins fyrir því að senda fleiri bandaríska hermenn til landsins. Spennan jókst stöðugt og árið 1965 var hún orðin þvílík að Bandaríkjamenn stóðu frammi fyrir tveimur kostum: að draga herlið sitt til baka eða fjölga hermönnum. Johnson tók seinni kostinn og fljótlega voru rúmlega 300.000 bandarískir hermenn við skyldustörf í Víetnam. Þegar mest var urðu þeir rúmlega 500.000.

Næstu árin hafa markað djúp spor í sögu Bandaríkjanna. Mannfall var gríðarlegt úr báðum röðum en þegar yfir lauk lágu 58.226 bandarískir hermenn í valnum og tæplega þrisvar sinnum fleiri særðust. Tölur um fallna Víetnama hafa verið á reiki en talið er að um tvær milljónir manna hafi látist á meðan stríðið stóð. Þá jókst andstaða gegn stríðsbrölti Bandaríkjamanna til muna víða um heim, ekki síst á Vesturlöndum.

Árið 1969 ákvað hinn nýkjörni forseti Bandaríkjanna, Richard Nixon, að kalla herinn heim. Hann gaf hins vegar fyrirskipun um auknar loftárásir í Kambódíu og Laos til að koma í veg fyrir birgðasendingar til Norður-Víetnam.

Fulltrúar frá Bandaríkjunum og Norður- og Suður-Víetnam skrifuðu loks undir friðarsamkomulag í París í janúarmánuði árið 1973. Í samkomulaginu var kveðið á um vopnahlé á milli stríðandi fylkinga og lausn stríðsfanga auk þess sem Bandaríkjamenn kveddu alla hermenn sína heim. Tveimur mánuðum síðar voru allir bandarísku hermennirnir farnir frá landinu.

Samkomulagið stóð ekki lengi en skömmu fyrir brotthvarf hermannanna rufu kommúnistar vopnahléið og var stríðið komið á fullt skrið á nýjan leik ári síðar.

Víetnamstríðinu lauk svo endanlega hinn 30. apríl árið 1975 þegar Bui Tin, ofursti í norður-víetnamska hernum, náði Saigon í Suður-Víetnam á sitt vald. Þegar hann sá enga Bandaríkjamenn í borginni sagði hann tilgangi stríðsins náð og kallaði hann her sinn aftur til Norður-Víetnam að svo búnu.



**ÚR VÍETNAMSTRÍÐINU** Bandarískir hermenn bera særðan félaga sinn á milli sín. Tæplega 60.000 bandarískir hermenn létust í Víetnamstríðinu.

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

NÝR VÖRULISTI FRÁ BROS




BROS
Síðumúla 33 • 108 Reykjavík • Sími 581 4141 • sala@bros • www.bros.is



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Umræðan um hagkerfið og bankana vekur spurningar um framtíð sjálfstæðrar myntar:

# *Þurfum að hefja umræðu um evruna*

**Hafliði Helgason**

Umræðan um íslenskt efnahagslíf og bankana að undanförnu hefur verið fróðleg, jafnvel þótt kveikjur hennar hafi verið bæði grunnfærnar og settar fram af neikvæðum huga.

Við glímum við ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og hlutabréfamarkaður hefur hækkað hraustlega, sem aftur eykur líkur á lækkun við vondar fréttir. Umræðan hefur hins vegar vakið okkur til vitundar um að við erum ekki ein í heiminum og kraftar sem við ráðum illa við geta haft afleiðingar á efnahagslífið hér á landi, svo ekki sé talað um ef þeir kraftar bera til okkar illan hug og nýta sér styrk sinn og undirliggjand veikleika efnahagslífsins til að leika okkur grátt.

Þannig hefur verið orðrómur um að samhliða neikvæðri og grunnfærinni greiningu Danske Bank hafi bankinn eða danskir spákaupmenn tekið framvirkar stöður og veðjað á veikingu krónunnar. Krónan er markaðsmynt og svo lítil að hún rúmast nánast öll innan heimilda stærstu sjóða heimsins til einstakrar stöðutöku á markaði. Sjóðstjóri í ham gæti tekið hana í nefið. Sænska krónan varð á sínum tíma fyrir slíkri atlögu og meira að segja breska pundið.

**Krónan er markaðsmynt og svo lítil að hún rúmast nánast öll innan heimilda stærstu sjóða heimsins til einstakrar stöðutöku á markaði. Sjóðstjóri í ham gæti tekið hana í nefið. Sænska krónan varð á sínum tíma fyrir slíkri atlögu og meira að segja breska pundið.**

Þessar staðreyndir ættu að vera okkur íhugunarefni þegar við ræðum hvort við eigum að hugsa um krónuna sem framtíðarmynt á Íslandi. Það er reyndar erfitt að hefja slíka umræðu meðan myntin er sterk, en líklegt að fylgismönnum myntarinnar meðal almennings myndi fækka fljótt ef á móti blési. Fyrirtæki landsins horfa hins vegar fyrst og fremst til þess ójafnvægis sem sveiflur krónunnar skapa í rekstri fyrirtækja.

Þegar til lengri tíma er horft er ólíklegt að við getum staðið sem sjálfstætt myntkerfi. Evran hlýtur að vera sá kostur sem næst okkur stendur. Spurningin er bara hvernig hún verður innleidd. Einn möguleikinn er að hún læðist inn í hagkerfið með því að fyrirtæki noti hana sem eigin mynt. Þannig yrðu launasamningar æðstu stjórnenda sem ekki eru bundnir kjarasamningum í evrum og samningar við innlenda birgja einnig. Með því myndu fyrirtækin auðvelda sér að skipuleggja útgjöld sín og tekjur.

Umræðan um evruna og Evrópusambandið er stutt á veg komin á vettvangi stjórnmálanna. Innan atvinnulífsins hefur rökræðan staðið yfir um nokkurt skeið.

Það er vafasamt að gefa sér allar niðurstöður fyrir fram. Við getum hins vegar tæpast skellt skollaeyrum við slíkri umræðu. Við eigum að taka hana af fullri alvöru strax. Að öðrum kosti kunnum við að standa frammi fyrir afarkostum, án þess að hafa metið til fulls kosti og galla þeirra kosta. Umræða í fullri alvöru um evru og Evrópusambandsaðild kann að vera nær en okkur grunar og undir það eigum við að vera búin.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

# Eru „þeir“ að kaupa eða selja?

**ORÐ Í BELG**



**Þórður Pálsson**
forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka

Samkvæmt kenningum fjármálafræðinnar er verð sérhverrar eignar jafnt væntu tekjustreymi hennar núvirtu með ávöxtunarkröfu jafn áhættusamrar fjárfestingar. Það að verðmeta eign eins og hlutabréf er því fræðilega séð ákaflega einfalt. Í „praxis“ vandast málið hins vegar þar sem hvorki sjóðstreymið né ávöxtunarkrafan eru þekkt!

Þessi eðlislæga óvissa skýrir hvers vegna eignamarkaðir sveiflast jafn mikið og raun ber vitni. Reyndar hafa rannsóknir bandaríska hagfræðingsins Roberts Shillers sýnt fram á að verð hlutabréfa hefur sveiflast miklu meira á hverjum tíma en breytingar á arðgreiðslum næstu árin á eftir eða vaxtastig gáfu tilefni til. Líkön hagfræðinnar, þótt þau kunni að gefa ágæta vísbendingu um jafnvægisverð eigna yfir löng söguleg tímabil, veita litla innsýn í sveiflur markaðarins til skamms tíma.

**DÝRSLEGAR HVATIR**

Þekking okkar á skammtímasveiflum á markaði er það sem mætti kalla forvísindaleg, því í dag höfum við enga haldbæra þekkingu á hvað veldur þessum miklu skammtímasveiflum. Okkur er tamt að segja að sálfræðin stjórni markaðinum og markaðurinn sé jákvæður eða neikvæður. Jafnvel sú fullyrðing er „mystísk“ í þeim skilningi að hún virðist gera ráð fyrir að markaðurinn hafi sál, nema auðvitað að átt sé við að markaðurinn spegli einhvers konar meðal stemningu þátttakenda á honum. Ef svo er er hins vegar ljóst að spurningin hefur einungis verið endurorðuð þar sem því hefur ekki verið svarað hvers vegna þátttakendur á markaði eru skyndilega orðnir bjartsýnni eða svartsýnni en áður.

Hagfræðingurinn John Maynard Keynes líkti ákvörðunartöku fjárfesta við dýrslegar hvatir eða „animal spirits“. Þrátt fyrir að okkur skorti þekkingu á skammtímasveiflum á markaði hindrar það okkur ekki í að setja fram skýringar. Algengasta skýringaraðferð mannsins á fyrirbærum sem hann ekki þekkir er að ætla viðkomandi fyrirbæri mannlega eða dýrslega eiginleika, eins og Keynes var ef til vill að ýja að. Fyrr á tímum fól þetta í sér að maðurinn gæddi hvers kyns náttúruleg fyrirbæri eiginleikum dýra eða manna eins og sjá má til dæmis í ýmsum fornum trúarbrögðum. Á verðbréfamarkaði velta menn hins vegar sjaldan fyrir sér hvað reiti sjóinn eða skóginn til reiði, en verja þeim mun meiri tíma í að skeggræða hvað „markaðurinn“ ætli sér og rugla þannig saman líkingamáli og veruleika.

**ÞEIR**

Önnur skýring sem stundum heyrist á markaðinum er hinir alkunnu „þeir“ sem ýmist eiga að vera að hækka eða lækka markaðinn, yfirleitt í þeim tilgangi að hafa fé af þeim sem ekki fara að ráðum sögumanns. „Þeir“ taka reyndar stundum á sig vinalegri mynd og verða að „stóru fjárfestunum“ eða jafnvel „fagfjárfestum“. Nánari lýsingar á hverjir tilheyra „þeim“ er hins vegar erfiðara að verða sér úti um, eða þá hvernig „þeir“ komu sér saman um að standa að þessum hrekkjum. Það læðist jafnvel að manni sá grunur að þetta séu hinir sömu „þeir“ og hljómsveitin Þeyr söng um í laginu Þeir í upphafi 9. áratugarins. Lagið hófst á eftirfarandi erindi:

*Þeir stjórna New York*
*jafnt sem Hveragerði*
*Þeir stjórna bjórneyslu*
*og bensínverði*



**...hinir alkunnu „þeir“ sem ýmist eiga að vera að hækka eða lækka markaðinn, yfirleitt í þeim tilgangi að hafa fé af þeim sem ekki fara að ráðum sögumanns. „Þeir“ taka reyndar stundum á sig vinalegri mynd og verða að „stóru fjárfestunum“ eða jafnvel „fagfjárfestar“. Nánari lýsingar á hverjir tilheyra „þeim“ er hins vegar erfiðara að verða sér úti um, eða þá hvernig „þeir“ komu sér saman um að standa að þessum hrekkjum.**

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Fjárhagsáætlun stríðs úr böndunum*

**Fortune** | Í Fortune-tímaritinu fjallar blaðamaðurinn Abraham Lustgarten um kostnaðinn af stríðsrekstri Bandaríkjamanna í Írak sem eykst stöðugt, bæði í mannslífum og dollurum. 15.000 til 100.000 Írakar hafa látið lífið en fjöldi fallinna Bandaríkjamanna er um 2.400. Í aurum talið er kostnaðurinn orðinn ríflega 300 milljarðar dollara. Nóg þykir víst flestum komið en skattborgarar geta enn átt von á allt að tvöfaldri þessari upphæð, miðað við að það taki áratug fyrir Bandaríkjamenn að hafa sig á brott aftur. Að auki er óbeinn kostnaður, til dæmis bótagreiðslur til varanlega skaddaðra hermanna, og er þá heildarkostnaðurinn um 1,2 billjónir dollara. Sé einnig tekinn með í reikninginn þjóðhagfræðilegur kostnaður eins og vinnuafl látinna hermanna og hækkun á heimsverði olíu, en slík óbein áhrif eru ekki í fjárhagsáætlun bandaríska þingsins, gæti reikningurinn hljóðað upp á 2,2 billjónir dollara. Þess má geta að árið 2003 mat Donald Rumsfeld það svo að stríðið myndi kosta Bandaríkin fimmtíu milljarða dollara.

## *Hægar efnahagsumbætur í Evrópu*

**The Economist** | Mikill hægagangur er í umbótum á evrópskri vinnulöggjöf að mati leiðarahöfundar The Economist. Víða um Evrópu er ókyrrð á vinnumarkaði vegna laga sem eiga að nútímavæða vinnumhverfið, en þau eru þyrnir í augum almennings. Helsta vandamál hins evrópska markaðar er gegndarlaus verndun innanbúðarmanna frá utanaðkomandi. Innfæddir Evrópubúar búa við gífurlegt starfsöryggi og stöndugt velferðarkerfi. Þessi gæði standa utanaðkomandi aðilum ekki til boða. Nýju lögin snerta ekki þá sem fyrir eru, heldur einungis nýja starfsmenn. Umbreytingar á vinnulöggjöf hafa því myndað tvískipt kerfi þar sem „ytri hlutinn“ er lausráðinn en sá innri er verndaður. Þessi tvískipting hefur þær afleiðingar að hagkerfin gerast ósveigjanlegri. Að mati leiðarahöfundar eru valkostirnir tveir: að horfast í augu við breytta tíma og bregðast við þeim, eða að bíða þar til hagkerfin eru komin í slíkt öngstræti að fara verði í nauðungarumbætur. Með því að tvístíga frammi fyrir mótmælendum og hika við að umbæta hagkerfi sín sé síðari kosturinn valinn.

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

“Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.”
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

“Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara.”
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

...næsta 6. vikna námskeið **11. apríl**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Símtal um reimar

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Fyrir nokkrum árum birtist frétt um að engu hefði munað að lítið barn létist þegar reim í hettu barnsins flæktist í leiktæki og vafðist um leið um háls þess. Nokkrum dögum síðar hringdi framleiðslustjóri Sjóklæðagerðarinnar í Herdísi Storgaard, sem þá var hjá Slysavarnafélagi Íslands, og óskaði nánari upplýsinga um þetta atvik. Enda þótt barnið hafi ekki verið í fatnaði frá Sjóklæðagerðinni vildi fyrirtækið hanna vörur sem væru öruggar.

Í fyrirtækjum sem hafa öryggi að leiðarljósi snúast forvarnir ekki síst um viðskiptavininn og í reynd þjóðfélagið allt. Fyrirtæki á borð við ISS, Flytjanda og Greifann á Akureyri hafa með markvissum forvarnaaðgerðum náð umtalsverðum árangri í að draga úr tíðni umferðartjóna hjá starfsmönnum fyrirtækjanna. Með því eru þessi fyrirtæki auðvitað að bæta hag sinn, umhverfisins og viðskiptavina. Þýðingarmest er að fyrirtæki sem taka forystu í forvörnum smita út frá sér; fleiri fyrirtæki taka sér þau til fyrirmyndar.

Slysatjónum hefur fjölgað nokkuð hérlendis í ýmsum atvinnugreinum á meðan þeim hefur fækkað í öðrum löndum. Þetta á meðal annars við um byggingastarfsemi. Þá eru slysatjón í sjávarútvegi allt of tíð hérlendis. Nokkur fyrirtæki skara framúr í forvörnum á þessum sviðum en þeirra starf þarf að spyrjast út. Þorbjörn Fiskanes er dæmi um fyrirtæki í sjávarútvegi sem er að vinna að margvíslegum forvörnum til að koma í veg fyrir slysatjón og ýmis byggingafyrirtæki hafa einnig aukið forvarnir sínar umtalsvert.

Fjöldamörg fyrirtæki hafa sinnt forvörnum gagnvart starfsfólki og viðskiptavinum af kostgæfni. Mörg þeirra hafa ekkert haft fyrir því að segja frá því enda eru forvarnir í slíkum fyrirtækjum orðnar eðlilegur þáttur í starfseminni og hugarfari starfsmanna þeirra. Jákvæð dæmi af forvarnarstarfi fyrirtækja geta þó verið mikilvæg hvatning.

Nokkrum dögum eftir að Herdís Storgaard fékk símtalið frá framleiðslustjóranum fékk hún senda frummynd af nýrri flík frá Sjóklæðagerðinni sem var reimalaus! Örugg fyrirtæki eru afburðafyrirtæki.

**Þór Sigfússon**
**Forstjóri Sjóvá**

**Nokkur fyrirtæki skara framúr í forvörnum á þessum sviðum en þeirra starf þarf að spyrjast út.**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Grætt á Mogga-kreppunni

Mikið rosalega voru þeir glaðir í bankanum á föstudaginn þegar ég birtist. Ég var einn af fáum kúnnum bankans þann daginn sem þeir töluðu við, án þess að þurfa að skipa að selja á móti lánum.

Ég er náttúrlega svo forsjáll að ég var meira og minna upptekinn af því að græða á veikingu krónunnar og allri ruglumræðunni til þess að vera að velta mér upp úr allri vitleysunni sem var í gangi.

Á föstudaginn var ég hins vegar mættur til þess að hughreysta strákana í bankanum sem voru að niðurlotum komnir eftir erfiði dagsins.

Ég sagði náttúrlega við þá að þetta væri að verða búið og þeir myndu geta andað léttar í vikunni á eftir. Svo skellti ég mér á einn framvirkan í bönkunum. Gott að gera þetta svona seint á föstudegi. Maður fer inn í helgina með þá tilfinningu að maður hafi gert meira en unnið ærlegt dagsverk.

Svo er ekki verra þegar maður getur glatt aðra um leið. Miðlararnir voru alsælir með mig og einn bauð mér meira að segja í partí um helgina. Ég var boðinn annað og fínna.

Allt um það. Ég endurnýjaði áskriftina að Mogganum, enda gæti ég borgað áskriftina til ársins tíu þúsund og eitthvað með því sem ég græddi á því að blaðið lét alla kettlinga landsins pissa á sig.

Mér finnst það stórfyndið að menn hafi meira að segja trúað bullinu í Danske Bank. Vinur minn í Danmörku var búinn að tipsa mig um að Danirnir væru að taka stöðu gegn krónunni og ég tók smá salibunu með þeim. Bara stutt, því þeir hafa ekki verið mjög klárir í þessu. Keyptu hellingu af krónubréfum þegar allir vissu að krónan myndi veikjast og eru núna að veðja á frekari veikingu. Þvílíkir jólasveinar.

Það er allt í lukkunnar velstandi og ég hef engar áhyggjur af smá sveiflum hér innanlands. Markaðurinn er frekar taugaveiklaður og ástæða til að fara varlega. Maður er hins vegar búinn að nota uppsveifluna þannig að Danske Bank og Merrill Lynch myndu gefa mér sjálfum toppeinkunn. Enda á maður til dæmis slatta í Danske Bank og ef þeir halda áfram að haga sér eins og hálfvitar er aldrei að vita nema að einhvern tímann opnist tækifæri til að kaupa bankann eins og hann leggur sig. Hann er reyndar dálítið stór, en á móti kemur að hann fer hægt. Það þýðir bara eitt. Einhvern tímann munu opnast tækifæri til að taka framúr.




**Ráðstefna Nýherja um Business Communication & Collaboration**

Ein áhrifamesta konan í bandarísku atvinnulífi mætir til leiks

Business Communication & Collaboration er heiti á ráðstefnu sem Nýherji stendur fyrir 6. apríl nk. Aðalfyrirlesari er Karyn Mashima, Senior Vice President, Strategy & Technology hjá Avaya, sem mun fjalla um hvernig nýjungar á sviði samskiptatalausna kalla á ný viðskiptamódel.

Um er að ræða einstaklega áhugaverðan fyrirlesara en Karyn hefur verið útnefnd af viðskiptatímaritum vestanhafs sem ein áhrifamesta konan í bandarísku viðskiptalífi enda hefur hún gegnt stjórnendastöðum hjá Xerox, Hewlett-Packard, AT&T og Lucent Technologies auk Avaya.

Auk Karyn munu háttsettir stjórnendur hjá IBM, Microsoft og Avaya flytja fyrirlestra um samspil samvinnulausna og framþróunar, framleiðni starfsmanna, viðskiptatengsla og hagræðingu í rekstri fyrirtækja.

Ráðstefnunni lýkur með fyrirlestri Hjartar Þorgilssonar, Upplýsingatæknistjóra Icelandair, sem mun fjalla um áskoranir fyrirtækja með dreifða starfsemi.

Efni ráðstefnunnar höfðar því til allra stjórnenda. Ráðstefnan verður haldin á Nordica Hóteli og hefst með skráningu kl. 12:00 og lýkur kl. 17:00 með glæsilegum veitingum.

Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á
www.nyherji.is/radstefna
eða senda póst á radstefna@nyherji.is

**Þátttökugjald er 5.900 kr.**

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 12:00 - 12:30 | Skráning. |
| 12:30 - 12:40 | Settning, Þorvaldur Jacobsen, Framkvæmdastjóri Kjarnalausna Nýherja. |
| 12:40 - 13:40 | Keynote: Karyn Mashima, Senior Vice President, Strategy & Technology, Avaya. |
| 13:40 - 14:30 | Workplace for the Future: People Productivity for Innovation that Matters, Martha J Mealy, Strategic Marketing Manager for Lotus Software - Industrial Sector. |
| 14:30 - 14:45 | Kaffihlé. |
| 14:45 - 15:35 | CRM and the Information Worker, Kristian Gotch, Microsoft Dynamics CRM Product Manager – EMEA. |
| 15:35 - 16:25 | Making Business Easy and Efficient with Collaboration, Gerard Thornton, VP Sales, EMEA & Asia Pacific, Avaya. |
| 16:25 - 16:55 | Áhrif samvinnulausna á samkeppnishæfni fyrirtækja, Hjörtur Þorgilsson, Upplýsingatæknistjóri Icelandair. |
| 16:55 - 18:00 | Kokteill og léttar veitingar. |

AVAYA

NÝHERJI

Nýherji hf · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

AURASÁLIN

## Hollustan borgar sig

**Aurasálin hefur aldrei átt krónu** í hlutabréfum í íslenskum bönkum eða fjármálafyrirtækjum. Margir vinir Aurasálarinnar hafa gert grín að þessari sérvisku en það er óhætt að segja að þeir hlæi ekki lengur. Enda er ljóst að pappírshagnaður þessara stofnana var aldrei annað en skýjaborg og eins og aðrar skýjaborgir afmyndast hún, fýkur út í veður og vind og leysist upp um leið og það fer að blása.

**Já, Aurasálin** hefur haldið sig fjarri þessum ímyndunarveikindum sem hrjáð hafa hagkerfið og markaðinn undanfarin ár. Hér á landi hafa menn staðið í þeirri trú að með því að sameina og selja fyrirtæki verði til svo mikill hagnaður að enginn þurfi framar að vinna handtak. Á meðan hafa fyrirtækin sem Aurasálin hefur stutt með hlutafjárkaupum þurft að líða fyrir ástandið með ofsagengi krónunnar og almennu áhugaleysi fólks og fjárfesta á raunverulegum varningi og verðmætum. Nú er hins vegar runninn upp tími framleiðslunnar - tími framkvæmda er hafinn og tími framvirkra samninga er liðinn.

**Það getur verið** að hollusta Aurasálarinnar við íslensk sjávarútvegs- og iðnaðarfyrirtæki hafi kostað hana töluvert í skammtímagróða. En markmið Aurasálarinnar í hlutabréfaviðskiptum hefur aldei verið innantómur gróði. Aurasálin lítur á hlutabréfakaup eins og hvern annan samfélagslegan stuðning. Aurasálin kaupir því hluti í fyrirtækjum sem standa fyrir hið góða og jákvæða í tilverunni - en lætur eiga sig að verða samsek í innihaldslausum bókhaldsgöldrum bankanna.

**Vinir Aurasálarinnar** hafa flestir grætt vel á síðustu árum. Þeir aka um á dýrum bílum, flestir á Porsche Cayenne náttúrlega, eru búnir að kaupa sér land í Borgarfirði og byggja sumarhús á Spáni. Þeim finnst afstaða Aurasálarinnar til þátttöku í atvinnulífinu vera gamaldags og segja að hún hefði átt að selja bréfin sín í sjávarútvegsfyrirtækjum fyrir löngu, margfalda peninginn í bönkunum, og kaupa svo aftur í sjávarútvegsfyrirtækjunum. Þetta finnst Aurasálinni ótrúleg bíræfni.

**Hinir nýríku** - og bráðum nýfátæku - verðbréfaspekúlantar hafa glatað sál sinni í leik sínum að fjöreggi þjóðarinnar. Þeirra gróði er holur og innantómur. Aurasálinni dytti aldrei í hug að svíkja sín fyrirtæki í tryggðum jafnvel þótt grasið virðist stundum grænna hinum megin við lækinn. Hlutabréfaviðskipti eru eins og hvert annað trúnaðarsamband - maður stendur með sínum bréfum í gegnum súrt og sætt. Aðeins þannig geta verðbréf veitt manninum sanna lífsfyllingu.



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON, BANKASTJÓRI SPARISJÓÐABANKANS** Verði vöxtur Sparisjóðabankans mikill á næstunni hljóta sparisjóðirnir að skoða hvort opna eigi eignarhaldið eins og gerðist í Kauphþingi á sínum tíma. MARKAÐURINN/GVA

# Sparisjóðabankinn blæs til sóknar

Methagnaður varð á rekstri Sparisjóðabankans á síðasta ári. Eigendur bankans hafa sett sér það markmið að efla bankann á fjárfestingar- og heildsölubankasviði og hafa nýir framkvæmdastjórar verið ráðnir til starfa. Sparisjóðabankinn verður þó áfram bakhjarl þeirra sparisjóða sem vilja. **Finnur Sveinbjörnsson** greindi frá þessum breytingum í samtali við *Eggert Þór Aðalsteinsson*.

Um þessar mundir eru tuttugu ár liðin frá stofnun Sparisjóðabanka Íslands og stendur bankinn á nokkrum tímamótum. Eigendur bankans eru 24 sparisjóðir og á SPRON mest, um 25 prósent hlutafjár, en SPH og SPV eiga hvor um sig fjórtán prósent.

„Hugmyndin með stofnun bankans var sú að hann gegndi tvíþættu hlutverki og er sú meginhugsun ennþá til staðar. Annars vegar átti hann að vera þjónustubanki fyrir sparisjóðina og gegna fyrir þá ákveðnu seðlabankahlutverki,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Sparisjóðabankans. Hann bendir á að sparisjóðirnir hafi bindi- og viðskiptareikninga sína hjá Sparisjóðabankanum en ekki í Seðlabankanum. „Jafnframt var hugsunin sú að bankinn gæti sinnt ýmsum verkefnum sem voru óhagkvæm fyrir hvern og einn sparisjóð að sinna, til dæmis hvað varðaði að koma upp tækjakosti og starfsfólki með sérþekkingu.“

Einnig hafi ætlunin með stofnun bankans verið sú að hann yrði uppspretta fjármagns fyrir sparisjóðina, þeir gætu lagt inn lausa fjármuni í lok dags eða fengið lán til skemmri tíma og jafnframt komið að stórum fjármögnunarverkefnum í samvinnu við sparisjóðina.

### FARIÐ Í NAFLASKOÐUN

Miklar breytingar hafa orðið í rekstrarumhverfi sparisjóðanna síðan Sparisjóðabankinn var stofnaður. Fjárhagsleg geta og mannauður er meiri í stærstu sparisjóðunum en var áður. „Fimm til sex stærstu sparisjóðirnir eru miklu öflugri en þeir voru framan af og eru farnir að leysa flest-öll verkefni sjálfir,“ bendir Finnur á. Þá hefur það gerst að erlendir bankar eru orðnir viljugri en áður að eiga samskipti við smærri íslensk fjármálafyrirtæki og síðan hefur tækninni fleygt svo fram að smærri fjármálafyrirtæki ráða við verkefni sem eitt sinn var heppilegra að margir ynnu að.

„Það er ekki óeðlilegt að eigendur Sparisjóðabankans velti því fyrir sér hvað þeir eigi að gera við bankann. Hefur hann ennþá hlutverki að gegna eða er hlutverki hans lokið?“ spyr Finnur. Sparisjóðirnir eiga töluverða fjármuni sem eru bundnir í þessum eignarhluta og því spurning hvort þeir myndu nýtast betur annars staðar. Ákveðið var að endurskoða starfsemi bankans og lauk þeirri vinnu um áramótin.

„Niðurstaðan var eindregið sú að bankinn hefði áfram hlutverki að gegna en tímabært væri orðið að breyta um áherslur.“ Breytingarnar fólust í því að draga úr því mikla vægi sem þjónustuhlutverkið hafði en halda áfram að byggja upp og styrkja heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi sem snýr að öðrum viðskiptavinum en sparisjóðum. Nýtt skipurit hefur verið kynnt sem liður í þessum breytingum.

**Sparisjóðabankinn**
Stofnaður: 1986
Bankastjóri: Finnur Sveinbjörnsson
Starfsmenn: 65
Hagnaður árið 2005: 2.423 milljónir króna
Heildareignir og eigið fé í árslok 2005: 65,6 milljarðar/5,7 milljarðar

Finnur segir að ætlunin sé að bankinn vaxi og dafni á eigin forsendum í stað þeirrar gömlu hugsunar að hann þjónaði sparisjóðunum og yxi með þeim.

### NÝIR FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Með nýju skipuriti verður starfsemi Sparisjóðabankans skipt í þrjú afkomusvið: sparisjóðasvið, fyrirtækjasvið og fjárstýringu. Tvö stoðsvið verða þeim til stuðnings, annars vegar viðskiptaþjónusta og hins vegar rekstrarsvið. „Megintilgangur þessara skipulagsbreytinga er sá að skerpa á starfsemi einstakra sviða. Við höfum ráðið nýja lykilstjórnendur til bankans til að byggja upp öflugt teymi og gefa almennilega í,“ segir Finnur.

Til liðs við bankann koma þrír nýir framkvæmdastjórar; þau Agnar Hansson, sem verður framkvæmdastjóri fjárstýringar, Gunnar Svavarsson, sem tekur við fyrirtækjasviði, og Hafdís Karlsdóttir sem tekur við rekstrarsviði. „Þriðja afkomusviðið er sparisjóðasvið, sem mun halda utan um þau tengsl sem bankinn á við sparisjóðina og held ég utan um það. Við ætlum ekki að hverfa frá sparisjóðunum heldur þvert á móti að gefa þeim til kynna að við metum tengsl og samskipti við þá mikils.“

Ólafur Ottósson verður svo framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu sem sinnir meðal annars bankavinnslustarfsemi.

Að mati Finns er rými fyrir fleiri en stóru bankana. Innanlands eru ýmsir aðilar sem kunna að meta þá þjónustu sem er veitt með öðrum hætti en hjá stóru bönkunum. „Kúnstin hjá okkur og hinum ýmsu smærri fjármálafyrirtækjum er auðvitað að finna sér syllu. Við hjá bankanum ætlum okkur ekki fyrst í stað að verða tugþrautarmenn, miklu frekar að vera góð í þríþrautinni og sinna því þá vel.“

Finnur bindur miklar vonir




Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

við fjárstýringu bankans, enda er eftirspurn hefðbundinna fyrirtækja, fjárfestingarfélaga og fleiri aðila eftir flóknari gjaldeyrisviðskiptum og afleiðusamningum sífellt að aukast. Á erlendum vettvangi eru mikil tækifæri en Finnur segir að bankinn hafi verið að fikra sig áfram í lánveitingum til erlendra aðila.

Engin breyting verður á þeirri stefnu að sinna ekki smásöluviðskiptum, það er þeim daglegu viðskiptum sem einstaklingar og fyrirtæki eiga við banka.

**EIGNARHALDIÐ OPNAÐ?**

Á aðalfundi Sparisjóðabankans í síðustu viku samþykktu hluthafar að stjórn fengi tvenns konar heimildir til að auka hlutafé bankans. Ráðist verður í þá fyrri strax og verður selt nýtt hlutafé fyrir 600 milljónir króna að markaðsvirði. Hin heimildin hljóðar upp á að bankaráð geti aukið hlutafé um 200 milljónir að nafnverði þegar það telur ástæðu til. Finnur segir að með aukningu hlutafjár og víkjandi lánum megi auka slagkraft bankans nokkuð og það sé ljóst að sparisjóðirnir þurfi að vera reiðubúnir að fylgja honum eftir með meira hlutafjárframlagi.

„Hinn möguleikinn er sá að opna eignarhaldið. Það gerist auðvitað í fyrirtækjum sem vaxa mjög hratt að eigendurnir standa frammi fyrir því álitamáli,“ segir Finnur. Verði vöxtur Sparisjóðabankans mikill á næstunni munu sparisjóðirnir standa frammi fyrir því hvort opna eigi dyrnar fyrir nýja eigendur, rétt eins og gerðist í Kaupþingi á sínum tíma. Reglur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja eru þannig að eignarhlutur eins fjármálafyrirtækis í öðru dregst frá eigin fé. „Þetta er farið að taka í hjá sumum sparisjóðum,“ bætir Finnur við.

**VERÐMÆTI Í EXISTA**

Síðustu ár hefur afkoma Sparisjóðabankans verið mjög góð og allir þættir í starfseminni gengið vel. Á síðasta ári skilaði bankinn yfir 2,4 milljarða hagnaði, sem var metafkoma. Sparisjóðabankinn á yfir fimm prósenta hlut í fjárfestingarfélaginu Exista, sem hefur skipt sköpum í afkomu bankans á síðustu tveimur árum.

Á aðalfundi KB banka greindi Sigurður Einarsson stjórnarformaður frá því að bankinn ætlaði sér að losa um eignarhald sitt í Exista og væri skráning félagsins því líklega á næstu grösum. Þessar fréttir leggjast vel í Finn og gera stjórnendur bankans sér einhverjar væntingar um verðmætaaukningu hans við skráninguna. „Exista hefur verið lokað félag og því hefur ekki verið eðlileg verðmyndun á þessari hlutafjáreign okkar,“ segir Finnur en Sparisjóðabankinn bókar hlutinn á innra virði Exista. „Með skráningu opnast einnig möguleikar á að annað hvort stækka eignarhlutinn eða minnka hann,“ bætir Finnur við að lokum.

**Megintilgangur með þessum skipulagsbreytingum er sá að skerpa á starfsemi einstakra sviða. Við höfum ráðið nýja lykilstjórnendur til bankans til að byggja upp öflugt teymi og gefa almennilega í...**





LONDON • PARÍS • FRANKFURT • AMSTERDAM • KAUPMANNAHÖFN

GB FERÐIR BJÓÐA UPPÁ ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR TIL HELSTU BORGA EVRÓPU

Frábær hótel á góðu verði.

Skipuleggjum Gala kvöldverði á okkar hótelum fyrir 20-300 manns.

samstarfsaðili GB ferða:

ICELANDAIR www.icelandair.is

GB FERÐIR
www.gbferdir.is




MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI
við Háskólann í Reykjavík

Opið fyrir umsóknir í M.Sc. nám við Háskólann í Reykjavík: www.ru.is.

Fyrri umsóknarfrestur er 18. apríl 2006.



*Stefán Svavarsson forstöðumaður meistaranámsins kynnir skipulag þess.*

Kynningarfundur fimmtudaginn 30. mars kl. 17:15
í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð.

Framúrskarandi kennarar
- alþjóðleg þekking og reynsla

- M.Sc. Endurskoðun og reikningshald (Accounting and Auditing)
- M.Sc. Fjármál fyrirtækja (Corporate Finance)
- M.Sc. Fjárfestingarstjórnun (Investment Management – MSIM)

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

HB GRANDI

# Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 7. apríl 2006 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.

## Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.

2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.

3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

FABRIKAN



TEKIÐ VIÐ VIÐURKENNINGU Elvar Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, afhendir Páli Freysteinssyni, framkvæmdastjóra Hugar hf., gullvottunarviðurkenningu Microsoft. Í bakgrunni eru starfsmenn Hugar hf.

# Hugur hlýtur gullvottun

Hugbúnaðarfyrirtækið Hugur hf. hefur hlotið vottun Microsoft sem „Microsoft Gold Certified Partner". Vottunin er annars vegar veitt sem staðfesting á því að starfsmenn Hugar hafi góða þekkingu á viðskiptalausnum Microsoft. Hins vegar er vottunin viðurkenning á því að starfsmenn Hugar uppfylli ýtrustu kröfur um þekkingu og þjónustu við gagnagrunna Microsoft og tengdar lausnir. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu er gullvottunin staðfesting á því að Hugur hafi uppfyllt þrjú meginskilyrði. Í fyrsta lagi hafa starfsmenn Hugar staðist öll tilskilin próf Microsoft, í öðru lagi hafi viðskiptavinir vitnað um ágæti þjónustu fyrirtækisins og í þriðja lagi hafi Hugur náð mjög góðum árangri í sölu- og markaðsmálum. - hhs



VEITIR GULLVOTTUN VIÐTÖKU Elvar Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft Ísland, ásamt Stefáni Jóhannessyni, framkvæmdastjóra Þekkingar, og starfsmönnum Þekkingar í Kópavogi.

# Þekkingu veitt viðurkenning

Þekking hlaut nýverið gullvottun frá Microsoft sem fyrirtækið veitir samstarfsaðilum sem hafa sýnt framúrskarandi hæfni og þekkingu á sviði lausna frá Microsoft. Þekking er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem sérhæfir sig í hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa. Í dag rekur fyrirtækið tvær starfsstöðvar, á Akureyri og í Kópavogi, með í kringum fimmtíu starfsmenn.

„Gullvottun frá Microsoft er dýrmæt viðurkenning fyrir fyrirtækið og sýnir að við erum á réttri leið með að tryggja viðskiptavinum okkar aðgang að hágæða ráðgjöf og þjónustu," segir Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar. Segir hann vottunina mikla viðurkenningu fyrir starfsfólk fyrirtækisins. Að baki henni liggi mikil vinna við að kynna og byggja upp sérþekkingu á lausnum Microsoft. - hhs

## FÓLK Á FERLI

**Brynja Guðmundsdóttir** hefur verið ráðin forstöðumaður hagdeildar Alfesca.



Brynja, sem er 39 ára, brautskráðist af endurskoðunarsviði Viðskiptadeildar Háskóla Íslands 1991 og hefur víðtæka reynslu af ábyrgðarstörfum tengdum fjármálum fyrirtækja. Hjá Alfesca mun Brynja stýra samstæðuuppgjöri félagsins, upplýsingagjöf, áætlanagerð, tölulegum greiningum o.fl. fjármálatengdum verkefnum. Brynja mun starfa í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi. Áður en Brynja gekk til liðs við Alfesca var hún framkvæmdastjóri fjármálasviðs og innri upplýsingakerfa hjá Skýrr hf. þar sem hún hóf störf árið 2000. Árin 1997-2000 starfaði Brynja sem forstöðumaður hagdeildar hjá Landssímanum en þar áður var hún fjármálastjóri hjá Lýsi hf. og aðalbókari hjá Íslenska útvarpsfélaginu hf. Brynja hefur setið í stjórn Félags viðskipta- og hagfræðinga og Skýrslutæknifélagsins, auk þess að sitja í nefndum á vegum félaganna.

**Nadine Deswasière** hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri stefnumótunar og



þróunar Alfesca. Nadine Deswasière hefur verið óháður stjórnarmaður í Alfesca frá því í mars 2005. Hún er með 23 ára reynslu af störfum í fyrirtækjum á sviði neytendavöru, lengst af hjá Campbell Soup og Nestlé. Hún starfaði í 16 ár hjá Nestlé í Frakklandi, Sviss, Asíu og Austur-Evrópu. Hún var ábyrg fyrir viðskiptaþróun og fyrirtækjakaupum í höfuðstöðvum Nestlé og varð síðar sviðsstjóri og svæðisstjóri félagsins áður en hún varð framkvæmdastjóri hjá einu af dótturfyrirtækjum Nestlé í Frakklandi með 340 milljóna evra veltu. Nadine Deswasière er fædd 1960. Hún hlaut meistaragráðu í markaðsfræðum frá háskólanum í Lille í Frakklandi 1982 og lauk námi með láði í félags- og hagfræði frá University of Villeneuve d'Ascq í Frakklandi 1980. Hún lauk stjórnunarnámi frá IMD í Lausanne í Sviss árið 2000. Nadine verður ábyrg fyrir þróun og innleiðingu á vaxtarstefnu Alfesca samhliða því sem hún mun samræma markaðssetningu og vöruþróun hjá fyrirtækjum innan Alfesca-samstæðunnar.

**Antony Hovanessian** hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar



Alfesca. Áður en Antony Hovanessian réðst til Alfesca var hann aðstoðarforstjóri fjárfestingabankastarfsemi KB banka í London allt frá stofnun hennar 2003. Starfsemi KB banka í London óx hratt á þessum tíma og tekjurnar nær fimmfölduðust. Antony annaðist fjármögnun og fjárfestingar í fyrirtækjum á matvælamarkaði, auk fyrirtækja á neytendamarkaði og tískufyrirtækja. Hann leiddi fjölda samninga á fyrirtækjamarkaði, þar á meðal kaup Alfesca á Labeyrie fyrir 332 milljónir evra í október 2004. Antony er með yfir 10 ára reynslu í fyrirtækja- og markaðsviðskiptum og hefur unnið að samningsgerð í fjölda landa í Evrópu og Asíu. Antony er fæddur 1969. Hann útskrifaðist frá lagadeild háskólans í Plymouth og var verðlaunaður fyrir frammistöðu sína þar. Við tók framhaldsnám í Guildford College þar sem hann lauk prófi 1993. Hann fékk lögmannsréttindi sín hjá alþjóðlegu lögfræðistofunni Clifford Chance 1996 með sérhæfingu í fjármálum fyrirtækja og hlutabréfaviðskiptum. Starfaði Antony bæði í London og Dubai. Frá 1999 starfaði hann fyrir fyrirtækjasvið alþjóðlegu lögmannsstofunnar DLA Piper Rudnick Gray Cary þar sem hann var meðeigandi. Þar öðlaðist hann víðtæka reynslu af störfum fyrir matvælafyrirtæki, fyrirtæki í neytendavöru og iðnfyrirtæki. Áður en Antony réðst til KB banka starfaði hann fyrir Barclays Capital, fjárfestingafyrirtæki Barclays Bank. Hjá Alfesca verður Antony ábyrgur fyrir þróun og innleiðingu ytri vaxtarstefnu félagsins auk þess að styrkja innviði samstæðunnar.

allt atvinna
Alla sunnudaga

Söluvagnar á göngum Kringlunnar



Kringlan leigir söluvagna í eina til fjórar vikur í senn!
Upplýsingar um verð og leyfilegar vörutegundir veitir þjónustustjóri Kringlunnar í síma 568 9200 eða á netfanginu soluvagnar@kringlan.is.
Kringlan MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

Skipaþjónusta
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is
næst



**AÐALFUNDUR BAKKAVARAR VAR HALDINN SÍÐASTLIÐINN FÖSTUDAG** Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, ávarpaði aðalfundinn. Lýsti hann því meðal annars að þeir bræður, Ágúst og Lýður, hefðu átt langt og farsælt samstarf þar sem aldrei hefði borið skugga á en þeir bræðurnir stofnuðu Bakkavör 19 og 22 ára gamlir.
MARKAÐURINN/STEFÁN



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON, FYRRUM FORSTJÓRI BAKKAVARAR GROUP** Til tíðinda dró á aðalfundi Bakkavarar þegar tilkynnt var að Lýður Guðmundsson myndi láta af störfum sem forstjóri fyrirtækisins. Lýður verður starfandi stjórnarformaður Exista.



**TEYGIR SIG TIL AUSTURS** Á aðalfundinum var tilkynnt um kaup Bakkavarar á fjörutíu prósentum hlutafjár í kínverska salatfyrirtækinu Creative Foods í samstarfi við Glitni. Bakkavör hyggst einbeita sér að fjárfestingum í Kína og var fjárfestingin í Creative Foods fyrsta verkefni þess.


vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu







Nýtt og glæsilegt skrifstofuhúsnæði, 471m2, á efstu hæð að Brautarholti 26-28 í Reykjavík.
Hæðin býður upp á mikla möguleika í hönnun þar sem um opið rými er að ræða. Útsýni frábært, góðar svalir og möguleiki á vörulyftu.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.

Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000

Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með um 260.000 fermetra í sinni eigu og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til traustra leigutaka til langs tíma.

1136.44

# Dregið úr áhættu lífeyrissjóðanna

**Hver er staða íslensku lífeyrissjóðanna í alþjóðlegum samanburði?**

Í alþjóðlegum samanburði er staða íslensku lífeyrissjóðanna einstaklega góð og hefur vakið verðskuldaða athygli. Miðað við landsframleiðslu er íslenska lífeyrissjóðakerfið eitt það stærsta í heimi, það byggir að stærstum hluta á sjóðasöfnun sem erlendir lífeyrissjóðir eru margir að taka upp og meðalávöxtun lífeyrissjóða hefur verið mjög góð í alþjóðlegum samanburði. Það eru því engar ýkjur að halda því fram að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé eitt af best reknu lífeyrissjóðakerfunum í heiminum í dag.

**Hvers vegna að gera tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðum?**

Tilgangur þess að gera tryggingafræðilega úttekt er að meta fjárhagsskuldbindingar lífeyrissjóða sem eru tilkomnar vegna lífeyrisréttinda sjóðsfélaga og bera þær saman við eignir og væntanlegar iðgjalda- og vaxtatekjur. Þannig gefur úttektin mynd af því hvernig lífeyrissjóðirnir eru í stakk búnir til að mæta lífeyrisskuldbindingum sínum. Mjög mikilvægt er því að tryggingafræðilega úttektin sé eins og best verði á kosið svo hún gefi sem besta mynd af einu meginhlutverki lífeyrissjóðanna sem er að standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

**Er nauðsynlegt að færa skuldbindingar lífeyrissjóðanna yfir á markaðsvirði?**

Ef færa á skuldbindingar sjóðsins yfir á markaðsvirði felur það í sér að í stað þess að nota fasta 3,5 prósenta ávöxtunarkröfu til að núvirða framtíðareignir og skuldbindingar er notuð krafa sem endurspeglar vaxtastig á markaði, t.d. vextir á lengstu íbúðarbréfunum. Þetta er því líka spurning um af hverju nota fasta 3,5 prósenta kröfu eins og gert er í dag. Er ekki eðlilegra að nota þá ávöxtunarkröfu sem endurspeglar íslenskt vaxtarstig? Á sínum tíma var e.t.v. eðlilegt að nota fasta kröfu þar sem skuldabréfamarkaðurinn var óvirkur. Í dag erum við hins vegar komin með virkan skuldabréfamarkað sem endurspeglar vaxtastig hér á landi. Með því að færa skuldbindingar lífeyrissjóðsins á markaðsvirði er því verið að nálgast betur raunverulega stöðu sjóðsins á hverjum tíma sem hlýtur að vera af hinu góða.

**Eykst áhætta lífeyrissjóðanna við þessa breytingu?**

Í raun og veru er verið að draga úr áhættu sjóðanna með þessari breytingu því það er verið að draga fram þá áhættu með skýrum hætti að vera með mismun á líftíma eigna og skuldbindinga hjá lífeyrissjóðum. Þetta er raunveruleg áhætta og er til staðar í dag, en kemur ekki nógu vel fram miðað við núverandi fyrirkomulag. Færa má sterk rök fyrir því að þetta sé ein stærsta áhættan í söfnum lífeyrissjóða í dag. Við þessa breytingu verður hún hluti af rekstri lífeyrissjóða með skýrum hætti.

**TÖLVUPÓSTURINN**

***Til Sigurðar Kristins Egilssonar***

*forstöðumanns eignastýringar fagfjárfesta hjá KB banka*



**Hvernig geta lífeyrissjóðirnir brugðist við?**

Þetta verður einfaldlega hluti af eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða. Ef menn vilja lágmarka þessa áhættu þá er reynt að lágmarka mismun á líftíma eigna og skuldbindinga. Er það gert með því að stýra líftíma eigna, t.d. með því að kaupa löng verðtryggð skuldabréf ef skuldbindingar eru langar. Ef menn telja þess virði að vera með þessa áhættu í bókum sjóðsins og t.d. leggja áherslu á hlutabréf vegna væntrar hærri ávöxtunar hlutabréfa þá er sá póll tekinn í hæðina. Aðalatriðið er að menn stýri þessari áhættu og hún sé meðvituð.

**... það er verið að draga fram þá áhættu með skýrum hætti að vera með mismun á líftíma eigna og skuldbindinga hjá lífeyrissjóðum. Þetta er raunveruleg áhætta og er til staðar í dag, en kemur ekki nógu vel fram miðað við núverandi fyrirkomulag. ... Ef menn vilja lágmarka þessa áhættu þá er reynt að lágmarka mismun á líftíma eigna og skuldbindinga.**

# Lífeyriskerfið á tímamótum?

**Lífeyrissjóðir í öðrum löndum hafa breytt forsendum sínum í árlegri tryggingafræðilegri úttekt. Ef slíkt yrði gert hér á landi gæti það haft töluverð áhrif á lífeyrissjóði og ýtt undir lækkun raunvaxta. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði lokaverkefni við Háskóla Íslands þar sem fjallað er um úttektina.**

Lögum samkvæmt skal gera svokallaða tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðum einu sinni á ári. Lífeyrissjóðir í öðrum löndum hafa margir hverjir á síðustu árum breytt forsendum sínum við mat á eignum og skuldbindingum. Svipuð breyting gæti haft töluverð áhrif á stöðu íslensku lífeyrissjóðanna og gert þá næmari fyrir vaxtabreytingum á íslenska markaðnum. Þetta kemur fram í lokaverkefni Trausta Jónssonar, sem hann gerði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í janúar.

**MÁLIÐ ER**

***Lífeyrissjóðirnir***

Í verkefni Trausta kemur fram að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé geysistórt. Hlutfall eigna lífeyrissjóðanna á móti landsframleiðslu hér á landi er það hæsta innan OECD-landanna og var hlutfallið 111,9 prósent í lok árs 2004. Til samanburðar var hlutfallið 111,6 prósent í Sviss, sem var það næsthæsta, en hlutfall lífeyrissjóða í Hollandi, sem komu næst, var 106,2 prósent. Hlutfall sjóða í öðrum löndum var mun minna.

Þá kemur fram í verkefninu að hrein eign íslenskra lífeyrissjóðanna hafi numið rúmum 986 milljörðum króna árið 2004 og hefði hækkað um 160 milljarða frá árinu á undan. Í nóvember á síðasta ári nam hrein eign sjóðanna 1.169 milljörðum króna og er það 183 milljarða króna aukning á milli ára.

**LÍFEYRISSJÓÐIR Í STÖÐUGRI ÞRÓUN**

Lífeyrissjóðir, jafnt innlendir sem erlendir, þróast reglulega og hafa þeir þurft að laga sig að breyttu umhverfi. Hluti breytinganna erlendis hefur falist í því að færa eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna í auknum mæli á markaðsvirði í tryggingafræðilegri úttekt sjóðanna. Því er ekki að skipta hér á landi, að sögn Trausta. Hérlendis eru skuldbindingar lífeyrissjóða ekki færðar á markaðsvirði heldur núvirtar með föstum 3,5 prósenta raunvöxtum. Eignahliðin er færð á markaðsvirði að undanskildum skuldabréfum, sem eru færð á kaupkröfu og svo endurmetin með núvirðingu á 3,5 prósenta raunvöxtum.

Núverandi aðferðafræði við tryggingafræðilegu úttektina hefur því ákveðna galla, að sögn Trausta. Þar á meðal er meðhöndlun skuldabréfa. Þeim fylgir skuldaraáhætta, þ.e. að skuldabréfin fáist ekki greidd til baka að fullu. Þar sem öll skuldabréf eru endurmetin með sömu vöxtum er ekki tekið tillit til mismunandi áhættu skuldabréfa. Annar galli við uppgjör skuldabréfa er að ef keypt eru skuldabréf sem hafa lægri en 3,5 prósenta raunvexti mynda þau tryggingafræðilegt tap í úttektinni.

Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að færa skuldabréf á markaðsvirði. Stærsti hluti skuldabréfa í eigu lífeyrissjóðanna hefur markaðsverð og ætti að vera hægt að meta markaðsverð fyrir hin skuldabréfin. Með færslu skuldbindinga lífeyrissjóða á markaðsvirði er átt við að notaðir séu markaðsvextir til að færa skuldbindingar á núvirði í stað fastra vaxta eins og nú er gert.

Einnig felur það í sér að með því að færa eignir og skuldbindingar á markaðsvirði koma áhrif mismunar á líftíma eigna og skuldbindinga skýrt fram. Meðallíftími skuldbindinga flestra sjóða er mun lengri en eignir. Breytingar á vaxtastigi geta því haft mun meiri áhrif á skuldbindingar sjóðsins en eignir. Að sögn Trausta er þetta ein aðalástæðan fyrir því að lífeyrissjóðir hafa fært eignir og skuldbindingar á markaðsvirði erlendis svo þessi áhætta komi skýrt fram.

**RAUNVEXTIR GÆTU LÆKKAÐ**

Trausti segir áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum hafa aukist mikið eftir að markaðssetning íslenskra skuldabréfa hófst erlendis. Þá hafi útgáfa Íbúðalánasjóðs á skuldabréfum verið einfölduð með því að stækka og fækka skuldabréfaflokkum auk þess sem íslensk skuldabréf hafi verið skráð í alþjóðlegum viðskipta- og uppgjörskerfum. Það gæfi fleiri erlendum fjárfestum kost á að kaupa bréfin.

Raunvaxtamunur á milli Íslands og helstu viðskiptalanda er um þrjú prósent. Það er mjög mikill munur, að mati Trausta, sem telur ekki ólíklegt að raunvaxtamunurinn eigi eftir að minnka á næstu árum. Ekki er hægt að útiloka að raunvextir hérlendis fari undir 3,5 prósent. Yrði það raunin yrðu íslensk skuldabréf ekki jafn álitlegur fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði þar sem kaup á skuldabréfum á lægri ávöxtunarkröfu en 3,5 prósent mynda tap í tryggingafræðilegri úttekt. Núverandi fyrirkomulag á tryggingafræðilegu uppgjöri er því ákveðin fyrirstaða fyrir því að vextir lækki undir 3,5 prósent. Breyting á núverandi fyrirkomulagi gæti því leitt til lækkunar raunvaxta. Ef raunvextir lækka er líklegt að það muni auka ásókn í áhættusamari eignir á borð við hlutabréf og skuldabréf með háu skuldaraálagi. Það gæti aftur leitt til meiri sveiflna í ávöxtun lífeyrissjóðanna. Jafnframt gætu lífeyrissjóðir viljað minnka mismun á líftíma eigna og skuldbindinga með auknum kaupum á löngum verðtryggðum skuldabréfum. Niðurstaða Trausta er að skynsamlegt sé að lífeyrissjóðirnir hugi að því hvaða áhrif möguleg lækkun raunvaxta hafi á sjóðina og meti kosti og galla þess að færa eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna á markaðsvirði. Meta þurfi nánar hvaða kosti eigna- og skuldastýring geti haft í för með sér auk þess sem skoða þurfi hvers konar markaðsvexti eigi að nota til að núvirða skuldbindingar sjóðanna, að sögn Trausta Jónssonar.



**TRAUSTI JÓNSSON** Lokaverkefni hans við HÍ fjallaði um endurmat á eignum og skuldbindingum lífeyrissjóðanna.

**ÞRÓUN TIL HREINNAR EIGNAR LÍFEYRIS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA**





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Hægari hagvöxtur í Kína

Seðlabanki Kína spáir að hægja muni á hagvexti í landinu á þessu ári miðað við fyrri ár. Þrátt fyrir þetta er langt í frá að kreppa sé yfirvofandi í Kína því hagvöxturinn hefur verið ævintýralegur síðastliðin ár. Er spáð 9,2 prósenta hagvexti á fyrsta ársfjórðungi 2006 og 8,7 prósenta hagvexti á síðasta ársfjórðungi. Til samanburðar var hagvöxtur í Bretlandi á síðasta ári 1,8 prósent.

Efnahagur fólks hefur batnað mikið í Kína og hefur efnuð millistétt litið dagsins ljós í landinu, sem vart sást á dögum kommúnistastjórnarinnar.

Útgjaldaliðir Kínverja hafa hækkað nokkuð samfara hagvextinum en búist er við að vörur og þjónusta hækki um tvö prósent á milli ára. Til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs í Kína um 1,8 prósent í fyrra. - jab



**KÍNVERSKT GÖTULÍF** Hagvöxtur er mun meiri í Kína en í öðrum löndum.

# Ríkum fjölgar

Ríkum Bandaríkjamönnum fjölgaði mikið á síðasta ári og hafa þeir aldrei verið fleiri. Samkvæmt nýjustu könnun breska markaðsrannsóknarfyrirtækisins TNS Financial Services eiga 8,9 milljónir Bandaríkjamanna meira en eina milljón dollara. Þetta er níu prósenta aukning frá 2004.

Í könnuninni kemur fram að 7,1 milljón Bandaríkjamanna hafi átt milljón dollara eða meira árið 1999. Þeim hafi hins vegar fækkað eftir að netbólan sprakk og voru þeir orðnir 5,5 milljónir þremur árum síðar.

Þá eiga 2,2 milljónir manna 1,4 milljónir Bandaríkjadala eða meira. Milljónamæringarnir hafa farið varlega í fjárfestingum sínum eftir að netbólan sprakk. 32 prósent þeirra binda ekki lengur fjármuni sína í eignasjóðum en 29 prósent hafa hætt öllum hlutabréfakaupum. - jab



**SEX RÍKUSTU MENN BANDARÍKJANNA** Ríkir Bandaríkjamenn hafa aldrei verið fleiri.


水岛中国贸易促进会

Íslensk kínverska viðskiptaráðið

The Icelandic Chinese Trade Council

## Fjárfestingamöguleikar í Kína

**Morgunverðarfundur á Grand Hótel, fimmtudaginn 30. mars**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 8.00 – 8.15 | Skráning |
| 8.15 – 8.20 | Setning fundar |
| 8.20 – 8.40 | Kína, framtíðarmarkaður ekki eingöngu upprunaland fyrir ódýrar vörur: **Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Glitnis í Ameríku og Asíu** |
| 8.45 – 9.05 | Fyrstu skrefin í Kína: **Steinn Lárusson, sölustjóri fyrir Asíu hjá Icelandair** |
| 9.10 – 9.30 | Áhrif gengisstefnu á viðskipta- og fjárfestingaumhverfi: **Bjartur Logi Yeshen, alþjóðafulltrúi Viðskiptaháskólans á Bifröst** |
| 9.30 – 10.00 | Samantekt og fyrirspurnir |

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst til Guðmundu Smáradóttur, gudmunda@fis.is.
Ráðstefnugjald er 2000 kr.
Innifalið: ráðstefnugögn og kaffiveitingar





**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Rós í hnappa-gat Bjarna

Glitni hefur tekist ákaflega vel upp í baráttunni við neikvæða umfjöllun erlendra fjölmiðla og lánshæfisfyrirtækja um íslenskt efnahagslíf og bankana. Bjarni Ármannsson svaraði skýrt og skorinort á CNBC Europe. Glitnir bætti svo um betur með lánshæfsmati Standard og Poor's. Bjarni hefur á stundum mátt þola gagnrýni fyrir að bankinn væri of íhaldssamur. Bjarni hefur hins vegar að undanförnu raðað inn stigum fyrir skynsamlega uppbyggingu bankans og vasklega framgöngu í orrahríðinni á alþjóðamörkuðum.

## Sorpa hagnast

Bankamenn tóku gleði sína á nýjan leik í gær þegar markaðurinn hækkaði annan daginn í röð. Margir vilja meina að uppgjör frá Sorpu hafi gert útslagið, fremur en fréttir af örlögum bankanna, en félagið tilkynnti að hagnaður þess hefði orðið 55 milljónir króna á síðasta ári. Óstaðfestar fréttir herma að félagið sé með í burðarliðnum að hefja mikla útrás til Danmerkur þar sem íslenskt rusl verður flutt út í tonnavís, þar á meðal verðlaus íslensk skuldabréf.

## Þar lágu Danir í því

Spákaupmennn sem fylgdu ráðleggingum þeirra greiningardeilda sem spáðu hvað verst fyrir um bankana áttu ekki glaðan dag í gær. Álag á bréf bankanna fór lækkandi og sennilegt að trúin á hrun íslensks efnahagslífs geri það einnig. Þannig er ekki víst að þeir sem kokhraustir fylgdu trú greiningardeildar Danske Bank gleðjist jafnt þórðargleði sem fyrr. Þar lágu Danir í því. Fyrst fjármögnuðu þeir krónuna með kaupum á krónubréfum meðan FL Group og bankarnir keyptu evrur. Nú tapa þeir á stöðum gegn skuldabréfum bankanna og væntanlega krónunni. Næst er svo að plata þá til að kaupa af okkur viðskiptahallann. Kannski að það gerist þegar hagnaður af fjárfestingum í Danmörku streymir inn í hagkerfið.

**51%** hlutur Skoðunar, dótturfélags Dagsbrúnar, í Kögun sem keyptur var af Straumi-Burðarási, stjórnendum og fjölmörgum starfsmönnum Kögunar.

**155** pens á hlut sem dótturfélag Dagsbrúnar mun greiða fyrir hvern hlut í breska prent- og samskiptafyrirtækinu Wyndeham Press Group.

**75%** forráðamanna íslenskra fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar.


Tilboðsdagar
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar




Dagana **29 mars til 19 apríl** njóta farþegar sem mæta í innritun fyrir **klukkan 6.00** að morgni sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.

SECURITAS

Farþegum sem mæta á einkabílum fyrir klukkan 6.00 að morgni býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á langtímabílastæði Securitas.

Við minnum farþega á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því fólk til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**20%** afsláttur af Galerie kertastjökum frá Menu

KAFFITÁR **25%** afsláttur af gjafakassa sem inniheldur pressukönnu, nýbrennt kaffi og súkkulaði. Verð nú: 2090 kr.

IGSveitingar **15%** afsláttur af veitingum

FRÍHÖFNIN **15%** afsláttur af snyrtivörum

**15%** afsláttur af Tomas Sabo vörum

**20%** afsláttur af Kappa og And1 vörum og 15% afsláttur af Teva skóm

**15%** afsláttur af Burberry töskum og Sand dömufatnaði

MEMORIES of ICELAND **20%** afsláttur af Lost in Iceland bolum

Eymundsson **30%** afsláttur af flugfreyjutösku (50 cm á hjólum) Verð nú: 3490 kr.

Optical Studio **FRÍTT FYRIR ÞIG!** Þegar þú pantar þér ný gleraugu fylgir frítt par af sólglerjum með þínum fjærstyrkleika

Landsbankinn Allir sem koma í Landsbankann í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og kaupa gjaldeyri fá skemmtilega litabók með Sprota og félögum fyrir börnin

Ef þú kaupir BLUE LAGOON mineral moisturizing krem (200ml) eða BLUE LAGOON mineral intensive krem (200ml) eða BLUE LAGOON algae and mineral body lotion (200ml) þá færðu BLUE LAGOON algae and mineral sturtugel (200 ml) **að gjöf**

**Athugið að innritun hefst kl. 5.00**

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

**ATLAS** international
www.atlasinternational.com

# Húseignir á Spáni

## – Atlas fylgir þér alla leið –

**Ert þú í fjárfestinga hugleiðingum og ert búin að hugsa lengi?**

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð frá tæplega 7.000.000 íkr.
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leiguþjónusta
- 28 ára reynsla
- 68.000 viðskiptavinir









BENTLEY INTERNATIONAL PROPERTY AWARD WINNER 2005

# SÖLUSÝNING/OPIÐ HÚS

## í dag kl. 15 - 19

**Í HÚSI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS, MÖRKINNI 6**

Opið hús í 4 daga, þriðjud. 28. mars - föstud. 31. mars.

SPANISH PROPERTY AWARDS BEST ALMERIA PROPERTY 2005








**Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga**
**Sími: 586 2880 Gsm: 696 1960**
**www.atlasiceland.com**
**sales@atlasiceland.com**

Frum

EMANUEL SWEDBERG (1688-1772)
LÉST ÞENNAN DAG

*„Mannkynið er grunnurinn sem himnaríki byggir á.“*



***Sænski uppfinningamaðurinn Emanuel Swedberg sneri baki við vísindunum um miðjan aldur og einblíndi á trúarlegt líferni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 29. MARS 1973

# *Bandarískir hermenn yfirgefa Víetnam*

Á þessum degi árið 1973 fór síðasti bandaríski hermaðurinn frá Suður-Víetnam. Tveir mánuðir höfðu þá liðið frá því að friðarsamningur milli Bandaríkjanna, Norður- og Suður-Víetnam og Víetkong hafði verið undirritaður í París. Samningurinn kvað á um að allir stríðsfangar skyldu frelsaðir og var það gert á sama tíma.



**ÚR VÍETNAMSTRÍÐINU**

Við brottför hermannanna lauk beinum afskiptum Bandaríkjamanna af Víetnamstríðinu sem hafði þá staðið yfir í átta ár. Óbeinni þátttöku Bandaríkjanna var þó ekki lokið því sjö þúsund starfsmenn varnarmálaráðuneytis urðu eftir í Saígon til að aðstoða Suður-Víetnama í áframhaldandi stríði við Norðrið.

Þrátt fyrir friðarsamninginn og brottför hermannanna hélt stríðið áfram fram í apríl 1975. Þrítugasta apríl 1975 féll Saígon í hendur Norður-Víetnömum og þurfti þá að flytja síðustu bandarísku starfsmennina í brott með loftbrú. Seinna sama dag gáfust Suður-Víetnamar upp.

## MERKISATBURÐIR

**1638** Sænskir landnemar stofna byggðina Nýju-Svíþjóð þar sem nú er Delaware-ríki Bandaríkjanna.

**1947** Gos hefst í Heklu og voru þá liðin 102 ár síðan síðast hafði gosið í fjallinu.

**1961** Lög um launajöfnuð kvenna og karla eru staðfest á Alþingi. Stóð til að fullu jafnrétti yrði náð 1. janúar 1967.

**1985** Maður fellur í jökulsprungu í Kverkfjöllum og var ekki bjargað fyrr en eftir 32 klukkustundir.

**1999** Hlutabréfavísitalan Dow Jones er 10006.78 stig við lokun markaðar og í fysta sinn yfir 10.000 stiga markinu.

## AFMÆLI



**Guðrún Þ. Stephensen** leikkona er 75 ára.



**Þórir Baldursson** tónskáld er 62 ára.



**Laufey Steingrímsdóttir** matvælafræðingur er 59 ára.



**Hera Björk Þórhallsdóttir** söngkona er 34 ára.





**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásthildur Magnúsdóttir**

frá Tjaldanesi,

andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi fimmtudaginn 23. mars sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi fimmtudaginn 30. mars nk. og hefst athöfnin kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristjón, Hólmfríður og Lára Sigurðarbörn**
**Ásthildur, Guðrún og Þórarinn Magnúsarbörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Þorgeir Þórarinsson**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 30. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

**Helga Haraldsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Lúther Þorgeirsson** | **Bryndís Svavarsdóttir** |
| **Ragnhildur Jóna Þorgeirsdóttir** | |
| **Ragnar Rúnar Þorgeirsson** | **Penkae Phiubaikham** |
| **Haraldur Þorgeirsson** | **Helga Haraldsdóttir** |
| **Hafsteinn Þorgeirsson** | **Áslaug Jakobsdóttir** |
| **Sverrir Þorgeirsson** | **Birna Rut Þorbjörnsdóttir** |
| **Grétar Þorsteinsson** | **Diana Von Ancen** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
**- allt að 50% afsláttur**

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S·HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## HALLDÓRA BJÖRNSSDÓTTIR: FERTUG Í DAG

# Fékk strák í afmælisgjöf

Lítið hefur sést til Halldóru Björnsdóttur á fjölunum undanfarið enda hefur hún verið upptekin við annað verkefni. Hún átti lítinn dreng hinn nítjánda þessa mánaðar og verður í fæðingarorlofi allt næsta leikár.

Halldóra heldur upp á fertugsafmælið sitt í dag svo það má eiginlega segja að hún hafi fengið litla strákinn í æfmælisgjöf. „Það liggur við að ég gleymi því að ég eigi afmæli í þessu amstri,“ segir hún og hlær. Fyrir á hún tvær dætur, eina að verða sextán ára og aðra að verða tíu, en Halldóra var einmitt ófrísk af þeirri yngri þegar hún hélt upp á þrítugsafmælið.

Afmælisveislur Halldóru hafa vitaskuld litast af þessu barnaláni. „Þrítugsafmælið mitt var bara mjög nett enda var ég komin fimm mánuði á leið og bauð nokkrum vinum og kunningjum í mat heima. Núna breyti ég hins vegar fertugsafmælinu í skírnarveislu. Við ætlum að skíra hérna heima og vera með skírnartertu og kaffi fyrir fjölskylduna. Ætli ég bjóði ekki líka upp á kransaköku og kampavín í tilefni dagsins.” Mikil veisluhöld hafa ekki verið vaninn á stórafmælum Halldóru hingað til en hún útilokar ekki að það muni breytast. „Það hefur oft verið erfitt að finna góð helgarkvöld til að halda upp á afmælin því ég hef verið að leika mikið. En þar sem ég hef ekki verið partíhæf undanfarin stórafmæli verð ég bara að halda vel upp á fimmtugsafmælið.“

Garðveislur eru ekki í boði fyrir afmælisbörn marsmánaðar og að sögn Halldóru hefur gluggaveðrið verið í aðalhlutverki á afmælunum hennar. „Þá er komin vorlykt í loftið svona dag og dag og páskahátíðin á næsta leiti. Sú stemning er farin að ríkja á þessum tíma og það finnst mér mjög notalegt ef maður horfir framhjá páskahretinu. Það er orðið bjart og páskakraut og páskaliljur farnar að skjóta upp kollinum að ógleymdum páskaeggjunum. Mér er alltaf minnisstætt átta ára afmælið mitt sem bar upp á páskadag og ég fékk risapáskaegg í afmælisgjöf frá frænku minni. Þessi frænka var í uppáhaldi lengi á eftir,“ segir Halldóra.

Eftir afmælið og barneignarleyfið stígur Halldóra aftur á svið Þjóðleikhússins þar sem hún er fastráðin. Síðasta hlutverkið hennar var Hester Swan í leikritinu Mýrarljós og var hún tilnefnd til Grímuverðlauna fyrir frammistöðuna. Að sögn Halldóru stendur hún á tímamótum í leikhúslífinu um þessar mundir. „Í leikhúsinu breytist aðeins ferillinn hjá manni þegar maður verður fertugur. Maður hættir að skoppa um sviðið í líki ungra meyja og önnur hlutverk taka við, skemmtilegri og krefjast þeirrar reynslu sem maður hefur öðlast.“



**HALLDÓRA BJÖRNSDÓTTIR LEIKKONA** Eignaðist líka barn þegar hún var þrítug og heldur í þá venju að bjóða fjölskyldunni í kaffiboð á stórafmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## ANDLÁT

**Rósa Ólafsdóttir**, Vesturgötu 14a, lést á Heilbrigðisstofunun Suðurnesja sunnudaginn 19. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Hilmar Ölver Sigurðsson** lést í Gautaborg sunnudaginn 26. mars. Útför fer fram í kyrrþey.

**Kristín Kristjánsdóttir** frá Hnífsdal, Sjafnarvöllum 2, Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 26. mars.

**Karl Þorsteinsson**, Hörðalandi 6, Reykjavík, lést á krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 21. mars.

**Sigrún Lilja Eiríksdóttir**, Vatnsholti 3a, Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 24. mars.

**Þorleifur Óli Jónsson**, Hátúni 12, lést mánudaginn 20. mars. Úför hefur farið fram í kyrrþey.

**Jóna Þórðardóttir**, Ljósheimum 6, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 16. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Bjarnadóttir**, Lyngmóum 14, Garðabæ, lést á heimili sínu föstudaginn 24. mars.

**Guðrún Sigríður Steingrímsdóttir**, fyrrum húsfreyja í Laufási við Laufásveg, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík laugardaginn 25. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jón Ólafur Halldórsson**, Birkiholti 4, Bessastaðahreppi, verður jarðsunginn frá Bessastaðakirkju.

14.00 **Sigurbjörn Stefánsson** bóndi, Nesjum, verður jarðsunginn frá Hvalneskirkju miðvikudaginn 29. mars.

15.00 **Ingvi Elías Valdimarsson** húsasmíðameistari, Álfaheiði 8a, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

15.00 **Arnar Freyr Valdimarsson**, Efstuhlíð 25, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

# Ný frímerki

Í dag gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir. Verðgildi þeirra er frá fimmtíu til hundrað og sextíu krónur og þau eru úr ýmsum áttum.

Ein raðanna þriggja tengist bíósýningum og kvikmyndagerð á Íslandi en það er Hany Hadaya, grafískur hönnuður, sem teiknaði frímerkin. Fyrstu jepparnir eru svo innblástur í aðra frímerkjaröðina, sem Hlynur Ólafsson teiknaði. Fyrsti fjórhjóladrifni jeppi landsins var þýskur herjeppi af Tempo Vidal gerð en í seinni heimsstyrjöldinni komu jeppar frá Bandaríkjunum til landsins.

Þriðja frímerkjaröðin er með þema sem heitir „Náttúruvættir“. Um er að ræða svokölluð Norðurlandafrímerki og eru þau gefin út í samstarfi við hin Norðurlöndin. Hönnun var í höndum Dags Hilmarssonar.



**NÝ FRÍMERKI** Í röð sem tengist bíósýningum og kvikmyndagerð.


tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU-
KLEFAR
MEÐ ÖLLU
tilboð!
80x80 eða 90x90
Öryggisgler
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 66.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15






## STUÐ MILLI STRÍÐA Launum þeim lambið gráa

**STEINÞÓRI HELGA ARNSTEINSSYNI** ER ILLA VIÐ DANI.



Ég hef lúmskt gaman af útrás íslensku fyrirtækjanna og skemmtilegast finnst mér af öllu hversu illa við höfum leikið frændur okkar Dani. Hvert stolt Dana á fætur öðrum hefur verið að falla og sér ekki fyrir endann á sigrum Íslendinga í landi okkar fornu einveldisherra. Ég veit ekki af hverju og ég ætla ekki að fara nein rök fyrir því en mér er einfaldlega illa við Dani. Í raun fara fáar þjóðir eins hrikalega í taugarnar á mér og þessi ágæta þjóð. Svona er þetta bara, Gettu betur nördar fara í taugarnar á sumum á meðan mörgum er meinilla við Bandaríkjamenn. Kannski er þetta öfund, ég veit það ekki, en þess vegna kemur illkvittnislegt bros á varir mínir þegar ég heyri af glæstum sigrum íslenskra viðskiptajöfra í Danmörku. Ég vil hins vegar hvetja þessa viðskiptajöfra til þess að ganga skrefinu lengra. Ég vil að við kaupum það sem stendur Dönum næst hjartastað. Við getum byrjað á því að kaupa Tívólíið í Kaupmannahöfn. Skiptir engu máli þó að það skili litlum sem engum hagnaði enda er „money not a problem“ fyrir okkur Íslendingana. Bara að geta sagst eiga þetta Tívólí, stungið tungunni út í loftið og bætt -ið aftan við sjálft Tivoli-merkið væri nóg fyrir mig. Legoland er líka góður kostur ef við viljum stríða Dönum enn meira. Skítkastið frá dönsku bönkunum að undanförnu hefur líka gert mig enn pirraðri í garð Dana. Nú er kominn tími til að sverfa til stáls og launa Dönum lambið gráa. Áfram Jón Ásgeir, áfram Hannes, áfram Gunnar Smári, áfram Lýður og áfram Róbert. Síðan þegar við höfum lagt Danmörku undir okkur getum við farið að snúa okkur að Kananum. Ég meina að taka varnarliðið í burtu án þess að tala við kóng né prest. Hvílík svívirðing! Enginn kemst upp með svona yfirgang gegn víkingunum í norðri. Bandaríkin eru hins vegar meira svona langtíma verkefni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



GÓÐAR BYLGJUR Í LOFTINU

# BYLGJAN 20 ÁRA

Í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á útliti og starfsemi Bylgjunnar. Bylgjan hefur fengið andlitslyftingu með nýju merki og hljómar nú enn betur. Létt 96,7 heitir nú Létt Bylgjan, en einnig hafa bæst við nýjar stöðvar, Gull Bylgjan og Ný Bylgjan. Þú getur fundið þína Bylgju á bylgjan.is eða Digital Ísland.

Bylgjan heldur sínu striki eftir 20 ára starfsemi með fréttum, fróðleik og bestu tónlistinni. Bylgjan er send út á FM 98,9, bylgjan.is og Digital Ísland.

BYLGJAN 989

LÉTT BYLGJAN 967

Létt Bylgjan hefur starfsemi sína á grunni Létt 96,7 og spilar þægilega tónlist, með stuttum innkomum dagskrágerðarmanna sem gott er að hlusta á í amstri dagsins. Létt Bylgjan er send út á FM 96,7, bylgjan.is og Digital Ísland.

GULL BYLGJAN VEFRADIO

Á Gull Bylgjunni munu gömlu góðu lögin frá 1960 til 1980 hljóma á öllum tímum dagsins. Gull Bylgjan er send út á vefnum og er hægt að hlusta á hana á bylgjan.is og Digital Ísland.

NÝ BYLGJAN VEFRADIO

Ný Bylgjan spilar nýbylgjutónlist frá áttunda áratugnum til þess nýjasta í dag. Ný Bylgjan er send út á vefnum á bylgjan.is og Digital Ísland.

GOTT FÓLK McCANN

**! Kl. 20.30**

*Tónverk Gunnars Þórðarsonar, Brynjólfsmessa, verður flutt í Grafarvogskirkju. Kórar Grafarvogskirkju, Skálholtsdómkirkju og Keflavíkurkirkju flytja verkið ásamt einsöngvurunum Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni og hljómsveitinni Jóns Leifs Camerata. Stjórnandi Hákon Leifsson.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Íslenskar bækur út

Forleggjarar JPV hafa verið ötulir með pennann undanfarið og gengið frá útgáfusamningum við forlög á meginlandinu sem hyggjast gefa út þýðingar á verkum íslenskra höfunda. Fyrst ber að nefna að Svanurinn, skáldsaga Guðbergs Bergssonar frá árinu 1991, hefur verið seld til Hollands en bókin hefur þegar komið út á tólf tungumálum og hlotið frábærar viðtökur. Útgáfurétturinn á Tíma nornarinnar eftir Árna Þórarinsson, einnar söluhæstu bókar síðasta árs, hefur verið seldur til Þýskalands, Ítalíu, Noregs, Finnlands, Danmerkur og Hollands fyrir metfé en nýlega bættust Frakkland og Tékkland við og fleiri samningar kunna að vera í bígerð.

Metsölubókin Valkyrjur eftir Þráin Bertelsson hefur einnig verið seld til Þýskalands en DTV, einn stærsti útgefandi þar í landi, hreppti hnossið þegar þýsku forlögin bitust um verkið, en forlagið vinnur ennfremur að frekari útbreiðslu á öðrum verkum Þráins.



GUÐBERGUR BERGSSON RITHÖFUNDUR

## > Ekki missa af...

Barnaleikritinu Hodja frá Pjort sem sýnt er hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar. Verkið byggir á sögu Ole Lund Kirkegaard en leikstjóri er Ármann Guðmundsson.

Hljómsveitunum Hoffman og Benny Crespo's Gang sem leika á Dillon á morgun kl. 22.30. Ókeypis inn.

Sýningunni „Stað úr stað“ eftir Örnu Valsdóttur á Café Karólínu og „Týnda fiðrildinu“ hans Óla G. á Karólínu Restaurant.










# Léttleikandi óperetta

**Óperettan Nótt í Feneyjum eftir Johann Strauss verður frumsýnd í kvöld. Ungir og upprennandi söngvarar stíga þar á svið á vegum Óperustúdíós Íslensku óperunnar.**

Þetta er þriðja sýningin á vegum Óperustúdíósins og sú viðamesta til þessa en Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri sýningarinnar, segir að þetta tækifæri sé mikilvægt fyrir alla aðstandendur sýningarinnar. „Allir söngvararnir eru nemar og hljómsveitin er líka skipuð nemendum en leikstjórinn og aðrir eru atvinnumenn. Sýningin er síðan unnin alveg eins og venjuleg sýning hjá Íslensku óperunni. Krakkarnir fá þannig að kynnast því hvernig það er í raun og veru að vinna í óperuhúsi og setja upp alvöru óperusýningu.“ Þetta er í fyrsta skipti sem Daníel starfar með Óperustúdíóinu en hann stundar nám í hljómsveitarstjórn í Freiburg í Þýskalandi.

**Afdrifarík nótt**

Daníel segir að Nótt í Feneyjum sé mjög hefðbundin óperetta eftir Strauss. „Það er mjög létt yfir þessu verki og músíkin er einkennandi fyrir Strauss – mjög skemmtileg og dálítið áhyggjulaus.“ Verkið hefur verið staðfært að hluta og nú gerist farsakennd atburðarásin í Reykjavík nútímans en aðalpersónan, hertoginn Herzog sem heldur afdrifaríkan grímudansleik í verkinu, er slagarasöngvari sem gengur undir nafninu Partí-Hans. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi óperetta Strauss er flutt hérlendis en höfundurinn samdi alls 16 óperettur á ferli sínum, þar á meðal Leðurblökuna og Sígaunabaróninn.

**Viðamikil sýning**

Um fimmtíu manns mættu í áheyrnarprufu vegna verkefnisins í haust svo ljóst var frá upphafi að örðugt myndi reynast að gera upp á milli margra hæfileikaríkra söngnema. Alls taka um áttatíu manns þátt í uppsetningunni, þar af fimmtán einsöngvarar, fjörutíu manna hljómsveit skipuð nemendum úr tónlistarskólunum á höfuðborgarsvæðinu og ellefu manna kór. Sýningunni er leikstýrt af Uschi Horner en Kurt Kopecky, tónlistarstjóri óperunnar, hefur umsjón með Óperustúdíóinu.

Aðeins sex sýningar verða á óperettunni en verkið er frumsýnt í kvöld kl. 20.00.



**ÓPERETTAN NÓTT Í FENEYJUM FRUMSÝND Á ÍSLANDI** Ásgeir Páll Ágústsson söngvari í kröppum dansi. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

# Forðist okkur – Fermið okkur

Þeir sem misstu af sótsvörtu kómedíunni Forðist okkur eftir Hugleik Dagsson geta tekið gleði sína því leiksýningin fer aftur á fjalirnar í Borgarleikhúsinu nú á vordögum. Valur Freyr Einarsson, leikari og forsprakki leikhópsins Common Nonsense, er einn af aðstandendum sýningarinnar sem sló eftirminnilega í gegn fyrr í vetur en hann segir að aðsóknin hafi verið vonum framar.

Verkið er unnið upp úr rómantískum en ósmekklegum hugmyndaheimi Hugleiks sem birtist í myndasögubókunum Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur en Valur kveðst strax hafa séð heilmikið leikhús í bókunum. „Hugleikur er mikill sagnamaður og hann spann þessar sögur saman fyrir okkur en í leikritinu sjáum við hvað gerist bæði fyrir og eftir augnablikin sem sjást í bókunum.“

Valur segir að verkinu hafi verið vel tekið af öllum aldurshópum en það hafi komið honum nokkuð á óvart að leikhúsgestir í eldri kantinum hafi líka sýnt verkinu mikinn áhuga. „Sýningin spurðist svo vel út,“ segir Valur en samstarfi Hugleiks og Common Nonsense er langt því frá lokið því Hugleikur vinnur nú að söngleiknum Legi sem leikhópurinn mun setja upp á næsta leikári.

Meinsemdir nútímamannsins í allri sinni dýrð og ljótleika leika lausum hala á sviðinu en Valur áréttar að verkið sé kómedía með sterkar meiningar, en móralskur boðskapur verksins sé kominn úr stemningu bókanna. „Hugleikur fær sinn innblástur úr nútímanum, úr DV og öðru slíku,“ segir Valur og bendir á að persónur verksins séu ekki beinlínis aðlaðandi. „Það er kannski það sem fólk ætti að forðast, að verða eins og þessar persónur.“

Leikstjórar sýningarinnar eru Stefán Jónsson og Ólöf Ingólfsdóttir en um leikmynd sér Ilmur Stefánsdóttir. Aðeins tíu aukasýningar verða á Forðist okkur að þessu sinni. Hinar fyrri verða nú um helgina og hinar síðari næstu tvær helgar. Nú á föstudaginn verður líka haldin fermingarveisla í anddyri Borgarleikhússins til að fagna útkomu bókarinnar Fermið okkur eftir Hugleik en hann mun troða upp ásamt Hljómsveit Benna Hemm Hemm og frumflytja lag í tilefni dagsins. -khh



**FORÐIST OKKUR** Magnea Björk Valdimarsdóttir í hlutverki sínu.



**VALGEIR SKAGFJÖRÐ OG MAGRÉT SVERRISDÓTTIR LEIKA Í RITA GENGUR MENNTAVEGINN** Hárgreiðslustúlkan Rita vill meira úr út lífinu og skráir sig í háskóla.

# Rita og menntunin

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**Rita**
Kláus/Iðnó

**Höfundur:** Willy Russell. **Leikarar:** Margrét Sverrisdóttir og Valgeir Skagfjörð. **Leikmynd og hönnun:** Jóhannes Dagsson. **Þýðandi og leikstjóri:** Oddur Bjarni Þorkelsson.

**Niðurstaða:** Misræmi gætir í túlkun leikaranna, Valgeir Skagfjörð skilaði sínu af öryggi en það skorti blæbrigði og tilfinningu í túlkun Margrétar Sverrisdóttur.

Það var dálítið eins og að hitta gamla skólasystur að sjá Ritu (Educating Rita) í uppfærslu Kláus leikhópsins í Iðnó. Verkið naut á sínum tíma gríðarlegra vinsælda og varð margri konunni í hinum vestræna heimi án efa hvatning til þess að verða sér úti um þá menntun sem hugurinn stefndi til. En Rita er barn síns tíma, verk sem var skrifað í skýrt stéttskiptu samfélagi, þar sem ekki var hvatt til þess að konur úr lágstétt hífðu sig upp til mennta.

En þótt möguleikar kvenna hafi breyst frá ritunartíma Ritu, hefur flætt yfir okkur slíkur haugur af kven-forheimskandi efni í formi sjónvarpsþáttaraða á seinustu árum, að það er kannski allt í lagi að ýta við ungum stúlkum í dag, minna þær á að lífið snýst ekki um skó og föt og hvort þær ná sér í karl í dag eða á morgun.

Rita á sér þann draum að hefja sig upp úr því hjólfari sem hún spólar í alla daga. Hún er tuttugu og sex ára, vinnur á hárgreiðslustofu, er gift og eyðir kvöldunum á hverfiskránni. En hún vill annað og meira og þegar hún lætur skrá sig í háskólanám, lendir hún í einkaleiðsögn hjá hinum alkohóliseraða Frank sem er hundleiður á starfinu, hefur ekkert álit á nemendum sínum, enn minna álit á sjálfum sér og vildi helst af öllu fá að eyða lífinu á kránni. Hann heillast af Ritu í byrjun og vill alls ekki að hún breytist. Hún er jú fulltrúi þess sem hann þráir; áreynslulaust líf sem stefnir ekki neitt. Rita nær árangri í sínum markmiðum og það má segja að Frank geri það líka en þau mætast aldrei á vegferð sinni. Þegar upp er staðið, er Rita horfin af hverfiskránni, Frank að hverfa af skrifstofu sinni og kennsluherbergi.

Í hlutverkum Ritu og Franks eru þau Margrét Sverrisdóttir og Valgeir Skagfjörð. Valgeir túlkaði Frank af öryggi, kom þessum lífsþreytta manni sem hefur svo gersamlega misst sjónar á öllum tilgangi vel til skila, hvort heldur var hroka hans og yfirlæti þegar hann hittir Ritu fyrst, ferlið þar sem hann fellir grímuna fyrir henni, missir stjórn á drykkjunni eða niðurlægingunni sem hann má þola í lokin. Hins vegar er nokkurt misræmi í leik og túlkun þeirra Valgeirs og Margrétar. Það er eins og hún hafi ekki náð að tileinka sér hlutverk Ritu. Þótt Margrét flytji textann skýrt, buni honum viðstöðulaust út úr sér, vantar blæbrigðin, tilfinninguna fyrir því sem hún er að segja. Líka í augunum og alveg sérstaklega þar. Sú þróun sem verður á persónunni kemst ekki til skila.

Umgjörð sýningarinnar er einföld og þjónar henni vel. Hvað búninga varðar, þá undirstrikar búningur Franks prýðilega, jafnvel skoplega þennan arma mann en gera lítið til að hjálpa Margréti að finna persónu Ritu og þróa hana frá lágstéttarkonu yfir í menntakonu. Þótt hún skipti úr gallabuxum yfir í pils, er hún í svipuðum stíl frá upphafi til enda. Þegar upp er staðið á maður allt eins von á að hún fari bara aftur að vinna á hárgreiðslustofunni. Maður spyr sig: Til hvers var hún að þessu? Og maður spyr sig: Hvað vildi leikstjórinn segja okkur með þessari sýningu?


ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning mið. 29. mars kl. 20** - Örfá sæti laus
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Glitnir er bakhjarl
Óperustúdíós Íslensku óperunnar
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 nokkur sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 örfá sæti laus, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 nokkur sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbbur Múlans - Tríó Jóns Páls Bjarnasonar** Í kvöld mið. 29/3 kl. 21:00
**Leiklistarsamband Íslands - Hvað kemur þetta okkur við?** Lau. 1/4 kl. 15:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Fö 31/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 AUKAS
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 30/3 kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING UPPS
Lau 1/4 kl. 20 UPPS. Su 2/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í MAÍ

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20 UPPS.
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20

DANSleikhúsið
Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

SÖNGLIST
Lau 1/4 kl. 14:30 Su 2/4 kl. 12:00
Su 2/4 kl. 15 Má 3/4 kl 17

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

SÍÐUSTU SÝNINGAR
TYPPATAL
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðvikudagur 12. apríl
Laugardagur 15. apríl
Miðvikudagur 19. apríl
Miðasala í síma 575 1550, verslunum Skífunnar og www.midi.is

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
SÍÐASTA SÝNING Á HIMNARÍKI
Fös. 31. mars. kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**HJÓNARÚM** Aftab kveðst hafa verið í lyfjamóki þegar hann mælti orðið skilnaður í hjónarúminu.

## *Skildi við eiginkonuna í svefni*

Þrítugur Indverji að nafni Aftab Anari, gerði eiginkonu sinni, Sohelu, óþægilegt rúmrusk á dögunum og hefur verið gert að yfirgefa hana eftir að hann skildi við hana fyrir slysni í svefni.

Aftab muldraði orðið „talaq", sem þýðir skilnaður á úrdu-máli, þrisvar sinnum í svefni, en samkvæmt lögum múslima þarf eiginmaður aðeins að segja „ég skil við þig," þrisvar sinnum til að tryggja sér skilnað. Atvikið spurðist út eftir að Sohela deildi áhyggjum sínum með vinum sínum. Í kjölfarið komust þorpsöldungarnir á snoðir um málið og ályktuðu að Aftab hafi sannarlega skilið við konu sína til ellefu ára, þótt rænulaus væri. Aftab getur hins vegar ekki hugsað sér að vera fjarri hlýju hjónasængur og segist hafa verið undir áhrifum svefnlyfja þegar hann mælti óheillaorðið í þrígang. Áður en hjónaleysin geta gift sig á ný verða þau lögum samkvæmt að vera aðskilin í að minnsta kosti hundrað daga og Sohela þarf þar að auki að rekkja hjá öðrum manni. Að sögn hefur parið neitað að verða við úrskurði öldunganna og eiga yfir höfði sér að vera útskúfað.

# Vala veggfóðrar París

Lífsstíls-og hönnunarþátturinn Veggfóður var á ferð í París á dögunum. Afraksturinn verður sýndur í þættinum í kvöld þar sem lystisemdir Parísar verða kynntar. Vala Matt og Hálfdán Steinþórsson voru alsæl með ferðina og sér í lagi matarmenningu þeirra Frakka.

„Við hittum nokkra Íslendinga sem búa í París og fengum þá til að mæla með bestu stöðunum í borginni. Mér fannst þrír veitingastaðir algerlega standa upp úr og það var hreint ævintýri að skoða þá. Þar sem ég elska að fara á skemmtilega veitingastaði með góðum mat þá finnst mér gaman að geta mælt með veitingastað sem er efst uppi á Pompidousafninu. Hann er ofboðslega flottur og speisaður. Maturinn var mjög léttur og góður og hönnunin öll óskaplega sérstök, þetta var eins og að vera á geimskipi. Út af staðnum er hægt að ganga út á risastóran pall og þaðan er útsýni yfir alla París. Svo skoðuðum við Hótel Costef sem er í þessum rómantíska gamla Parísarstíl. Veitingastaðurinn á hótelinu er ótrúlega vinsæll og oft má rekast á stórstjörnur á borð við Johnny Depp og Vanessu Paradis," segir Vala himinlifandi með ferðina. Hún nefnir líka veitingastaðinn Kong sem hannaður er af Phillip Stark en atriði úr þættinum Beðmálum í borginni var tekið upp á staðnum þegar Carrie Bradshaw elti ástina til borgar ástarinnar. ■



**VALA MATT Í PARÍS**









# Scarlett kynþokkafyllst

**Lesendur karlatímaritsins FHM hafa valið kynþokkafyllstu konu heims í árlegri kosningu tímaritsins og komu niðurstöðurnar mörgum á óvart.**

Scarlett Johansson hefur verið valin kynþokkafyllsta kona heims af lesendum karlatímaritsins FHM og veltir hún þar með sjálfri Angelinu Jolie sem vermt hefur efsta sætið um nokkurt skeið úr sessi. Hvort ástarblossinn sem kviknaði á milli Jolie og Pitt hafi eitthvað með það að gera skal ósagt látið en þær voru vissulega funheitar senurnar sem Johansson sást leika í kvikmynd Woody Allen, Match Point.

Johansson var að vonum ánægð með þennan titil enda sagði hún að þetta væri eitt það fallegasta sem nokkur maður gæti sagt við konu. „Ég vil þakka lesendum blaðsins fyrir hrósið," sagði leikkonan þegar henni var tilkynnt um þennan heiður.

Angelina Jolie hefur látið fara lítið fyrir sér að undanförnu og hefur að mestu einbeitt sér að sambandi sínu og hjartaknúsarans Brads Pitt en það samband hefur verið með eindæmum vinsælt á síðum slúðurblaðanna. Leikkonan Jessica Alba hreppti þriðja sætið í þessari árlegu könnun og barmgóða söngkonan Jessica Simpson hafnaði í fjórða. Af öðrum stórstjörnum á topp tíu-listann má nefna óskarsverðlaunaleikkonuna Halle Berry og Keiru Knightley.



**JESSICA SIMPSON** Barmgóða söngkonan skildi við eiginmann sinn Nick Lachey fyrir nokkru og þeir eru ófáir sem vildu hugga stúlkuna.



**SCARLETT JOHANSSON** Var valin kynþokkafyllsta kona heims af lesendum FHM og var að vonum mjög þakklát fyrir kosninguna
FRÉTTABLAÐIÐ /GETTY IMAGES



**ANGELINA JOLIE** Hefur lengi vermt efsta sætið en nú hefur henni verið velt úr sessi. Ástarsamband hennar við Brad Pitt hefur átt þar einhvern hlut að máli.



**HALLE BERRY** Þykir æði fögur og hefur sjaldan eða aldrei verið óféimin við að sýna glæsilegan vöxt sinn. Hún hefur oftar en ekki verið ofar á listanum.



**KEIRA KNIGHTLEY** Er oft á topp tíu-lista yfir kynþokkafullar konur en stúlkan barnunga fagnar nú 21 árs afmæli sínu með drykkjuferð um Bandaríkin.



**JESSICA ALBA** Leikkonan var flott í gæðamyndinni Sin City en fátt annað gladdi augað í Into the Blue.


**Brynjólfsmessa**
**eftir Gunnar Þórðarson**

***Í Grafarvogskirkju miðvikudagskvöld 29. mars, kl 20.30.***



Kirkjukórar Keflavíkurkirkju, Skálholtskirkju og Grafarvogskirkju og barna- og unglingakórar kirknanna flytja Brynjólfsmessu. Einsöngvarar eru Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran og Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór. Kammersveitin Jón Leifs Camerata leikur undir Kórstórar eru Hilmar Örn Agnarsson, Hörður Bragason, Oddný Jóna Þorsteinsdóttir og Helga Magnúsdóttir. Stjórnandi er Hákon Leifsson.

**Aðgöngumiðar á tónleikana verða til sölu hjá kórfélögum og hjá kirkjuvörðum í Grafarvogskirkju frá kl. 16-19 og í anddyri fyrir tónleika.**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Litið verður inn til arkitektsins Björns Ólafs sem búsettur er í París og verður óhefðbundin íbúð hans skoðuð hátt og lágt. Sigríður Klingenberg sýnir okkur ævintýralega íbúð sína og við notuðum einnig gullið tækifærið og skoðuðum heitustu staði Parísarborgar. Þetta og margt fleira í þættinum í kvöld.

# LÍFSTÍLL ÍSLENDINGA Í PARÍS

Veggfóður í kvöld kl. 20:05









# Stórt stökk Ókindar

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Hljómsveitin Ókind kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún lenti í öðru sæti í Músíktilraunum 2002 á eftir Búdrýgindum.

Ári síðar gaf hún út sína fyrstu plötu, Heimsendi 13, sem sýndi að sitthvað bjó í sveitinni þrátt fyrir að heildarsvipurinn hafi ekki verið nógu sannfærandi.

Önnur plata Ókindar, Hvar í Hvergilandi, er stórt stökk frá frumburðinum og færir hana framarlega í flokk íslenskra rokksveita.

Platan er full af melódískum og kröftugum rokklögum þar sem rífandi gítarinn er jafnan í forgrunni. Ekki skemmir fyrir að sungið er á íslensku sem telst til stórtíðinda nú til dags. Sísta lagið á plötunni var Sem hreyfast en önnur stóðu fyllilega fyrir sínu.

Stundum minnir tónlistin á Botnleðju og stundum á Muse en fyrst og fremst hefur Ókind tekist að skapa sinn eigin stíl þar sem sérstæður söngurinn og öflugur gítarinn er í aðalhlutverki. Textarnir eru jafnframt frumlegir og skemmtilegir þar sem þjóðfélagsádeilan kraumar undir niðri.

**Freyr Bjarnason**




**ÓKIND: HVAR Í HVERGILANDI**

NIÐURSTAÐA:

**Fyrirtaks** rokkplata frá Ókind. Flottur gítarleikurinn, sérstæður söngurinn og góðar melódíurnar leggja lóð sín á vogarskálarnar.

# Manchester-veisla í Laugardalshöll

Mikil tónlistarveisla verður haldin í Laugardagshöll þann 6. maí þegar Badly Drawn Boy, Echo and the Bunnymen, Elbow, Trabant, Benni Hemm Hemm og sigurvegarar Músíktilrauna 2006 troða upp.

Tilefni tónleikanna er að loksins er búið að koma á tengingu flugleiðis á milli Íslands og Manchester. Hér leiða saman hesta sína nokkrir af þekktustu listamönnum svæðisins auk hljómsveita frá Íslandi sem vakið hafa verðskuldaða athygli undanfarin misseri.

Þegar tónleikunum lýkur í Laugardalshöllinni hefst sannkallað indípartý á Nasa. Þar mæta til leiks plötusnúðarnir Óli Palli og Andy Rourke en Andy er fyrrverandi bassaleikari Manchester-sveitarinnar Smiths. Aðgangur inn á Nasa verður ókeypis fyrir gesti Laugardalshallarinnar á meðan húsrúm leyfir en fyrir aðra 1000 kr.

Miðasala á tónleikana í Höllinni hefst föstudaginn 7. apríl kl. 10 á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT út um allt land.

Miðaverð er 2600 kr. í stæði og 3700 kr. í stúku. ■



**BADLY DRAWN BOY** Tónlistarmaðurinn Damon Gough, betur þekktur sem Badly Drawn Boy, spilar í Höllinni í maí. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES











**MICHAEL JACKSON** Popparinn hyggur á endurkomu í tónlistarbransann á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Jackson með samning

Michael Jackson hefur gert útgáfusamning við plötufyrirtækið 2 Seas sem er til húsa í Bahrain þar sem popparinn hefur búið að undanförnu.

Eigandi fyrirtækisins er Abdulla Hamed Alkhalifa, prins í furstaríkinu. Slagorð þess er „með fólk í fyrirrúmi“.

Jackson fluttist til Bahrain eftir að hann var sýknaður af ákæru um kynferðislegt ofbeldi gegn ungum pilti á síðasta ári. Hann hefur verið að vinna að nýrri smáskífu til styrktar fórnarlömbum fellibyljarins Katrina sem gekk yfir Bandaríkin á síðasta ári. ■




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:30 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 5:15-10:30 | |
| EIGHT BELOW | BYLGJUFORSÝNING KL. 8 | |
| EIGHT BELOW VIP | BYLGJUFORSÝNING KL. 8 | |
| THE MATADOR | KL. 4-6-8-10:10 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 6-8-10:10 | B.I. 16 |
| SYRIANA | KL. 10:45 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10:10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BIG MOMMAS HOUSE 2 | KL. 8-10 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |
| THE MATADOR | KL. 8-10 | B.I. 16 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | FORSÝNING KL. 8 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 5:50 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 5:20-8-10:40 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8 | |
| SYRIANA | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




## Franskur Fjalaköttur

Fram til 23. apríl verður franskur mánuður á veitingastaðnum Fjalakettinum í Aðalstræti. Franskra áhrifa hefur alltaf gætt í matreiðslu veitingastaða hérlendis þó síðari ár hafi hin svokallaða bræðingsmatreiðsla eða „fusion“ verið meira áberandi. Bræðingseldhúsið er í grunninn blanda af frönsku eldhúsi og austurlenskri matreiðslu en hefur þróast í það að vera frjáls matreiðsla og jafnvel ógguð að mati sumra.

Matreiðslumeistararnir á Fjalakettinum hafa kosið að leita í klassíkina og sett saman skemmtilegan matseðil sem byggir á þeim gömlu og góðu gildum sem einkenna franskt eldhús. Að sjálfsögðu verður einnig boðið upp á gott úrval góðra vína og má nefna Willm og René Muré frá Alsace, Pierre Andre frá Bourgogne, Sancerre frá Loire og að sjálfsögðu Bollinger. Einnig verður á boðstólum úrval af því besta sem Bordeaux hefur upp á að bjóða eins og Chateau Petrus sem er eitt dýrasta vín í heimi. Þess ber að nefna að Fjalakötturinn ætlar að selja þessi vín með afar vægri álagningu.

# Útgáfusamningi fagnað í kvöld

Hljómsveitin Cynic Guru heldur tónleika á Nasa í kvöld til að fagna útgáfusamningi við breska plötufyrirtækið Fat Northerner Records.

Fyrsta smáskífulagið af plötunni Iceland, Drugs, verður gefið út í Bretlandi 12. júní. Í tilefni þess ætlar sveitin í tónleikaferð um Bretland frá 1. til 10. júní. Með henni í för verður Skagasveitin Worm is Green. Cynic Guru ætlar einnig í tónleikaferð um Japan síðar á árinu en platan var gefin þar út fyrir rúmum mánuði.

„Þetta verður fyrsta tónleikaferðin okkar til útlanda,“ segir Roland Hartwell, forsprakki Cynic Guru. Hann segir að þátttaka sveitarinnar í Iceland Airwaves-tónleikahátíðinni í fyrra hafi vakið athygli utan landsteinanna. „Við vorum á Iceland-Airwaves safnplötunni með lagið Drugs. Diskurinn fylgdi síðan með tímaritinu Music Week og það voru tvö fyrirtæki sem heyrðu lagið og leist mjög vel á,“ segir Roland, sem er vitaskuld mjög spenntur fyrir tónleikaferðinni.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.00. Dean Ferrell og The Teleford Mining Disaster sjá um upphitun. Aðgangseyrir er enginn.



**CYNIC GURU** Hljómsveitin Cynic Guru heldur tónleika á Nasa í kvöld.





betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage

*Allt í tælenska matinn*

na na thai

Skeifan 4 • s. 5881818





## Þór/KA upp í efstu deild

Sameiginlegt lið Þórs og KA hefur þegið boð KSÍ um að taka þátt í Landsbankadeild kvenna í sumar. ÍBV ákvað að senda ekki kvennalið, ekki frekar en ÍA sem féll úr deildinni í fyrra. Þór/KA lék umspilsleiki gegn FH um sæti í efstu deild síðastliðið haust en tapaði þeim, samt sem áður fá þær tækifæri núna til að spila á meðal þeirra bestu.

# sport

sport@frettabladid.is

GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR, MARKMAÐUR VALS: FRÁ Í MARGA MÁNUÐI VEGNA KROSSBANDASLITS

## *Martröð hvers knattspyrnumanns*

„Við vissum að þetta væri alvarlegt, en vonuðumst til að það yrði ekki jafn alvarlegt og þetta,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, um markmann sinn Guðbjörgu Guðmundsdóttur sem er með slitið krossband og verður frá í að minnsta kosti sjö mánuði. Guðbjörg er á leiðinni í aðgerð áður en ströng endurhæfing tekur við en þetta er gríðarlegt áfall fyrir hana og Valsliðið.

„Við spiluðum við Stjörnuna á fimmtudaginn í síðustu viku í níu stiga frosti og hún var ekki búin að hafa ýkja mikið að gera og því stóð hún kyrr ansi mikið. Svo kemur sending til baka og hún ætlar að sparka frá en þá fer krossbandið bara í löppinni sem hún stígur í. Það er skrýtið með krossbandameiðsli að oft fer þetta þegar enginn á von á því, ekki þegar um tæklingu er að ræða eða slíkt,“ sagði Elísabet en Guðbjörg er aðalmarkmaður U21 árs landsliðs Íslands og varamarkmaður aðallandsliðsins.

„Guðbjörg var eini markmaðurinn okkar. Þetta er síðasta staðan sem við máttum missa út úr. Íslenskir markmenn í kvennaknattspyrnunni standa ekki í röðum og það er lítið úrval af mjög góðum markmönnum. En við leysum þetta fyrir sumarið og við ætlum að vera með tvo markmenn. Við höfum alla anga úti og erum búin að vera að tala við Ásu Dögg Aðalsteinsdóttur sem er hjá klúbbnum sem við erum að reyna að ná samingum við,“ sagði Elísabet en Ása er markmaður U-19 ára landsliðs Íslands.



Valsstúlkur eru á leiðinni til La Manga á Spáni þar sem þær mæta þremur norskum úrvalsdeildarklúbbnum. „Það er ekki gæfulegt að fara markmannslaus út í þetta verkefni en við leysum það eins og annað,“ sagði Elísabet að lokum.

### > Golflandsliðið á Spáni

Íslenska landsliðið í golfi er komið til Spánar þar sem það keppir á Sherry-mótinu í golfi sem hefst í dag. Keppnin fer fram á Sodogrande-svæðinu á suðurhluta Spánar frá 29. mars til 1. apríl. Þetta er fjögurra daga mót og er bæði einstaklings- og liðakeppni, þar sem þrjú bestu skorin telja í karlaflokki og tvö bestu í kvennaflokki. Í framhaldi af mótinu verður Staffan Johansson landsliðsþjálfari með æfingabúðir fyrir íslenska landsliðið en Ólöf María Jónsdóttir kemur til Spánar frá Bandaríkjunum á morgun og sama dag kemur Birgir Leifur Hafþórsson til móts við landsliðshópinn frá Lúxemborg.



Sigfús Sigurðsson:

## Ekki á leið til Flensburg

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Sigfús Sigurðsson sagði við Fréttablaðið í gær að fátt benti til þess lengur að hann færi til þýska úrvalsdeildarfélagsins Flensburg.

Magdeburg hefur sagt Sigfúsi að leita á önnur mið og nokkur lið í Þýskalandi og Skandinavíu hafa sýnt honum áhuga og eitt þeirra var stórlið Flensburg.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fjársterk félög í Danmörku séu að íhuga það alvarlega að bjóða Sigfúsi samning en aukinn peningur er kominn í danska boltann og þeir bestu njóta góðs af því.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

26 27 28 **29** 30 31 1

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Haukar** og **ÍS** mætast í Iceland Express-deild kvenna.

**SJÓNVARP**

- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Lyon gegn AC Milan. Inter gegn Villarreal á Sýn Extra.
- 22.35 **Formúlukvöld** á Rúv.
- 22.45 **Meistaramörk** á Sýn.




# Leikmenn frjálsir ferða sinna fái þeir ekki greidd laun í tvo mánuði

**Ársþing HSÍ fer fram á föstudag en tæplega sjötíu tillögur bíða afgreiðslu á þinginu. Þar af eru nokkrar mjög áhugaverðar tillögur en athygli vekur að fá félög sjá ástæðu til þess að leggja fram tillögur.**

**HANDBOLTI** 49. ársþing HSÍ fer fram í íþróttamiðstöðinni í Laugardal á föstudag og bíða 67 tillögur afgreiðslu þannig að það verður væntanlega handagangur í öskjunni.

Meðal þess sem vekur athygli í ár eru tillögur frá dómaranefnd HSÍ sem miða að því að að bæta starfsumhverfi dómara og að fá fleiri dómara inn í starfið enda hefur nýliðunin ekki verið eins og best verður á kosið. Mælt er með því að félög séu skikkuð til að halda úti ákveðnum fjölda dómara og uppfylli þau ekki ákveðin skilyrði er varða dómaramál í félaginu fái þau ekki keppnisleyfi. Einnig vekur athygli að sektir aganefndar sem verið hafa litlar 30 þúsund krónur eru hækkaðar í 250 þúsund samkvæmt einni tillögunni.

Tvær tillögur liggja fyrir þinginu er varða félagaskipti á Íslandi en sárlega hefur vantað glugga í janúar af ýmsum ástæðum. Ein tillagan mælir með lengingu frá júní til loka janúar en hin mælir með að glugginn opni einfaldlega aftur í janúar.



**EINAR ÞORVARÐARSON** Framkvæmdastjóri HSÍ býst við líflegu ársþingi á föstudag enda liggja 67 tillögur fyrir þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Leikmenn sem finna ekki fótfestu einhvers staðar geta með þessari breytingu skipt um félag á tímabilinu og þessi breyting mun einnig koma sér vel fyrir þá handboltamenn sem eru erlendis en snúa kannski heim um jólin. Þeir gætu byrjað að spila strax hér heima í janúar verði þetta samþykkt,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sem var á fullu að undirbúa ársþingið.

Ein athyglisverðasta tillagan kemur frá Þór á Akureyri en Þórsarar bera hag leikmanna greinilega fyrir brjósti því þeir vilja leyfa leikmönnum að skipta um félag standi félag þeirra ekki við A-samning í tvo mánuði. Með öðrum orðum þá gætu leikmenn skipt um félag fengju þeir ekki greidd umsamin laun í tvo mánuði en pottur ku víða vera brotinn í hreyfingunni í launamálunum og margir leikmenn oft beðið lengur en í tvo mánuði eftir launum. Þórsarar vilja með þessari tillögu koma í veg fyrir að félög kaupi sér sæti í efstu á „kredit“ því samkvæmt núverandi kerfi geta leikmenn ekki farið á tímabilinu þótt þeir fái ekki greidd laun. Verður áhugavert að sjá hvort þessi tillaga gangi í gegn en kunnugir segja það ekki líklegt.

HSÍ hefur síðan lagt fram tillögu þess efnis að hægt sé að ræða við samningsbunda leikmenn 1. mars sama ár og samningur viðkomandi leikmanns rennur út. Vantað hefur skýrar reglur í þessum málum og hafa margir óskað eftir þeim.

Það er áhugavert að sjá að í tillögu HSÍ um fyrirkomulag deildakeppninnar stendur ekki skýrum stöfum að spiluð verði átta liða úrvalsdeild eins og stefnt er að. „Þetta eru nauðsynlegir varnaglar því við getum ekki gengið að því sem vísu að öll lið mæti til leiks á næsta ári,“ sagði Einar. „Það er öruggara að hafa vaðið fyrir neðan sig en við stefnum samt að átta liða úrvalsdeild.“

Ein af tillögum Þórsara er að færa átta liða úrslit bikarkeppninnar aftur fyrir Íslandsmótið. Spila þá heima og heiman og reyna að búa til úrslitakeppnisstemningu. Deildarbikarinn, sem á að vera eftir mót í ár, yrði þá færður fram í byrjun árs.

Þór er líka með þá þörfu tillögu að öll lið séu skikkuð til þess að taka upp heimaleiki sína sem þau síðan þurfa að senda til HSÍ. Það yrði síðan á ábyrgð eftirlitsdómara að ganga úr skugga um að kvikmyndavél sé til staðar í upphafi leiks.

Þótt fjöldi tillagna liggi fyrir þinginu er ekki þar með sagt að öll félög séu að reyna að hafa áhrif á störf hreyfingarinnar því langflestar tillögurnar koma frá HSÍ og aðeins Þór, HK og ÍR sáu ástæðu til þess að senda inn tillögur.

**AÐRAR ÁHUGAVERÐAR TILLÖGUR:**

- Gildistími samninga leikmanna verði til sýnis á hsi.is.
- Hægt verði að taka dómarapróf á netinu.
- Annar flokkur lagður niður, þriðji flokkur lengdur um eitt ár og kallaður unglingaflokkur.
- Öll lið verði að hafa dómarafulltrúa innan sinna raða sem haldi utan um dómaramálin í félaginu.



ÍÞRÓTTALJÓS
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
henry@frettabladid.is

Haukar og ÍS mætast í oddaleik um sæti í úrslitum Íslandsmóts kvenna:

## Tekst ÍS að slá út deildarmeistarana?

**KÖRFUBOLTI** Haukar taka á móti ÍS í kvöld í oddaleik liðanna í undanúrslitarimmu Iceland Express-deildar kvenna. Haukar unnu fyrsta leikinn á heimavelli, 76-66 en ÍS jafnaði metin um helgina þegar þær unnu 83-71. Ívar Ásgrímsson þjálfari ÍS segir að nýtt mót sé í gangi og ekki skuli vanmeta ÍS liðið þar sem leikur þess hefur gjörbreyst frá því í upphafi Íslandsmótsins.

„Við byrjuðum mjög seint að æfa og vorum ekki í nægilega góðu formi til að byrja með. Við fengum útlendinginn okkar ekki fyrr en undir lok janúar og við vorum því alveg bakvarðarlaus fram að því. Það er því ekkert hægt að miða tímabilið við það sem er að gerast í dag þar sem við vorum einfaldlega ekki tilbúin. Ég er sannfærður um að við værum ofar í töflunni ef við hefðum verið með frá upphafi mótsins enda erum við í allt öðrum gír í dag,“ sagði Ívar við Fréttablaðið í gær.



**MARIA CONLON** Útlendingurinn í liði ÍS sem hefur styrkt liðið til muna. Hér skorar hún í fyrsta leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég býst við áframhaldi á þeirru baráttu sem einkennt hefur leikina, sérstaklega um fráköstin. Lið eins og Haukar og Keflavík eru fljót að refsa og því er lykilatriði að vera með sem fæsta tapaða bolta. Haukarnir tóku 22 sóknarfráköst í fyrsta leiknum sem þær unnu en við löguðum það í næsta leik og sigruðum. Baráttan og hugarfarið verða einkennandi og það lið sem hefur betur þar mun taka einvígið,“ sagði Ívar.

Megan Mahoney og Helena Sverrisdóttir hafa verið lykilmenn Hauka í vetur og Ívar veit að það þarf að stöðva þær í að eiga sinn besta leik í kvöld. „Megan er lykilleikmaðurinn hjá þeim. Eftir að hún kom breyttist leikur þeirra og hann hætti að fara í gegnum Helenu jafn mikið og hann gerði í byrjun tímabilsins þar sem hún var allt í öllu. Við erum búin að spila það oft á móti Haukum að liðin eru farin að þekkjast vel,“ sagði Ívar að lokum. - hþh




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN

# Vieira féll í skuggann af spænskum arftaka sínum

**Allra augu áhorfenda á Highbury í gær voru á Patrick Vieira en það var spænska ungstirnið, Cesc Fabregas, sem stal senunni í leik Arsenal og Juventus.**

**FÓTBOLTI** Það ríkti mikil eftirvænting fyrir leik Arsenal og Juventus á Highbury í gær enda var Frakkinn Patrick Vieira að snúa aftur á völlinn þar sem hann átti frábær níu ár en Vieira skráði nafn sitt rækilega í sögubækur Arsenal á tíma sínum með félaginu og var mikils virtur enda mikill leiðtogi og fyrrum fyrirliði liðsins.

Gömlu félagar hans báru enga virðingu fyrir honum og þá síst hinn ungi Spánverji Cesc Fabregas sem hefur mátt bera uppi miðjuspil Arsenal lengstum frá því Vieira yfirgaf félagið. Vieira gat lítið í leiknum og fékk gult spjald þannig að hann verður í banni í síðari leiknum.

Fabregas var gríðarlega grimmur í fyrri hálfleiknum og sjá mátti að honum var mikið í mun að sanna að hann væri síst síðri miðjumaður en Vieira. Hann tók vel á Frakkanum og tæklaði þegar tækifæri gafst. Gerði sér síðan lítið fyrir og kom Arsenal yfir með laglegu marki fimm mínútum fyrir leikhlé. Marki þessu fagnaði hann hreint ógurlega eins og gefur að skilja.



**FÓR Á KOSTUM** Spænska ungstirnið Cesc Fabregas fór á kostum gegn Juve og skoraði eitt mark og lagði upp annað. Hann fagnar hér marki sínu í leiknum með félögum sínum í Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**GÓÐIR FÉLAGAR** Það fór vel á með vinunum Patrick Vieira og Thierry Henry fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Leikur Juventus var mjög varfærnislegur og liðið var ekki að hætta sér of langt fram á völlinn. Þá sjaldan þeir það gerðu svaraði Arsenal ávallt með baneitruðum skyndisóknum þar sem hinn magnaði Thierry Henry var í aðalhlutverki. Oft á tíðum skall hurð nærri hælum og leikmenn Juve máttu prísa sig sæla með að vera aðeins marki undir.

Sóknarlotur Arsenal þyngdust stöðugt rúmum 20 mínútum fyrir leikslok brast stíflan þegar Henry skoraði eftir stoðsendingu frá Fabregas.

Arsenal hélt ágætlega sjó út leikinn á meðan leikmenn Juve pirruðust verulega og Mauro Camoranesi og Jonathan Zebina fengu báðir að fjúka af velli rétt fyrir leikslok með tvö gul spjöld á bakinu og seinni spjöldin hjá þeim báðum voru mjög heimskuleg.

Í hinum leik gærkvöldsins gerðu Benfica og Barcelona markalaust jafntefli.

henry@frettabladid.is



**STEVE COPPELL** Gert frábæra hluti með Reading. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Steve Coppell:

## Íhugaði að hætta

**FÓTBOLTI** Steve Coppell, knattspyrnustjóri Reading, greindi frá því í gær að hann hefði öllum líkindum hætt sem stjóri félagsins hefði það ekki tryggt sér sæti í úrvalsdeild.

„Það hefði líklega orðið stemningin hjá mér og félaginu en sem betur fer hafa hlutirnir gengið upp,“ sagði Coppell sem er engu að síður samningslaus í sumar. „Við erum ekkert búnir að ræða málin en ég efast ekki um að við komumst að samkomulagi þar sem báðir aðilar vilja halda samstarfinu áfram.“

Reading tryggði sér sæti í úrvalsdeild í fyrsta sinn í sögunni á dögunum og það þótt enn séu sex leikir eftir af tímabilinu. Með liðinu leika íslensku landsliðsmennirnir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson en báðir áttu þeir stóran þátt í að koma Reading upp úr 1. deildinni í vetur.



**JOSE MOURINHO** Ekki á leið til Real Madrid frá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Real Madrid:

## Sjö manna óskalisti

**FÓTBOLTI** Real Madrid hefur gert sjö manna óskalista yfir þá þjálfara sem félagið vill að taki að sér þjálfun liðsins frá og með næsta tímabili. Mennirnir á listanum eru Arsene Wenger hjá Arsenal, Jose Mourinho hjá Chelsea, Rafael Benitez hjá Liverpool, Sven-Göran Eriksson landsliðsþjálfari Englands, Marcelo Lippi landsliðsþjálfari Ítalíu, Carlo Ancelotti hjá AC Milan og Fabio Capello þjálfari Juventus.

„Arsene Wenger hefur áður greint fullkomlega frá stöðu sinni. Hann er ánægður hjá Arsenal og er ekkert að hugsa um að yfirgefa félagið,“ sagði talsmaður Arsenal í gær en áður hefur Rafael Benítez stjóri Liverpool ítrekað löngun sína um að vera áfram hjá Evrópumeisturunum.

„Chelsea og Mourinho eru að vinna saman að spennandi langtímaverkefni,“ sagði talsmaður Chelsea og útilokaði þar með að portúgalski stjórinn færi til Madríd. Þá hefur Fabio Capello einnig neitað að hann vilji taka við liðinu, eins og staðan væri í dag en útilokaði það ekki í framtíðinni.

Fjölmiðlar greina frá því að Carlo Ancelotti sé líklegastur og ganga sumir svo langt að segja að hann sé þegar kominn langt í samningaviðræðum við Real Madrid.





PÚLLARAR

Þið eruð enn meistarar!

Njótið þess á meðan það varir og spilið á Lengjunni

**MEISTARADEILDIN** er á Lengjunni. Fylltu út seðil á lengjan.is eða á næsta sölustað og hleyptu enn meiri spennu í leikina.



MEISTARADEILDIN 28.-29. MARS

| | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|
| 28.03 | Arsenal - Juventus | 2,20 | 2,60 | 2,45 |
| 28.03 | Benfica - Barcelona | 3,00 | 2,80 | 1,80 |
| 29.03 | Inter - Villareal | 1,40 | 3,20 | 4,50 |
| 29.03 | Lyon - AC Milan | 2,15 | 2,60 | 2,50 |

Þetta er bara eitt dæmi um hvernig þú gætir margfaldað peningana þína á Lengjunni.

Upphæð 1.000 kr.

Stuðull 42.38

Vinningur 42.380 kr.

Lengjan

WWW.LENGJAN.IS

LOKSINS Á ÍSLENSKU



RISA-POTTAR ALLA DAGA

betsson.com



SCOTT Í ÁTÖKUM Bandaríkjamaðurinn Melvin Scott reynir hér að skjóta yfir hávaxna varnarmenn Njarðvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR-ingar jöfnuðu metin í rimmunni gegn Njarðvík með öruggum sigri, 77-61:

# Nú hafði KR mikla yfirburði

**KÖRFUBOLTI** Fyrsti leikhluti var jafn og spennandi þar sem hart var barist á báðum endum vallarins. Hvert frákast skipti máli og baráttan var eftir því. Varnir liðanna voru sterkar en barningurinn var mestur á milli miðvarðanna Friðriks Stefánssonar og Fannars Ólafssonar hjá KR en báðir skoruðu þeir sex stig og voru drjúgir í fráköstunum.

Um miðbik annars leikhluta tóku heimamenn góða forystu sem hélst út hálfleikinn. Þar munaði mestu um góða innkomu Skarphéðins Ingasonar sem skoraði átta stig í leikhlutanum en fyrir Njarðvík var það Jeb Ivey sem bar hita og þunga leiksins. Ivey skoraði fimmtán stig í fyrri hálfleik og hélt sínum mönnum á floti á tímum en KR leiddi í hálfleik með ellefu stiga mun, 43-32.

Njarðvíkingum tókst ekki að færa sér í nyt mistök KR-inga í þriðja leikhluta þegar þeir misstu boltann nokkrum sinnum í röð á klaufalegan hátt. Njarðvíkingum gekk ekkert í sókninni og skoruðu aðeins tólf stig í leikhlutanum en KR-ingar bættu við forystuna og höfðu 64-44 yfir fyrir síðasta leikhlutann og aðeins formsatriði að klára leikinn.

KR spilaði mjög vel í leiknum og voru umskiptin frá fyrri leiknum gríðarleg en þá leit liðið út eins og lið skólastráka gegn Njarðvíkingum sem unnu öruggan sigur. Dæmið snerist við í leiknum í gær og KR stóð uppi sem öruggur sigurvegari, 77-61.

„Þegar við spilum sem liðsheild þá erum við með frábært lið og getum unnið hvaða lið sem er, hvenær sem er. Þegar við gerum það ekki, eins og í fyrsta leiknum gegn Njarðík þá erum við hreinlega bara lélegir. Við skoðuðum okkar mál rækilega fyrir þennan leik og þjöppuðum okkur vel saman, nú er það okkar að halda áfram að spila sem liðsheild og þá klárum við þetta," sagði Steinar Kaldal fyrirliði KR, sigurreifur eftir leikinn

- hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KR-NJARÐVÍK | 77-61 |

**Stig KR:** Ljubodrag Bogovac 15, Melvin Scott 14, Níels Dungal 11, Fannar Ólafsson 8, Skarphéðinn Ingason 8, Brynjar Þór Björnsson 8, Steinar Kaldal 6, Darri Hilmarsson 4, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2, Eldur Ólafsson 1.

**Stig Njarðvíkur:** Jeb Ivey 24, Friðrik Stefánsson 10, Brenton Birmingham 7, Örvar Kristjánsson 6, Jóhann Ólafsson 5, Guðmundur Jónsson 3, Ragnar Ragnarsson 3, Egill Jónasson 2, Halldór Karlsson 1.

### *Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| ARSENAL-JUVENTUS | 2-0 |

1-0 Cesc Fabregas (40.), 2-0 Thierry Henry (69.)

| | |
|---|---|
| BENFICA-BARCELONA | 0-0 |

### *Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG-GROSSWALLST. | 32-30 (13-17) |

**Sigfús Sigurðsson** og **Arnór Atlason** skoruðu ekki fyrir Magdeburg í leiknum en **Einar Hólmgeirsson** var yfirburðamaður hjá Grosswallstadt og skoraði 11 mörk í öllum regnbogans litum. **Alexander Petersson** er byrjaður að spila á ný fyrir Grosswallstadt en hann skoraði tvö mörk í leiknum.



LUIS FIGO Getur ekki leikið með Inter í kvöld gegn Villarreal vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Meistaradeildin í kvöld:

# Hvað gerir Lyon?

**FÓTBOLTI** Seinni tveir leikirnir í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fara fram í kvöld þegar ítalska félagið Internazionale tekur á móti spænska liðinu Villarreal og franska félagið Lyon tekur á móti ítalska risanum AC Milan.

Lyon er undir stjórn fyrrum stjóra Liverpool. Gerard Houllier, og hefur slegið í gegn í keppninni. Þeir munu án vafa gera harða hríð að marki Milan enda vantar Stam, Cafu og Maldini í vörnina og gamla brýnið Costacurta mun því líklega verða í byrjunarliðinu. Hann verður 40 ára í næsta mánuði.

Nágrannar AC í Inter verða án Luis Figo í kvöld sem er áfall enda Figo verið að leika vel og lagt upp fjölda marka en Inter hefur ekki gengið sem skyldi að skora í vetur og sérstaklega hefur Brasilíumaðurinn Adriano verið kaldur.



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Don't be alarmed, ladies and gentlemen. Those chains are made of chrome steel.“**

**Svar:** Carl Denham í King Kong frá 1933.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ELUR SJÓNVARPIÐ Á ÓTTA?

# *Fuglaflensa og hryðjuverk*

Sjónvarpið er ein mesta bylting í sögu afreyingariðnarins í nútímaþjóðfélagi og það er rétt hægt að ímynda sér hvernig seinni heimstyrjöldinni hefðu verið gerð skil ef imbakassinn hefði verið á þeim stalli sem hann nú er. Sprengjuárásin á Dresden í beinni, Hitler hjá 60 Minutes og Winston Churchill sæti hjá einhverjum spjallþáttastjórnandanum og sannfærði bandamenn um sigurstöðuna. Stríðið hefði hreinlega aldrei þurft að brjótast út, sjónvarpið væri löngu búið að sannfæra nasista um að þeir hefðu tapað stríðinu fyrirfram. Heilinn segir okkur nefnilega að skrifað mál getur verið lygi en myndir ekki.

Á síðastliðnum árum hefur hlutverk sjónvarpsins þó verið að hræða okkur og þessi magnaða tækni hefur nýst æsingamönnum til að hrista upp í heimsbyggðinni. George W. Bush nýtir sér þessa tækni engu síður en versti óvinur hans Osama Bin Laden. Báðir tala um að ráðast á óvini sína af miklu miskunnarleysi og segjast ekki unna sér hvíldar fyrr en þeir verði komnir bak við lás og slá. Óþarft er að tala um þann ótta sem býr í brjóstum ungra íbúa Mið-Austurlanda þegar forseti valdamesta ríkis heims talar um landið þeirra sem næsta skotmark Kanans.



**MICHAEL MOORE** Taldi skotgleði samlanda sinna stafa af stöðugum ótta vegna sjónvarpsfrétta um morð og innbrot.

Fuglaflensan er annað ágætt dæmi um hvernig sjónvarpinu hefur tekist að búa til ótta. Daglega eru fréttir af einhverjum fuglum sem deyja en mannskepnan hefur enn ekki smitast. Taugaveiklunin er þó orðin það mikil að margir treysta sér ekki til að borða fuglakjöt af ótta við H5N1.

Michael Moore komst ágætlega að orði þegar hann útskýrði af hverju Bandaríkjamenn skytu hvorn annan í jafn miklum mæli og raun ber vitni. Hið eina sem væri í bandarískum fréttum væru morð og innbrot. Enginn er óhultur nema hann eigi byssu og herkænskumottóið „ef þú skýtur ekki óvininn, þá skýtur hann þig“, er í hávegum haft.



▶ 20.30 *Keppni*

PROJECT RUNWAY



▶ 21.35 *Spenna*

MEDIUM



▶ 22.00 *Spenna*

INVASION



▶ 22.00 *Spenna*

LAW & ORDER: SVU



▶ 18.30 *Keppni*

LYON – AC MILAN

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Steini (40:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (26:42)

**18.31 Líló og Stitch (62:65)** (Lilo & Stitch)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Tískuþrautir (5:12)** (Project Runway)Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.15 Svona er lífið (5:13)** (Life As We Know It)Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn í Ástralíu um helgina.

**23.00** Nornir – Galdrar og goðsagnir (2:3) **23.45** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** The Apprentice – Martha Stewart **15.05** Amazing Race **16.00** BeyBlade **16.25** Sabrina – Unglingsnornin **16.50** **17.15** Pingu **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (9:17)**
**20.50 Oprah (46:145)**
▶ **21.35 Medium (2:22)** (Miðillinn)(Song Remains The Same) Vinsælt lag hljómar stöðugt, aftur og aftur og mjög hátt í höfði Alison þannig að hún heyrir ekki nokkuð annað. En smám saman áttar hún sig á því að í laginu felast vísbendingar um hvar stúdent sem hvarf sporlaust er niðurkominn.
**22.20 Strong Medicine (2:22)** (Samkvæmt læknisráði 5)(Touched By An Idol) Fræg rokkstjarna leggst á spítalann vegna ofþreytu.

**23.05** Grey's Anatomy **23.50** Stelpurnar **0.15** Derek Acorah's Ghost Towns **1.00** Cold Case **1.45** Double Bill **3.10** Butch Cassidy and the Sundance Kid **4.55** The Simpsons 15 **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The War at Home (e)**
**20.00 Friends (1:24)**
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 My Name is Earl** (O Karma, Where Art Thour?) Earl ákveður að skila veski sem hann stal og kemst þá að því að stuldurinn hafi ollið hjónaskilnaði.
▶ **21.30 The War at Home** (Gimme A Break)
**22.00 Invasion (12:22)** (Power) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar.

**23.15** Reunion (11:13) (e) **0.00** Friends (1:24) (e) **0.25** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 11. þáttaröð .**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)**
**20.00 Homes with Style – NÝTT!** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt utan sem innan.
**20.30 Fyrstu skrefin** Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er.
**21.00 Queer Eye for the Straight Guy**
▶ **22.00 Law & Order: SVU** Denise Eldrige kemur að fimmtán ára dóttur sinni í rúminu með 21 árs gömlum strák, Justin, hún hringir beint á lögregluna og lætur kæra strákinn fyrir nauðgun.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð.**

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Cheers – 11. þáttaröð (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**17.15** Skólahreysti 2006 **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Lyon – AC Milan) Bein útsending frá leik Lyon og AC Milan í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**20.55 Meistaradeild Evrópu** (Inter – Villarreal)Útsending frá síðari leik kvöldsins í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra fyrr í kvöld. Meistaradeildin er ein svakalegasta fótboltakeppni heims og nú eru aðeins átta bestu liðin í Evrópu þetta árið eftir í keppninni. Tveir leikir fóru fram í gær og tveir í dag.

**22.45 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**23.05** US PGA Tour 2005 – Highlights

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Primary Colors **8.20** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **10.00** Catch Me If You Can **12.20** The Man With One Red Shoe **14.00** Primary Colors **16.20** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **18.00** Catch Me If You Can **20.20** **The Man With One Red Shoe** Bandaríska leyniþjónustan þarf að ryðja óæskilegum einstaklingi úr vegi en fer mannavillt. **22.00 Dickie Roberts: Former Child Star** Bönnuð börnum. **0.00** The 51st State (Str. b. börnum) **2.00** Dagon (Str. b. börnum) **4.00** Dickie Roberts: Former Child Star (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Divas Gone Bad **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** Hollywood Baby Boom 2 **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad **22.30** Divas Gone Bad **23.00** Party @ the Palms **23.30** The Soup **0.00** E! News **0.30** Divas Gone Bad **1.00** Hollywood Baby Boom 2 **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Portsmouth – Arsenal frá 25.03 **16.00** Tottenham – WBA frá 27.03 **18.00** Að leikslokum (e)

**18.50 Man. Utd. – West Ham (b)**
**21.00 Liverpool – Everton frá 25.03** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**23.00** Charlton – Newcastle frá 26.03 **1.00** Dagskrárlok




Fyrstu skrefin

mið kl. 20.30

Í fyrsta skipti á Íslandi: Nýr þáttur um allt sem viðkemur foreldrahlutverkinu á fyrstu æviskeiðum barnsins í umsjón Guðrúnar Gunnarsdóttur.

*Í kvöld!*

ENNEMM / SÍA / NM21106

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Veggfóður **Stöð 2** kl. 20.05

### *Óhefðbundin íbúð í París*

Í kvöld líta Vala Matt og félagar inn til arkitektsins Björns Ólafs í París og skoða óhefðbundna íbúð hans. Björn eldar síðan dýrindis lambakjötsrétt fyrir áhorfendur og að sjálfsögðu verða skoðaðir nokkrir af vinsælustu stöðum Parísar. Sigríður Klingenberg spámiðill sýnir okkur einnig ævintýralega íbúð sína. Þetta og margt fleira í þættinum í kvöld.



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 5 | |
| | | 7 | | | 9 | | | 4 |
| | | 4 | | 6 | | 3 | | |
| | 4 | | | | | 2 | | 1 |
| | | | | | | | | |
| 1 | | 5 | | | | | 9 | |
| | | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | 5 | | | 4 | | |
| | 6 | | | 1 | | | 8 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 4 | 3 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 1 | 6 |
| 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |



▶ **20.45**

*Fréttir*

DÆMALAUS VERÖLD

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
▶ **20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Frontline 2006** (The Insurgency)

**23.25** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.25** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær ljósmyndarinn Matthías Árni Ingimarsson fyrir að fá myndir eftir sig birtar í tímaritinu Rolling Stone.*

**ÞRÍR SPURÐIR** MEIRIHLUTI REYKVÍKINGA VILL SKÓLABÚNINGA Í GRUNNSKÓLUM

# *Hefðir þú viljað ganga í skólabúningi?*



**Þjóðfélagsbilið minnkað**

„Ekki persónulega en þetta er fínt til að minnka þjóðfélagsbilið.“

**Ásgrímur Már Friðriksson, tískulögga.**

**Verið að framleiða hjarðmenni**



„Nei, ég er eindregið andvígur skólabúningum. Ég var sjálfur lagður í einelti í skóla og þeir sem vilja leggja í einelti finna bara eitthvað annað til að leggja í einelti út af þegar fötin eru farin. Það er verið að taka af börnum það að fá að tjá persónuleika sinn með klæðaburðinum. Það er verið að framleiða hjarðmenni sem er hægt að stýra betur og þess vegna vil ég ekki sjá skólabúninga.

**Davíð Þór Jónsson rithöfundur.**

**Bæði kostir og gallar**



„Ég veit það ekki, en ég sé bæði kosti og galla á þessu máli. Kostirnir eru að þá sitja allir við sama borð og sumir eru ekki alltaf í nýjum og fínum fötum á meðan aðrir eiga lítið. En svo er spurning hvort gallinn geti ekki verið sá að við séum fullmikið að steypa í sama mót og nemendur fá ekki að halda sínum sérkennum. Það getur verið dagamunur á því hvort um kost eða galla sé að ræða.“

**Nína Magnúsdóttir, kennari í Austurbæjarskóla.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:**
**2** utan **6** einnig **8** ríki dauðra **9** flan **11** á fæti **12** orðstír **14** rusl **16** ætíð **17** skordýr **18** utan **20** stöðug hreyfing **21** einn milljarðasti.

**LÓÐRÉTT:**
**1** grasþökur **3** skammstöfun **4** sár **5** einkar **7** gluggatjald **10** haf **13** útdeildi **15** viljug tík **16** taug **19** ónefndur.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** nema, **6** og, **8** hel, **9** ras, **11** il, **12** frægð, **14** drasl, **16** sí, **17** fló, **18** inn, **20** ið, **21** nanó. **LÓÐRÉTT:** 1 torf, **3** eh, **4** meiðsli, **5** all, **7** gardína, **10** sær, **13** gaf, **15** lóða, **16** sin, **19** nn.



SÆNSKU NÖRDARNIR Knattspyrnuliðin hafa heillað alla upp úr skónum og hér má sjá sænsku útgáfuna en leitin að hinum fimmtán íslensku nördum hefst í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ / ZTV

FC NÖRD: NÝR RAUNVERULEIKAÞÁTTUR HJÁ SÝN

# Logi þjálfar nördalið

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur aðallega einbeitt sér að beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum um allan heim en í ágúst verður brotið blað í sögu sjónvarpsstöðvarinnar þegar nýr raunveruleikaþáttur hefur göngu sína. Þar gefst fimmtán íslenskum „nördum“ tækifæri til að bæta við sig kunnáttu í knattspyrnu en þættirnir byggja á hugmynd frá framleiðslufyrirtækinu Freemantle sem á heiðurinn að Idol-keppninni og hefst leitin í apríl. Það er Saga-Film sem framleiðir og mun liðið að sjálfsögðu bera nafnið FC NÖRD.

Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, var að vonum ánægður þegar allir samningar voru í höfn enda er þetta eitt stærsta verkefni sem stöðin hefur lagt út í. „Við ætlum að finna fimmtán einstaklinga sem aldrei hafa sparkað í tuðru né horft á knattspyrnuleik og kenna þeim sitthvað í þessum fræðum,“ segir Hilmar en þeir verða sendir í stífar æfingar, klössun og látnir fikra sig áfram í knattþrautum undir leiðsögn alvöru knattspyrnuþjálfara. „Við ætlum að vanda valið vel enda verða þessir einstaklingar algjörar stjörnur og allar ábendingar eru vel þegnar,“ segir Hilmar en bæði kynin eiga möguleika á að komast í liðið. Nafn Loga Ólafssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara, hefur oftast heyrst nefnt en sögusagnir um að hann væri að taka við knattspyrnuliði hafa verið á kreiki lengi. Nördarnir fá tækifæri til að spila við unglingalið og stelpulið til að sjá hvar þeir standa. „Það verður betur gert við þá en KR. Þeir fá sína eigin búninga, takkaskó og svona mætti lengi telja,“ útskýrir sjónvarpsstjórinn og hlær en reiknað er með að liðið spili við sjálfa Íslandsmeistarana á Laugardalsvellinum í haust.



HILMAR BJÖRNSSON Var að vonum spenntur fyrir nýrri raunveruleikaþáttaröð sem sjónvarpsstöðin Sýn byrjar með í júní.

Svipaðir þættir hafa slegið í gegn á hinum Norðurlöndunum hjá öllum aldurshópum og nördaliðin hafa unnið hug og hjörtu áhorfenda. Hilmar nefnir sem dæmi að allt hafi orðið brjálað þegar danska liðið FC Zulu mætti Danmerkurmeisturunum FC København á Parken. „Þeir töpuðu reyndar 9-1 en allt ætlaði um koll að keyra þegar nördarnir skoruðu markið sitt,“ segir Hilmar og bætir við að meira áhorf hafi verið á landsleik milli nördaliðanna frá Danmörku og Noregi en á leik alvöru landsliðs Noregs.

Sýn verður með beinar útsendingar frá öllum leikjum í heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi og þá gefst áskrifendum stöðvarinnar tækifæri til að kynnast erlendu fyrirmyndunum. „Við sýnum nokkra þætti þannig að fólk geti gert sér í hugarlund hvers kyns þetta er,“ segir Hilmar sem hefur fulla trú á vinsældum nördaliðsins á Íslandi.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru minni líkur en meiri á að Skjár einn endurtaki Bachelor-ævintýrið. Áhorfið var minna en aðstandendur sjónvarpsstöðvarinnar höfðu vonast til og því verður ekkert framhald á leitinni að ástinni. Mörgum brá í brún þegar Skjár einn tilkynnti að þessum raunveruleikaþætti yrði ýtt úr vör og Akureyringurinn Steingrímur Randver Eyjólfsson var kynntur til sögunnar sem næsti Piparsveinn Íslands. Þar kom að hann og „ólátabelgurinn“ Jenný náðu ansi vel saman, hjörtu þeirra slógu í takt og eftir að þættirnir luku göngu sinni birtust skötuhjúin meðal annars á forsíðum blaðanna með stjörnur í augunum. Adam var hins vegar ekki lengi í Paradís því sambandið sprakk eftir nokkra mánuði. Ekki er ljóst hvað Skjár einn tekur sér næst fyrir hendur en sjónvarpsstöðin hefur verið óhrædd við að leita á ný mið.



Hin umtalaða bók Andra Snæs Magnasonar, Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, selst eins og heitar lummur og nú er svo komið aðeins viku eftir útgáfu að fyrsta upplagið er á þrotum. Önnur prentun er þegar hafin og væntanleg í búðir fyrir helgi, en bóksalar muna ógjörla eftir að önnur bók hafi selst svo ört. Augljóst er að Andri hefur snert streng í hjarta margra lesenda sem keppast við að ausa bókina lofi, til að mynda skrifar menningarpáfinn Silja Aðalsteinsdóttir á vef Tímarits Máls og menningar að þetta sé bók sem allir verða að lesa. „[S]telið henni ef þið eigið ekki fyrir henni,“ segir Silja sem þekkt er fyrir að taka varlega til orða. Þá heldur Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, ekki vatni yfir bókinni og segir á heimasíðu sinni að hún sé „einn samfelldur löðrungur á lesandann og í þeim skilningi frábær hugvekja í bestu merkingu þess orðs“.




allt matur
Alla föstudaga

# Leitað að kvenhetju

Áheyrnarprufur fyrir kvikmyndina Astrópía fara fram í leikjaversluninni Nexus næstkomandi sunnudag milli tíu og fimm. Kvikmyndin segir frá ungri stúlku sem neyðist til að standa á eigin fótum eftir að kærastinn hennar, glaumgosi og bílasali, er settur á bak við lás og slá. Hún fær vinnu í leikjabúð þar sem undarlegir hlutir eiga sér stað.

Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir myndinni en Ottó Geir Borg og Ævar Grímsson skrifa handritið. Þetta er fyrsta leikna mynd Gunnars í fullri lengd en hann gerði „mockumentary“ myndina Konunglegt bros sem vakti athygli á sínum tíma og auk þess hefur hann gert fjölda stuttmynda. Hann var því að vonum spenntur fyrir prufunum. „Leikkonan þarf að vera fyrst og fremst góð leikkona en hún verður líka að vera flott, sjarmerandi og talsvert vel á sig komin líkamlega fyrir bardagasenurnar,“ svarar Gunnar þegar hann er spurður hvaða kosti aðalleikonan þarf að hafa. „Þetta er draumahlutverk fyrir ungar konur, sannkallað hetjuhlutverk,“ bætir hann við.

Búið er að ráða nokkra þekkta íslenska leikara í lítil hlutverk en leikstjórinn vildi ekki gefa upp nöfn þeirra. Um þrjátíu textahlutverk eru í boði og því ljóst að margir gætu látið drauminn um kvikmyndaleik rætast. Tökur fara fram í júlí og er ráðgert að þær standi yfir í sex vikur en áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er rúmar hundrað milljónir íslenskra króna.

**- fgg**



GUNNAR BJÖRN Leikstýrir sinni fyrstu mynd í fullri lengd og stendur fyrir leikaraprufum í leikjaversluninni Nexus næstkomandi sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

TÚNFISKUR
SKÖTUSELUR
ÞORSKHNAKKAR
HÖRPUSKEL
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

event

# James Sewell Ballet

AUSTURBÆ 5. MAÍ

**MIÐASALA HAFIN!**



„Balletthópurinn heillaði troðfullan salinn. Flutningurinn  sannar að þetta eru listamenn sem fórna lífi sínu fyrir listina. Óviðjafnanlegt!“

**- The Winona Post, Winona**

„Gefandi og dásamleg danssýning. Dansar Sewells eru stór-skemmtilegir bæði fyrir ballett-áhugamenn og almenna áhorfendur sem hlæja og gráta til skiptis.“

**- Sanibel-Captiva Shopper´s Guide**

„Þetta eru engir venjulegir listamenn. Hver einasti meðlimur er framúrskarandi dansari sem sýnir öryggi í flutningi og einstakan skilning á magnaðri sýn.“

**- Backstage**

**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis.**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:** Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**
**GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR**

## *Ég elska þig ekki lengur*

Fyrir tæpum 100 árum sagði kærastinn mér upp. Þetta var alveg voðalegt, þarna stóð hann fyrir framan mig þessi prúði piltur kafrjóður af innri átökum og stundi upp: „Þú verður að fyrirgefa mér Gunna mín, en ég er hættur með þér, ég bara elska þig ekki lengur.“ Það fyrsta sem mér datt í hug var að fleygja mér um hálsinn á honum með gráti og sárum ekka og ekki sleppa takinu á meðan hann fikraði sig afturábak niður stigann, láta honum vera erfitt um gang niður Bankastræti með konu hangandi um hálsinn á sér öskrandi grátklökkum rómi svo ljósastaurar nötruðu: „Þú mátt ekki yfirgefa mig Baddi.“

**EN** ég gerði þetta ekki – ég stóðst freistinguna. Líklega hefur það verið stolt sem aftraði mér frá að gera þessa óhæfu, stolt sem er inngróið í okkur Íslendinga, líklega arfur frá formæðrum okkar úr Íslendingasögunum. Sem sögðu alltaf eitthvað gott á örlaga stundum. Eins og „eigi skal gráta Badda bónda, heldur safna sénsum“. Eitthvað svona gott og fallegt og virðulegt, eins og „mundu það maður að kona hefur böggað þig“. Ég man ekki alveg hvað ég sagði, en það var eitthvað í anda Íslendingasagna og Baddi vinurinn fékk að ganga laus við hlekki niður Bankastrætið með blóðuga slóð hjarta míns á eftir sér.

**SÍÐAN** eru meira en fimmtíu ár liðin, samt rifjast þetta allt upp, þegar ég les í blöðunum að Kaninn sé búin að segja okkur upp. Hann ætlar ekki lengur að verja litla landið okkar með þotum og fíneríi, honum er sama um okkur, þeir elska okkur ekki lengur. Og ég skil svo vel sársaukafull ummæli forsætisráðherra okkar í Fréttablaðinu þar sem hann segir að það sem sér hafi sárnað mest var að ráðamenn Bush-samsteypunnar sögðu okkur upp í gegnum síma!

**NEI,** við skulum endilega halda í þjóðararfinn, stoltið og virðuleikann, hverjir sem segja okkur upp og hvernig sem þeir fara að því. Ég tek alltaf svo nærri mér, þegar ráðamenn þjóðarinnar sýna undirlægjuhátt og sveitalegan búragang. Verum kúl, skellum á Kanann og munum hið fornkveðna: Eigi skal lengur í síma væla heldur panta flug til Frakklands – eða þannig.


**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31814 03/2006




Við vitum að sá sem vill ná fullkomnun getur aldrei látið staðar numið. En hann þokast nær markinu en hinir sem sættast á málamiðlun. Staðfastur ásetningur Lexus - að ná lengra en aðrir - hefur skilað viðskiptavinum okkar og kröfuhörðum bíleigendum frábærum árangri.

Ef þú hefur hug á að kynnast því hvað felst í leitinni að fullkomnun skaltu heimasækja okkur á nýju, glæsilegu vefsetri Lexus, www.lexus.is. Þar bíður þín ríkulega myndskreyttur sjóður af upplýsingum, fróðleik og fréttum af öllum gerðum af Lexus, eðalvögnum sem eiga fáa sína líka.

**Smelltu þér á fullkomnun - smelltu á www.lexus.is**

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection